SIGURÐUR FROSTI BALDVINSSON

Eldar frekar einfaldan mat heima hjá sér

• matur • helgin

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

ÞORSTEINN JOÐ

Nýr menningarþáttur í bígerð

Káta maskína Þorsteins verður á dagskrá Sjónvarpsins í vetur

FÓLK 42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. ágúst 2008 — 220. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ný plata

Tónlistarmaðurinn Eberg er að leggja lokahönd á nýjustu plötu sína sem hann lýsir sem poppplötu.

FÓLK 32

Skiptinám í dansi

Íslenskir Lindy Hop-dansarar taka á móti erlendum dönsurum. Von er á um hundrað manns hingað til lands.

FÓLK 32

Berjadagar í tíunda sinn

Örn Magnússon, framkvæmdastjóri Berjadaga í Ólafsfirði, segir dagskrána glæsilega í ár eins og ávallt.

TÍMAMÓT 22

Dýrkeyptar sex mínútur

FH-ingar lágu 4-1 fyrir Aston Villa en ætla að vinna útileikinn 4-0.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRA Í dag verða suðvestan 8-13 m/s V- og NV-til annars hægari. Bjartviðri austanlands annars skýjaðra og hætt við smáskúrum vestan til. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

SAMSTARFIÐ INNSIGLAÐ Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins og Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins og verðandi borgarstjóri gengu frá samningi um meirihlutasamstarf á ellefta tímanum í gærkvöldi eftir tveggja klukkustunda fund í Ráðhúsinu. Meirihlutinn er sá fjórði á einu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Marsibil styður ekki nýja meirihlutann

Varaborgarfulltrúi Framsóknar styður ekki samstarf við Sjálfstæðisflokkinn og segir samstarf við Framsókn óráðið. Verður áfram varaborgarfulltrúi og hefði viljað starfa með Tjarnarkvartettinum. „Verð að standa við mína sannfæringu.“

REYKJAVÍK Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfulltrúi Framsóknarflokks, styður ekki meirihlutasamstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Hún gerði Óskari Bergssyni borgarfulltrúa grein fyrir þessu í gærdag, áður en hann gekk til viðræðna við sjálfstæðismenn.

Marsibil ætlar að starfa áfram sem varaborgarfulltrúi, en segir að í ljósi stöðu sinnar sé óráðið hvort það verði fyrir Framsóknarflokkinn eða ekki. Fram kom í fjölmiðlum í gær að Óskar Bergsson reiknaði með samstarfi við hana.

„Óskar hringdi í mig klukkan 12.30 í gær þegar ég var í líkamsrækt og ég gat ekki svarað símanum. Þegar ég var búin og heyrði í fréttum að þetta væri því sem næst frágengið milli hans og Sjálfstæðisflokks ákvað ég að halda mig til hlés. Seinna um daginn ræddi ég við Óskar og skýrði mína skoðun. Við skildum eftir langan fund þar sem reynt var að samræma hans sjónarmið og mína afstöðu. Það tókst ekki,“ segir hún. Marsibil kveðst hafa sagt Óskari að hann mætti hefja viðræður sín vegna og að hann mætti segja að henni væri kunnugt um þær, en ekki meira.

> Ég verð að standa við mína sannfæringu. Ég hef engan áhuga á að koma Framsókn eða Óskari illa, en ég hef ekki neina trú á þessu samstarfi
>
> **MARSIBIL SÆMUNDSDÓTTIR**
> VARABORGARFULLTRÚI FRAMSÓKNAR

„Ég verð að standa við mína sannfæringu. Ég hef engan áhuga á að koma Framsókn eða Óskari illa, en ég hef ekki neina trú á þessu samstarfi. Með stuðningi við það væri ég að samþykkja framgöngu sjálfstæðismanna á kjörtímabilinu og hvernig pólitík þeir hafa ástundað. Ég get bara ekki kvittað upp á það,“ segir hún.

Marsibil gremst að henni hafi ekki verið gefinn meiri tími til umhugsunar. Óskar hafi þó gert það sem hann taldi fyrir bestu.

„Og ég vona bara að samstarfið gangi vel og ég mun ekki reyna að grafa undan því með tækifærismennsku. En við vorum í ákveðnu samstarfi í Tjarnarkvartettnum og bundumst vissum böndum. Það var möguleiki á að halda því áfram og við hefðum átt að halda í þá samstöðu að mínu mati,“ segir hún.

Í gærkvöldi tilkynntu þau Hanna Birna Kristjánsdóttir og Óskar Bergsson um nýjan borgarmeirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, þann fjórða á kjörtímabilinu. Einkunnarorð hans eru „höldum áfram“. Oddvitarnir eiga eftir að ganga frá málefnasamningi, en hann verður kynntur næsta fimmtudag. Þau sögðust hafa náð saman um öll helstu grundvallaratriði. Hanna Birna verður borgarstjóri, og Óskar formaður borgarráðs.

Meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks lifði í 203 daga.

- kóþ / sjá síður 4,6 og 8

Sölumet í byggingageiranum:

Meiri steypa seld í sumar

VIÐSKIPTI „Júlímánuður sló öll sölumet hjá okkur,“ segir Steinn Logi Björnsson, framkvæmdastjóri Húsasmiðjunnar. Hann segir að þrátt fyrir samdrátt í íbúðabyggingum og krepputíð séu ýmsar aðrar framkvæmdir í gangi.

Nefnir hann sem dæmi framkvæmdir við Tónlistarhúsið, Hellisheiðarvirkjun og Helguvík.

Í sama streng tekur Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallá. Hann segir að júlímánuður hafi verið sá stærsti í sölu á steypu í Reykjavík.

- bþa / sjá síðu 16

Reading-hátíðin:

Ferðin sem aldrei var farin

TÓNLEIKAR Hópferð á vegum Loftbelgsins, samstarfsverkefnis Icelandair og Rásar 2, á Reading-tónlistarhátíðina eftir viku er í uppnámi.

ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON

Að sögn Ólafs Páls Gunnarssonar hjá Rás 2 var misskilningur milli manns, sem starfar á vegum Icelandair á Englandi við að útvega miða, eða dagspassa á hátíðina, og Icelandair með þeim afleiðingum að hópurinn hefur ekki þriggja daga passa með leyfi til að tjalda á svæðinu eins og um var talað. Þar með er forsenda fararinnar brostin hjá mörgum þeirra 24 sem ætluðu.

Ragnheiður Ásta Karlsdóttir er ein þeirra og lýsir þessu sem gríðarlegum vonbrigðum og er ósátt við vinnubrögð aðstandenda ferðarinnar sem aldrei var farin.

- jbg/sjá síðu 42

SUBWAY í fínu formi

Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

–18–
Subway staðir um allt land

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Þorleifur, fara sjálfstæðismenn ekki að verða flóttaleiðir?

„Jú, þá fer að skorta flóttaleiðir."

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks viku sér fimlega undan fjölmiðlamönnum á leið úr ráðhúsinu í gær, með því að skjótast út um bakdyr og niður brunastiga. Frægt varð þegar þeir léku svipaðan leik í Valhöll fyrr í ár.

Iðnaðaráðherra braut ekki jafnréttislög við skipan nýs orkumálastjóra:

Össur gerði ekkert rangt

JAFNRÉTTISMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra braut ekki gegn ákvæðum jafnréttislaga þegar hann skipaði Guðna A. Jóhannesson í embætti orkumálastjóra í upphafi árs. Þetta er niðurstaða kærunefndar jafnréttismála, sem sendi álit sitt á aðila málsins í fyrradag.

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri kærði ákvörðun Össurar til nefndarinnar, þar sem hún taldi að gengið hefði verið fram hjá sér við skipanina. Meira hefði verið gert úr reynslu og menntun Guðna en efni hefðu staðið til, en jafnframt of lítið gert úr hennar eigin reynslu og þekkingu.

BRAUT EKKI LÖG Össur sætti nokkurri gagnrýni eftir skipan Guðna í embættið. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Segir í niðurstöðu kærunefndarinnar að telja verði að sá sem skipar í stöðuna hafi „nokkurt svigrúm til að vega og meta á heildstæðan hátt hvaða kosti og þætti í fari umsækjenda áhersla skuli lögð á [...] enda sé við slíkt mat og val byggt á hlutlægum og málefnalegum forsendum."

Fallast megi á það með Ragnheiði að hún standi Guðna framar þegar kemur að menntun, en hann hafi hins vegar umtalsvert lengri starfsreynslu, meðal annars áratuga langa reynslu af störfum við erlenda háskóla.

Ekki verði því talið að ákvörðunin hafi verið ómálefnaleg þannig að kynferði Ragnheiðar teljist hafa skipt máli.

- sh

Hluthafafundur í gærmorgun:

Teymi afskráð úr Kauphöllinni

VIÐSKIPTI Afskráning Teymis hf. úr Kauphöll Íslands (OMX Nordic Exchange) var samþykkt mótatkvæðalaust á hluthafafundi félagsins í gærmorgun. Fulltrúar 81,21 prósents hlutafjár mættu á fundinn.

Auk þess að samþykkja afskráninguna var stjórn félagsins heimilað að kaupa allt að 22 prósent eigin hluta á 1,90 krónur á hlut og að greitt yrði fyrir hlutina með hlutum í Alfesca hf. Sömuleiðis var stjórn félagsins falið að kaupa hlut þeirra hluthafa sem vilja selja, en þeir fá fyrir 0,27 hluti í Alfesca á á móti hverjum hlut í Teymi. **- óká**

Fangelsi fyrir skjalamisnotkun:

Nígeríumaður þóttist frá Sviss

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt ríflega þrítugan karlmann í mánaðarlangt óskilorðsbundið fangelsi fyrir að framvísa vegabréfi annars manns við komuna til landsins.

Maðurinn, sem er nígerískur ríkisborgari, var handtekinn á Keflavíkurflugvelli 26. júlí síðastliðinn þegar hann framvísaði vegabréfi svissnesks manns við komuna.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust. Við ákvörðun refsingar var tekið tillit til játningarinnar og þess að maðurinn hefur ekki áður gerst brotlegur við lög hér á landi. - sh

Einkennilegt ljós á himni:

Teikn á lofti í Grafarvogi

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni í Reykjavík barst tilkynning um einkennilegt ljós á himni seint á miðvikudagskvöld. Íbúi í Grafarvogi tilkynnti um ljósið. Lögreglumenn fóru á vettvang en eftir töluverða eftirgrennslan yfirgáfu þeir svæðið einskis vísari.

Samkvæmt lögreglu er með öllu óljóst hvað var þar á ferðinni. Grunur leikur þó á að um blys hafi verið að ræða, en líkur á fljúgandi furðuhlut eru taldar hverfandi. Lögreglu hefur áður borist tilkynningar frá fólki sem er sannfært um að hafa séð slíka furðuhluti, en ekkert hefur tekist að sanna í þeim efnum. **- kg**

REYKJAVÍKURBORG

Starfsmenn langþreyttir

Starfsmenn Reykjavíkurborgar eru orðnir þreyttir á tíðum meirihlutaskiptum í borginni, segir Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags borgarinnar. Nógu erfitt sé að fá nýja yfirmenn á fjögurra ára fresti, hvað þá oft á kjörtímabili.

Þyngsti dómur fyrir barnaníð í seinni tíð

Maður á fertugsaldri var dæmdur í sex ára fangelsi fyrir gróft og ítrekað kynferðisofbeldi gegn stjúpdóttur sinni. Einn þyngsti dómur sem fallið hefur hérlendis fyrir slík brot. Maðurinn var misnotaður af fósturföður sínum sem barn.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær hálffertugan mann í sex ára fangelsi fyrir gróft og ítrekað kynferðisofbeldi gegn stjúpdóttur sinni. Þetta mun vera þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp fyrir barnaníð á Íslandi, og einn sá allra þyngsti fyrir brot gegn ákvæðum hegningarlaga um kynferðisbrot.

Brotin framdi maðurinn í janúar og febrúar. Þá var stúlkan ellefu ára. Brotin þykja sérstaklega gróf. Maðurinn er meðal annars dæmdur fyrir að hafa í fjölmörg skipti haft samræði við stúlkuna um leggöng og endaþarm, og í nokkur skipti fengið hana til að til að hafa við sig munnmök.

Maðurinn var handtekinn eftir að vinafólk móðurinnar fjarlægði stúlkuna af heimilinu þegar heimiliserjur stóðu yfir. Þegar lögregla kom á staðinn fengust þær upplýsingar að maðurinn hefði játað að hafa kysst stúlkuna ítrekað á munninn.

Maðurinn játaði sök og sagðist sjálfur hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu stjúpföður síns, sem haft hefði mikil áhrif á hann.

Stúlkan, sem er af erlendum uppruna, átti erfitt með að tjá sig við sálfræðing um málið, að því er segir í dómnum. Hún segist skammast sín fyrir ofbeldið sem hún var beitt. Sálfræðingurinn segir erfitt að segja til um batahorfur.

Maðurinn er jafnframt dæmdur til að greiða stúlkunni tvær og hálfa milljón króna í skaðabætur, sem munu vera hæstu bætur sem um getur í máli af þessum toga.

stigur@frettabladid.is

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Héraðsdómarinn Símon Sigvaldason segir í dómi sínum að brot mannsins hafi verið einstaklega gróf. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

EINN ALLRA ÞYNGSTI DÓMURINN

Dómurinn yfir manninum er einn sá alþyngsti sem nokkru sinni hefur verið kveðinn upp hérlendis fyrir kynferðisbrot. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er tíu ára fangelsisdómur yfir Guðmundi Þórðarsyni frá árinu 1961 sá eini sem er þyngri. Guðmundur var dæmdur fyrir nauðgun og skírlífisbrot, en hann réðst á tólf ára gamla skólastúlku á Ásvallagötu í janúar það ár, dró hana inn á leikvöll, barði höfði hennar ítrekað við steinvegg þar til hún rotaðist og nauðgaði henni.

Nokkrir þungir dómar fyrir kynferðisbrot:

- **10 ÁR** Guðmundur Þórðarson, 1961. Nauðgaði tólf ára stúlku á leikvelli.
- **6 ÁR** X, 2008. Nauðgaði stjúpdóttur sinni ítrekað.
- **5 ÁR** Jón Pétursson, 2006. Nauðgaði og misþyrmdi tveimur konum.
- **5 ÁR** Jón Pétursson, 2007. Hlaut annan fimm ára dóm, fyrir brot gegn þriðju konunni.
- **5 ÁR** Anthony Lee Bellere, 2008. Nauðgaði tveimur ungum stúlkum og áreitti þær ítrekað.
- **4,5 ÁR** Stefán Ófeigsson Hjaltested, 2007. Nauðgaði tveimur konum.
- **4 ÁR** X, 2008. Fyrrverandi háskólakennari sem misnotaði sjö stúlkur.

Demókrataleiðtogi skotinn:

Missti vinnuna og hóf skothríð

BANDARÍKIN, AP Formaður Demókrataflokksins í Arkansas-ríki í Bandaríkjunum var skotinn til bana á miðvikudag.

Fimmtugur maður réðst inn á skrifstofu formannsins Bill Gwatney rétt fyrir hádegi á miðvikudag og skaut hann margsinnis. Gwatney lést svo af sárum sínum nokkrum klukkustundum síðar.

Árásarmanninum hafði verið sagt upp störfum fyrr um daginn. Hann flúði af vettvangi í bíl sínum en lögregla náði honum eftir 50 kílómetra eltingarleik. Hann var skotinn til bana eftir að hafa hafið skothríð á lögreglumenn. - þeb

Hönnunarsamkeppni hefst:

Háskólasjúkrahús byggt

SKIPULAGSMÁL Ákveðið var í skipulagsráði í gær að efna til hönnunarsamkeppni um nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut.

Samkeppnin mun byggja á drögum að deiliskipulagstillögu C. F. Möller arkitekta sem kynnt var skipulagsráði í apríl.

Þær fela meðal annars í sér að Holtsgöng verði felld niður í aðalskipulagi. Einnig hefur verið óskað eftir því að við skipulagningu nýrrar samgöngumiðstöðvar verði gert ráð fyrir þyrlupalli fyrir sjúkraflutninga.

Samkeppnin verður auglýst að fengnu samþykki samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. **- hþj**

Ljóst eftir fund með skipulagsyfirvöldum að tilraunaboranir tefjast að óbreyttu:

Álver á Bakka tefst um eitt ár

STÓRIÐJA Sameiginlegt umhverfismat fyrir framkvæmdir á álveri á Bakka verður ekki tilbúið fyrr en haustið 2009. Þetta sagði Franz Árnasonar, stjórnarformaður Þeistareykja, eftir fund með fulltrúum Skipulagsstofnunar í gær. Undir það tók Agnar Olsen, staðgengill forstjóra Landsvirkjunnar.

Skipulagsyfirvöld geta ekki sýnt stjórnendum fjögurra fyrirtækja sem koma að framkvæmdunum hvernig komast megi hjá töfum vegna úrskurðar umhverfisráðherra um að vinna verði sameiginlegt mat vegna álversins og tengdra framkvæmda, segir Franz.

Hann segir að líklega verði sameiginlegt umhverfismat ekki tilbúið fyrr en haustið 2009, hvað svo sem menn leggi á sig til að flýta því. Það þýði að í stað þess að bora tilraunaholur á Þeistareykjum sumarið 2009 verði að bora þær ári seinna.

„Ef þetta er endanleg niðurstaða, og ekki fæst endurskoðun á þessum þáttum, þá þýðir þetta árs töf," segir Franz. Ákveðið verður hver viðbrögð Þeistareykja og Landsvirkjunar verða á næstunni.

Alcoa hyggst reisa álver á Bakka, með orku frá jarðvarmavirkjunum Landsvirkjunar og Þeistareykja. Fjórða fyrirtækið sem kemur að verkinu er Landsnet, sem mun flytja orkuna.

Franz segir Alcoa styst komið með umhverfismat, enda hafi forsvarsmenn fyrirtækisins talið lítið liggja á. **- bj**

TILRAUNABORANIR EKKI TEKNAR ÚT ÚR

Það er mat sérfræðinga Skipulagsstofnunar að ekki sé heimilt að taka ákveðna þætti framkvæmda vegna álvers á Bakka út úr því ferli sem nú er hafið, segir Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins.

Forsvarsmenn Landsvirkjunar og Þeistareykja óskuðu eftir því að kannað yrði hvort taka mætti tilraunaboranir út úr sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum, til þess að ekki þyrfti að koma til tafa á verkinu.

Neikvæð niðurstaða Skipulagsstofnunar þýðir að ekki verður hægt að hefja tilraunaboranir vegna fyrirhugaðra virkjana næsta sumar.

www.toyota.is

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 43167 08/08

Sól og bíll - Með Toyota

Með flestum tegundum nýrra seldra Toyota bifreiða fylgir utanlandsferð á sólarströnd fyrir allt að fjóra í allt að tvær vikur, að verðmæti allt að 550 þúsund kr.

Öll gjöld og skattar innifalin.

Viðskiptavinur velur hversu lengi hann vill vera (1 eða 2 vikur), hverjum hann býður með sér og hve mörgum (1 til 3). Gjafabréfið er framseljanlegt.

Komdu sem fyrst á sölustaði Toyota um land allt og tryggðu þér gjafabréf að þínum draumaáfangastað.
Þetta tilboð rennur út 14. september 2008.

Áfangastaðir: Krít, Mallorca, Tyrkland (Marmaris), Portúgal, Kanarí (Tenerife) og Costa del Sol.

Bílar: Yaris, Auris, Corolla, Verso, Avensis, RAV4, Prius, Land Cruiser, Hilux og Hiace.

Allar nánari upplýsingar á www.toyota.is

:-) framan í allan heiminn

ÚRVAL·ÚTSÝN

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070

GENGIÐ 14.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	80,82	81,2
Sterlingspund	151,26	152
Evra	120,43	121,11
Dönsk króna	16,144	16,238
Norsk króna	15,026	15,114
Sænsk króna	12,844	12,92
Japanskt jen	0,7366	0,741
SDR	127,62	128,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
156,7428
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

Margrét Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi Ólafs F. Magnússonar:

Var ekki boðið að taka við

BORGARMÁL Margréti Sverrisdóttur, varaborgarfulltrúa F-lista, var ekki boðið að taka við af Ólafi F. Magnússyni, í því skyni að endurreisa Tjarnarkvartettinn.

„Ég held nú að Ólafur sé ekkert óðfús að afhenda mér kyndilinn, þótt það sé ekki útilokað," segir hún.

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur hökt ákaflega veiklaður í langan tíma," segir Margrét um tíðindi gærdagsins. Hún telur „ekki fýsilegt fyrir neinn að taka við sem fjórði meirihlutinn".

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Margrét segir Sjálfstæðisflokkinn næsta óstarfhæfan.

„Þeir reyna að setja það í þann búning að þeir sé að mynda aftur gamla góða meirihlutann sem sprakk vegna REI, en það er ekki alveg nógu sannfærandi því Björn Ingi er hættur og annar kominn í staðinn.

Henni gremst að Framsóknarflokkurinn „skuli alltaf vera þessi hækja". Verði af samstarfinu, sé það slæm ákvörðun Óskars að koma sér í nánast sömu stöðu og Ólafur F. var í áður.

Hún býst þó við að nýr meirihluti verði smurðari og meira samráð milli oddvitanna.

- ht, - kóþ

Oddviti Vinstri grænna:

Farsanum haldið til streitu

BORGARMÁL „Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt við ramman reip að draga en virðist ætla að halda þessum farsa til streitu," segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.

„Það eru vonbrigði að Óskar Bergsson skuli kjósa að yfirgefa þetta góða samstarf félagshyggjuflokkanna í Reykjavík" segir Svandís. „Nú tekur við nýr mjög veikur meirihluti sem stendur og fellur með einum manni frá litlu framboði með mjög lítið fylgi."

- ht

Fjórði meirihlutinn á einu ári staðreynd

Hanna Birna Kristjánsdóttir verður nýr borgarstjóri Reykjavíkur. Óskar Bergsson verður formaður borgarráðs. Ólafur F. Magnússon var ekki sáttur við samstarfsslitin. Þetta er fjórði meirihlutinn á rétt rúmum þrjú hundruð dögum.

REYKJAVÍK Hanna Birna Kristjánsdóttir verður nýr borgarstjóri Reykjavíkur eftir að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkur kynntu nýjan meirihluta á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Sjálfstæðisflokkurinn sleit samstarfi við Ólaf F. Magnússon fyrr um daginn. Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokks, verður formaður borgarráðs.

Grundvöllur málefnasamnings nýbakaðs meirihluta mun byggja á gamla málefnasamningi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá því fyrr á kjörtímabilinu. Fullgerður málefnasamningur verður kynntur á borgarstjórnarfundi á fimmtudaginn í næstu viku. Þá verður verkaskipting flokkanna einnig kynnt.

Hanna Birna og Óskar Bergsson áttu um tveggja klukkustunda fund í Ráðhúsinu í gærkvöldi og sögðu hann hafa gengið vel.

„Ólafur var ekki sáttur eins og gefur að skilja," sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir aðspurð um viðbrögð Ólafs við samstarfsslitunum.

„Í dálítið langan tíma hefur verið ágreiningur uppi um stór og mikilvæg mál. Að okkar mati var skortur á nauðsynlegri málamiðlun," sagði Hanna Birna um ástæðu þess að slitnaði upp úr samstarfinu við Ólaf. Hún ítrekaði að þetta snerist ekki um persónu Ólafs.

Óskar Bergsson, tilvonandi formaður borgarráðs, segir að formlegar viðræður við Sjálfstæðisflokkinn hafi ekki hafist fyrr en í gær en ákveðnir aðilar innan

NÝR BORGARSTJÓRI Hanna Birna Kristjánsdóttir verður fjórði borgarstjórinn í jafn mörgum meirihlutum á einu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

beggja flokka hafi rætt sín á milli undanfarna daga.

Óskar gerir ráð fyrir því að Marsibil Sæmundsdóttir, varamaður hans, sitji í ráðum og nefndum á vegum Framsóknarflokksins, en Marsibil styður ekki samstarf með Sjálfstæðisflokknum.

„Ég og Marsibil ræddum þetta í dag og hún veit að ég er í þessum viðræðum hér og það er tiltölulega breitt bakland bakvið mig í Framsóknarflokknum. Það eru hins vegar skiptar skoðanir eins og gengur, þannig að það er eðlilegt að fólk taki sér tíma til að hugsa þetta," sagði Óskar í gær.

Nýi meirihlutinn er fjórði meirihlutinn á þessu kjörtímabili og

FYRSTI KOSSINN Þó þau hafi ekki kysst rjóða vanga þá innsigluðu þau nýjan meirihluta með kossi á kinn. VÍSIR/BALDUR HRAFNKELL JÓNSSON

jafnframt sá fjórði á tæplega einu ári. Meirihlutinn með Ólafi stóð í um tvöhundruð daga.

vidirp@frettabladid.is

Misheppnaðri tilraun lokið:

Stjórnin í eðlilegar skorður

STJÓRNMÁL „Ég get ekki sagt að samstarfið við Ólaf hafi verið mistök en allir vonuðust til þess að það myndi ganga betur," segir Geir Haarde forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. „Það var gerð tíu mánaða tilraun sem gekk ekki upp".

GEIR HAARDE

„Ég er mjög ánægður með að þessir tveir flokkar hafi náð saman," segir Geir. „Ég tel alveg víst að þessi meirihluti muni sitja út kjörtímabilið og að stjórn borgarinnar muni nú falla í eðlilegar skorður. Breytingin núna mun styrkja báða flokkana í borginni og á landsvísu." **- ges**

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Ömurlegt og eykur ekki tiltrú

STJÓRNMÁL „Það er náttúrulega mjög ömurlegt að ekki skuli vera meiri festa í málefnum borgarinnar. Það eykur ekki tiltrú almennings á stjórnmálum," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Það er furðulegt ef það skella skuldinni á Ólaf. Sjaldan veldur einn ef tveir deila - hvað þá ef átta deila. Mér sýnist ekki vera eining í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins," segir Guðjón og bætir. „Það er ljóst að menn verða að læra að vinna saman. Það er ekki gæfulegt að mynda fjóra meirihluta á einu kjörtímabili."

GUÐJÓN ARNAR

- ges

Hanna Birna Kristjánsdóttir:

Sú fjórða og tuttugasta

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir verður fjórði borgarstjóri Reykjavíkur á kjörtímabilinu. Um leið verður hún tuttugasti borgarstjórinn frá upphafi.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð borgarstjóri eftir kosningarnar í maí 2006 og gegndi starfinu í sextán mánuði. Dagur B. Eggertsson var borgarstjóri í rúma þrjá mánuði, frá miðjum október 2007 til janúarloka 2008, og Ólafur F. Magnússon var borgarstjóri í tæpa sjö mánuði, frá janúarlokum.

Hanna Birna er tuttugasti borgarstjóri Reykjavíkur frá stofnun embættisins 1908. Hún er jafnframt fjórða konan sem gegnir starfinu. **- bþs**

Steingrímur J. Sigfússon:

Valdatafl og hrossakaup

STJÓRNMÁL „Sjálfstæðismenn uppskera eins og til var sáð í upphafi samstarfsins. Valdatafl og hrossakaup flokksins síðasta vetur voru óboðleg. Nú hefnist flokknum maklega," segir Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri Grænna. „Flokkurinn birtist eins og prinsipplaus flokkur og ljóst er að hann á mikið verk eftir við að byggja upp traust aftur bæði í borginni og á landsvísu."

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Um samstarfsflokk sjálfstæðismanna segir Steingrímur: „það er dapurlegt hlutskipti að hlaupa til sem hækja og hjól undir valdavagn Sjálfstæðisflokksins." **- ges**

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

FJÖLBREYTT HELGI

Veðurhorfur helgarinnar eru bestar fyrir norðanvert landið. Þar má búast við björtu veðri með hlýindum. Köflóttara verður það á Austurlandi. Um sunnan og vestanvert landið verður skýjað og hætt við vætu, einkum á sunnudeginum. Hlýnandi veður.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	14°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	19°
London	21°
París	22°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	14°
Berlín	18°
Alicante	29°
Mallorca	27°
Basel	18°
Eindhoven	21°
Las Palmas	25°
New York	25°
Orlando	32°
San Francisco	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Helgartilboðin *eru í Hagkaup!*

OPIÐ til 20 alla daga

Hefur þú prófað
að marinera kjúkling með Geeta´s mangó chutney?

Ótrúlega einfalt og ljúffengt!

Nauta entrecote
- úr kjötborði

Ungnautaprime

Lambaprime

Nauta club steik
- úr kjötborði

17 girnilegar grilluppskriftir
að hætti landsliðs matreiðslumeistara
í næstu verslun!

Nýjar kartöflur

Hagkaup býður upp á nýjar íslenskar kartöflur á hverjum degi í sumar. Kartöflurnar eru teknar upp snemma morguns á Jaðri í Þykkvabæ og komnar í verslanir Hagkaups fyrir opnun á hverjum degi.

Nýjar kartöflur daglega
verði þér að góðu!

Emmessís Topp 5
- 20 stk. í pakka

Stærstu nammibarir landsins
í öllum matvöruverslunum Hagkaups

Gildir til 17. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Nýtt kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Átt þú von á meirihlutaskiptum í borgarstjórn Reykjavíkur?

Já	83,3%
Nei	16,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð(ur) með meirihlutaskiptin í borgarstjórn?

Segðu þína skoðun á visir.is

NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

Óskar rauf samstöðu Tjarnarkvartettsins að mati Dags B. Eggertssonar:

Lét Dag vita rétt fyrir sex

REYKJAVÍK „Óskar rauf samstöðu [innan minnihlutans] um að draga línu í sandinn og taka ekki þátt í þeim klækjastjórnmálum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur orðið valdur að ítrekað á þessu kjörtímabili," segir Dagur B. Eggertsson um myndun nýs borgarstjórnarmeirihluta í gærkvöldi.

Hann segir Óskar hafa tilkynnt sér símleiðis rétt fyrir sex um myndun hins nýja meirihluta.

„Sjálfstæðisflokkurinn er að bjóða borgarbúum upp á klækjastjórnmál sem á ekki að tíðkast og stuðlar þannig að óstöðugleika. Þau eru ekki að taka á málunum af þeirri ábyrgð og festu sem þarf að vera í stjórn borgarinnar," segir Dagur.

DAGUR B. EGGERTSSON Dagur var að vonum ósáttur við myndum nýs meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dagur segir að þetta komi til vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé að leysa sinn innri vanda sem hefur skapast vegna skoðanakannana og fylgisleysi.

„Borgarbúar sjá í gegnum svona atburðarás og hvernig hún er sett upp. Það er lang hollast að mínu mati að þessi vinnubrögð tali sínu máli," segir Dagur aðspurður um hvort honum finnist vinnubrögðin um myndum nýs meirihluta hafa verið óheiðarleg. - vsp

Árni Þór Sigurðsson:

Ólafur vildi Tjarnarkvartett

REYKJAVÍK „Ég ræddi við Ólaf í fyrradag og í gærmorgun. Hann var tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að stofna nýjan Tjarnarkvartett," segir Árni Þór Sigurðsson, alþingismaður.

„Óskari var gerð grein fyrir þessu, en hann valdi frekar að starfa með Sjálfstæðisflokknum."

Árni staðfesti það að Ólafur hafi verið tilbúinn til að stíga frá og gefa þannig Margréti Sverrisdóttur, varamanni sínum, tækifæri til að mynda nýjan Tjarnarkvartett - ht/vsp

Kjartan Magnússon tafði samningana

Helsta ástæða þess að það dróst að ganga frá nýjum meirihluta var sú að vara-borgarfulltrúi Framsóknar studdi hann ekki. Kjartan Magnússon var einnig ósáttur. Ólafur F. mun hafa hótað að styðja ekki Hönnu Birnu.

REYKJAVÍK Helsta ástæða þess að það dróst að tilkynna nýtt meirihlutasamstarf milli Framsóknar og Sjálfstæðisflokks í gær mun vera sú að Marsibil Sæmundardóttir, varaborgarfulltrúi Framsóknar vildi ekki styðja samstarfið.

Einnig var Kjartan Magnússon, aðalhöfundur samstarfs F-lista og Sjálfstæðisflokks, ósáttur í fyrstu, en hann er góður vinur Ólafs.

Borgarfulltrúar nýs meirihluta vildu ekki endurtaka leikinn frá síðustu borgarstjórnarmyndun, sem fór fram án þess að lægi fyrir stuðningur Margrétar Sverrisdóttur, varaborgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar.

En þegar þau Óskar og Hanna Birna hittust í gærkvöldi í ráðhúsinu svaraði Óskar spurningu um hvort Marsibil styddi meirihlutaviðræðurnar þannig að „skiptar skoðanir" væru í flokknum.

Að öðru leyti er enginn sérstakur málefnaágreiningur sagður hafa verið uppi á borðinu milli Framsóknar og Sjálfstæðisflokks og mun að mestu hafa verið gengið frá samningi um málefni REI fyrr um daginn.

Heimildarmenn úr röðum sjálfstæðismanna segja að ekki hafi annað komið til greina en að slíta samstarfinu við Ólaf, þótt það hafi gengið vel í fyrstu. Síðustu vikur hafi gert útslagið. Afar erfitt hafi verið að starfa með honum persónu- og faglega.

Ólafur hafi beitt neitunarvaldi í mörgum málum og jafnvel hótað að styðja ekki Hönnu Birnu Kristjánsdóttur til borgarstjóra þegar þar að kæmi.

MARSIBIL SÆMUNDARDÓTTIR OG KJARTAN MAGNÚSSON Kjartani sárnaði að slíta samstarfinu við vin sinn Ólaf F. Magnússon. Marsibil styður ekki nýjan meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Andstaða Ólafs við nýbyggingu Listaháskólans fór illa í sjálfstæðismenn, sem og andstaða við Bitruvirkjun og annar ágreiningur innan velferðarráðs og skipulagsráðs.

Þá hafi endanlega gengið fram af sjálfstæðismönnum að Ólafur hafi ráðið til starfa Gunnar Smára Egilsson fjölmiðlamann, stuttu weftir að gengið hafði verið frá sérstöku samkomulagi innan meirihlutans um að Gunnar Smári starfaði ekki á skrifstofu borgarstjóra.

Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins mun hafa blandað sér í málin vegna þeirrar ráðningar.

klemens@frettabladid.is

Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á ófremdarástandi:

Verðskuldað eyðimerkurganga

STJÓRNMÁL „Þetta kemur mér ekki á óvart og væntanlega engum öðrum heldur," segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra um stjórnarslitin í borginni. „Þegar Ólafur varð borgarstjóri spáði ég því á lítilli heimasíðu minni að hann myndi taka Sjálfstæðismenn slíkum heljargreipum að meirihlutinn myndi springa.

Þessi slit leysa ákveðið ófremdarástand sem Sjálfstæðisflokkurinn ber alla ábyrgð á. Ég óska nýja meirihlutanum góðs gengis en dreg þó stórlega í efa, að þessi skipti leysi þá stjórnarkreppu sem lengi hefur verið í borginni. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að rýja sig svo inn að beini hvað traust varðar að þrátt fyrir þessa nýjustu pólitísku æfingu þá mun hans bíða að uppskera eins og hann hefur sáð til í lok kjörtímabilsins. Eyðimerkurganga flokksins mun verða löng - eins og hann á skilið," segir Össur en bætir við að þetta muni þó ekki hafa nein áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið. „Þroskaðir stjórnmálamenn láta þennan farsa í ráðhúsinu sem vind um eyru þjóta." - ges

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Leysir ófremdarástandið en bjargar flokknum ekki frá eyðimerkurgöngu.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna:

Sáu fljótt bresti í samstarfinu

BORGARMÁL „Þegar Sjálfstæðismenn og F-listi tóku við borginni í janúar bast minnihlutinn böndum um að halda saman þar til við tækjum aftur við völdum," segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna.

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Þorleifur segir að fljótt hafi sést að slíkir brestir voru í samstarfi sjálfstæðismanna og Ólafs F. að samstarfið myndi ekki duga lengi. „Við sendum út mjög afdráttarlausar yfirlýsingar um að við ætluðum að vinna saman," segir Þorleifur. „Óskar Bergsson stóð heilshugar með okkur í því á þeim tíma." - ht

Betri tilboð!

41% afsláttur

ÍSFUGL
KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR
1.595 kr/kg
~~2.704~~ kr/kg

50% afsláttur

KEA
TAÐREYKT BJÚGU
349 kr/kg
~~699~~ kr/kg

40% afsláttur

GOÐI
GRÍSAHNAKKI Í BAKKA
1.099 kr/kg
~~1.834~~ kr/kg

40% afsláttur

GOÐI
GRÍSAGÚLLAS
1.099 kr/kg
~~1.834~~ kr/kg

25% afsláttur

Ali
BABYBACK RIBS M/BBQ SÓSU
1.153 kr/kg
~~1.537~~ kr/kg

25% afsláttur

Ali
SPARERIBS M/SÚRSÆTRI SÓSU
1.064 kr/kg
~~1.418~~ kr/kg

25% afsláttur

Ali
SPARERIBS M/BBQ SÓSU
1.064 kr/kg
~~1.418~~ kr/kg

PEPSI MAX 2.ltr
119 kr/stk
~~159~~ kr/stk

TILBOÐIN GILDA 14. - 17. ÁGÚST

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir íslenski keppandinn í júdó á Ólympíuleikunum?*
2. *Hvað heitir norska fyrirtækið sem lýst hefur áhuga á að reisa sólarkísilverksmiðju í Þorlákshöfn?*
3. *Hvar reisti hinn ungi athafnamaður Patrekur Hermannsson verslun sína?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Gunnar Smári Egilsson:

Ætlaði ekki að aðstoða Ólaf

REYKJAVÍK Gunnar Smári Egilsson kannast ekki við að til hafi staðið að hann yrði aðstoðarmaður borgarstjóra.

GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri réð Gunnar Smára til að endurskoða upplýsingamál Reykjavíkurborgar. Þetta hefur verið nefnt sem hugsanleg ástæða meirihlutaslitanna.

„Nei, þá er sálarjafnvægi þessa fólks lakara en sést á myndum," segir Gunnar Smári. „Allavega er mér ekki svo illa við nokkurn mann að ég myndi láta sex vikna úttektarverkefni trufla mig svona," segir hann. **- kóþ**

NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

Umdeild mál í samstarfinu

Meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks starfaði í 203 daga. Hér er stiklað á stóru í nokkrum málum sem vöktu athygli og voru umdeild á tímabilinu, þar á meðal hús við Laugaveg, REI og Bitruvirkjun.

Janúar, húsin við Laugaveg

Í fyrsta meirihlutanum, samstarfi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, áttu húsin við Laugaveg 4 og 6 að víkja fyrir nýbyggingu. Eitt fyrsta verk Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra var svo að kaupa húsin á 580 milljónir.

Janúar, flugvöllur í Vatnsmýri

Málefnasamningur F-lista og Sjálfstæðisflokks kvað á um að ekki yrði tekin ákvörðun um flutning flugvallarins á kjörtímabilinu. Ólafur F. hélt því fljótlega fram að flugvöllurinn yrði á sínum stað um ókomna tíð. Þessu mótmælti sjálfstæðisfólk.

Apríl, REI-málið

Óvissa ríkti um framtíð REI mestalla tíð 200 daga meirihlutans. Gísli Marteinn Baldursson sagði í útvarpsfréttum að REI yrði selt. Ólafur F. Magnússon var í sjónvarpinu á sama tíma og sagði að ekki stæði til að selja REI.

Maí til ágúst, mannaforráð

Jakob Frímann Magnússon var ráðinn framkvæmdastjóri miðborgarmála, af Ólafi. Borgarstjóri lýsti Jakobi sem „framhandlegg" sínum. Þá þegar var Ólöf Guðný Valdimarsdóttir aðstoðarmaður Ólafs. Sjálfstæðisfólki þótti víst nóg um.

Maí til júlí, Bitruvirkjun

Ágreiningur innan meirihlutans kom í ljós vegna Bitruvirkjunar. Ólafur F. óskaði borgarbúum til hamingju, þegar hætt var við hana. Kjartan Magnússon sagði seinna í fjölmiðlum að ekki væri endilega hætt við Bitruvirkjun. Víst, sagði Ólafur þá.

MEIRIHLUTI KYNNTUR, 21. JANÚAR REI-málið gekk frá fyrsta meirihluta B og D. Sjálfstæðismenn fengu svo Ólaf úr 100 daga meirihluta Tjarnarkvartettsins og stofnuðu það sem varð 200 daga meirihlutinn. Hann er nú allur og endurómur af fyrsta meirihlutanum tekinn við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR

Júlí, Listaháskólinn

Þegar vinningstillaga að nýjum listaháskóla við Laugaveg var kynnt tók Ólafur dræmt í hana. Ágreiningur varð um þetta innan F-lista þegar Ólöf Guðný Valdimarsdóttir sagðist ekki vilja tjá sig um tillöguna fyrr en hún yrði tekin fyrir í skipulagsráði. Þetta varð til þess að Ólafur rak hana úr ráðinu, sem var óþægilegt fyrir sjálfstæðismenn, en Ólöf skammaði þá fyrir að virða samstarf við sig að vettugi.

Ágúst, Gunnar Smári

Það mun hafa farið illa í sjálfstæðismenn þegar Ólafur réð Gunnar Smára Egilsson í upplýsingamál. **klemens@frettabladid.is**

Anna Rut Arnardóttir er 15 ára grunnskólanemi

Hafðu skilríkin meðferðis

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

AÐ KAUPA VÍN ER EKKERT GRÍN

VÍNBÚÐIN vinbudin.is

FÍN ÉG MJ / SÍA / NMG489

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

BJÖRN INGI HRAFNSSON

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

STEFÁN JÓN HAFSTEIN

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Miklar breytingar hafa orðið á skipan borgarstjórnar:

Þrír fulltrúar hættir, einn í fríi og einn á flugi

STJÓRNMÁL Sviptingar hafa orðið í pólitíkinni í Reykjavík síðan kosið var vorið 2006. Ekki er nóg með að meirihlutaskipti hafi verið tíð heldur hafa borgarfulltrúar horfið frá borði, oddvitaskipti orðið og leiðir samherja skilið.

Árni Þór Sigurðsson VG, Björn Ingi Hrafnsson Framsóknarflokki og Steinunn Valdís Óskarsdóttir Samfylkingunni sem kjörin voru til setu í borgarstjórn eru hætt fyrir fullt og fast. Stefán Jón Hafstein Samfylkingunni er í tveggja ára leyfi og vinnur að þróunaraðstoð í Afríku og Gísli Marteinn Baldursson Sjálfstæðisflokki mun láta af nefndasetu en sitja borgarstjórnarfundi næsta árið samhliða háskólanámi í Skotlandi.

Fimmtán sitja í borgarstjórn.

Oddvitaskipti hafa orðið hjá Sjálfstæðisflokknum; Hanna Birna Kristjánsdóttir er tekin við af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni og leiðir fyrsta og annars manns á lista Frjálslyndra og óháðra; Ólafs F. Magnússonar og Margrétar Sverrisdóttur, hafa skilið.

- bþs

Stjórnmálafræðingur um stöðu Framsóknarflokksins:

Hefur litlu að tapa

STJÓRNMÁL „Svo virðist sem fráfarandi meirihluti hafi verið orðinn gersamlega óstarfhæfur og sjálfstæðismenn ekki talið sig geta unnið lengur með Ólafi F. Magnússyni, borgarstjóra." segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur.

Það að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi tekið við sem oddviti hafi greinilega ekki breytt stöðunni neitt því fylgi flokksins hafi haldið áfram að minnka. Í nýjustu könnuninni hafi fylgið verið komið í tæplega 27 prósent sem jafngildi fjórum borgarfulltrúum.

„Ég held að mörgum sjálfstæðismanninum hafi brugðið við það," segir Einar Mar sem telur niðurstöður könnunarinnar vera einn af mörgum áhrifaþáttum.

Þá megi líta svo á að framsóknarmenn hafi litlu að tapa á samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. „Framsóknarflokkurinn er að mælast með afskaplega lítið fylgi í síðustu könnun og þrátt fyrir að flokkurinn hafi verið hluti af Tjarnarkvartettinum þá gerði það, samkvæmt könnunum, lítið fyrir hann."

Einar Mar segir kjósendur lítið geta gert í stöðunni. Þeir geti mótmælt eins og þegar fráfarandi meirihluti tók við.

- ovd

Bílstjórar athugið!

Eigum nokkur gullegg í fórum okkar

Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

12 stk. á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Getz
5 dyra, bensín og beinskiptur.

1.791.000

20.791 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

4 stk. á sértilboði

RENAULT

Renault Megane II
5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.475.000

28.764 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

11 stk. á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Santa Fe
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

4.190.000

48.695 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

5 stk. á sértilboði

RENAULT

Renault Megane Sport Tourer
5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.565.000

29.809 Tilboðsverð á mánuði. M.v. 70% fjármögnun*

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða JPY/CHF – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,42%

Ertu með gull í greipum?
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´08). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggari bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**



Gríptu gæsina í dag og gerðu (g)eggjað góð kaup

B&L | Með bílinn handa þér

Grjóthálsi 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

FUNDAÐ Á RÍVÍERUNNI Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hittust í Frakklandi í gær og ræddu málefni Rússlands og Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NAUÐUNGARSÖLUR Einn af hverjum 464 fasteignaeigendum fengu tilkynningu eða hótun um nauðungaruppboð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fasteignamarkaður í BNA:

Nauðungarsölur í Ameríku

VIÐSKIPTI Tilkynningum um nauðungarsölu fjölgað um 55 prósent milli ára í Bandaríkjunum. Nú er svo komið að 17 prósent alls íbúðarhúsnæðis sem er á söluskrá eru eignir sem eru í nauðungarsölu. Greiningardeildir telja nauðungarsölum muni ekki fækka fyrr en á fyrri helmingi næsta árs. Wall Street Journal hafði eftir Alan Greenspan á fimmtudaginn að lækkanirnar myndu stöðvast á fyrri helmingi næsta árs, en „hugsanlega myndu verðlækkanirnar halda áfram út árið, og næsta ár". - msh

NOREGUR

Seigla fékk verðlaun

Bátasmiðjan Seigla á Akureyri fékk frumkvöðlaverðlaunin 2008 á Nor-Fishing sjávarútvegssýningunni í Þrándheimi í Noregi í vikunni. Seigla fékk verðlaunin fyrir þróun á báti sem sérhannaður er fyrir siglingar á Norður-Atlantshafi.

Þrjú tilboð bárust í smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju sem hefur siglingar 2010:

Hærri en tilboð heimamanna

SAMGÖNGUMÁL Þrjú tilboð, eitt aðaltilboð og tvö frávikstilboð, bárust í smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju en þau voru opnuð hjá Ríkiskaupum í gær. Tilboðin bárust frá skipasmíðastöðvunum Fassmer í Þýskalandi og Simek í Noregi. Tilboðin eru áþekk eða frá 3,3 milljörðum króna til 3,7 milljarða. Tilboð Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar í Eyjum sem stjórnvöld höfnuðu í lok maí var áþekkt en taldist vera of hátt. Það tilboð tók einnig til reksturs ferjunnar. Afhendingartími nýrrar ferju verður í júlí eða nóvember árið 2010 verði tilboðunum tekið.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að bæði fyrirtækin séu traust. „En við þekkjum það norska sérstaklega vel þar sem þetta er sama fyrirtæki sem vann með okkur að tilboðinu á sínum tíma. Eins og við bentum á þegar við vorum í viðræðum við Ríkiskaup á sínum tíma þá eru verðin núna heldur hærri en það sem við buðum. Lykilatriðið er að fyrirtækin treysti sér til að skila ferjunni í júlíbyrjun 2010 svo reynsla geti komið á skip og siglingaleið áður en veður versna."

HERJÓLFUR Ný ferja mun sigla til Bakkafjöruhafnar árið 2010 og leysir þá gömlu af hólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Aðspurður hvort til greina komi að Eyjamenn geri tilboð í rekstur ferjunnar telur Elliði það ekki líklegt. „Við lögðum í mikinn kostnað síðast og töldum okkur bera skarðan hlut frá borði í viðræðum við fulltrúa ríkisins. Við værum þó tilbúnir að standa við það tilboð sem við gerðum á sínum tíma." - shá

Atlantic Petroleum:

Tilkynntu um olíufund í gær

VIÐSKIPTI Færeyska félagið Atlantic Petroleum tilkynnti um olíufund í gær. Bréf félagsins hækkuðu um átta prósent í kauphöllinni eftir þessi tíðindi. Um er að ræða olíu í Bretlandshluta Norðursjávar. Olían fannst sex kílómetra suður af Ettrick Field sem er starfsstöð Atlantic Petrolum á svæðinu. Aðrir samstarfsaðilar Atlantic í þessu verkefni eru Nexen með 80 prósenta hlut, Bow Valley með 12 prósent og Atlantic fer síðan með átta prósenta hlut.

Færeyska félagið er skráð í Kauphöll Íslands. - as

Ný höfn fyrir nýjan Herjólf

Samningur um gerð Landeyjahafnar og Bakkafjöruvegar undirritaður í gær. Ferðin með nýju ferjunni mun taka hálftíma en hún tekur þrjá tíma nú. Straumhvörf í byggðaþróun segir bæjarstjóri Eyja.

SAMGÖNGUR „Þetta er sögulegur dagur," sagði Kristján Möller samgönguráðherra þegar samningur um gerð Landeyjahafnar og Bakkafjöruvegar var undirritaður í gær. Höfnin á að þjóna nýjum Herfjólfi en opnað var fyrir tilboð í smíði hans í gær. „Þetta er bylting í samgöngumálum á Suðurlandi," sagði samgönguráðherra.

Ferðin með nýju ferjunni frá Landeyjarhöfn mun aðeins taka tæpan hálftíma en með gamla Herjólfi tekur ferðin um þrjá tíma. Ferðatíminn frá Reykjavík verður um þremur korterum styttri í heild þar sem klukkutíma lengri keyrsla er á Bakka en Þorlákshöfn. Gert er ráð fyrir fimm ferðum á dag með nýju ferjunni, en þær eru aðeins tvær nú.

„Þetta er einn af stærstu dögunum fyrir sögu Vestmannaeyja," segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. „Þetta á eftir að valda straumhvörfum í byggðaþróun í Eyjunum. Við erum að renna saman tveimur öflugum sveitarfélögum með ráðandi markaðshlutdeild í matvælaframleiðslu þjóðarinnar," segir hann og á við sjávarútveg Eyjamanna og landbúnað í Landeyjum. „Það kæmi mér ekkert á óvart að í framtíðinni verði það rætt af fullri alvöru að sameina sveitarfélögin. Vestmannaeyjar eru með mjög hátt þjónustustig og sveitarfélagið er tilbúið til að veita þjónustu inn á mikið stærra svæði en hingað til."

Tilboð Suðurverks í Hafnarfirði, sem samþykkt var, hljóðaði upp á 1,9 milljarða. Það er sextíu prósentum lægra verð en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á, en hún gerði ráð fyrir 3,1 milljarð. „Það er talað um að við séum að bjóða of lágt, en ég vil verja mínar heimalendur," segir Dofri Eysteinsson, forstjóri Suðurverks, sem er ættaður af svæðinu. „Það passar alveg saman að vera í bisness og verja heimalendurnar."

UNDIRSKRIFT Bæjarstjóri Vestmannaeyja telur daginn einn þann stærsta í sögu Eyjanna en þær sjást vel í bakgrunni. FRÉTTABLADID/RÓSA

Árni Johnsen fagnar framkvæmdunum en segir að aðrir möguleikar hafi ekki verið skoðaðir til fulls. „Ég á við aðra ferju frá Þorlákshöfn eða jarðgöng milli lands og Eyja," segir Árni sem er þess fullviss að jarðgöng muni koma. „Þau gætu verið komin innan fimmtán ára," segir hann. Samgönguráðherra gefur þó lítið fyrir jarðgöng í svo náinni framtíð. gudmundure@frettabladid.is

STÓRBROTIN BÓK

Áhrifarík uppvaxtarsaga frá Bandaríkjunum – seigla og lífsvilji í miskunnarlausu umhverfi.

Sláandi frásögn um brotna fjölskyldu sem hrekst á milli staða og er hvergi velkomin, saga um fátækt, vanrækslu og óbugaða trú á lífið.

„*Glerkastalinn* er ekkert annað en stórbrotin bók."
Entertainment Weekly

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

BLAÐAMANNAFUNDUR UNIFEM Regína Bjarnadóttir, stjórnarformaður UNIFEM, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Undirskriftarsöfnun gegn kynbundnu ofbeldi:

Segjum nei við ofbeldi gegn konum

JAFNRÉTTISMÁL „Ef eitthvað skiptir máli í samfélögum heims þá er það að auka réttindi og bæta stöðu kvenna, ekki bara fyrir konur heldur samfélagið allt," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á blaðamannafundi Íslandsdeildar UNIFEM í gær.

Ingibjörg, Kristján Möller samgönguráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra voru öll viðstödd blaðamannafundinn og voru efst á blaði undirskriftarsöfnunar UNIFEM, á unifem.is undir yfirskriftinni „Segjum NEI við ofbeldi gegn konum".

Undirskriftarsöfnunin er hluti af alþjóðlegu átaki, sem hófst í nóvember á síðasta ári, til að hvetja ríkisstjórnir heims til að grípa til aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi í heiminum.

„Ofbeldi gegn konum er málefni sem getur ekki beðið," sagði Regína Bjarnadóttir, stjórnarformaður UNIFEM, á Íslandi en markmiðið með undirskriftarsöfnun UNIFEM á Íslandi er að fá sem flesta Íslendinga til að leggja þessu átaki lið.

Átakið stendur yfir í tólf vikur og því lýkur 6. nóvember. - vsp

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn

FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF TIL 29. ÁGÚST 2008

Landslagshönnuðurinn Stanislas Bohic aðstoðar viðskiptavini Steypustöðvarinnar Mest við hönnun garðsins.

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöf í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á mest@mest.is

STEYPUSTÖÐIN MEST
Malarhöfða 10
110 Reykjavík

Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:

- Grunnmynd á kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
- Útlitsteikning af húsinu í kvarðanum 1:100
- Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
- Ljósmynd af húsi og lóð

Í framhaldi færð þú tilboð frá söluráðgjafa Mest.

mest

01 - 11830

ÞJÓÐHÁTÍÐ Í PAKISTAN Ungur Pakistani hélt upp á þjóðhátíðardaginn málaður fánalitunum. Haldið var upp á það á fimmtudaginn að 61 ár er frá því að Pakistan fékk sjálfstæði frá Bretum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danska félagið Stones Invest sakar Landic Property um vanefndir á kaupsamningi:

Krefja Landic Property um 4 milljarða

VIÐSKIPTI Danska fjárfestingafélagið Stones Invest sendi frá sér fréttatilkynningu í gær um að kaupum á Keops Development, sem áttu sér stað í maí síðastliðnum, hafi verið rift vegna vanefnda Landic Property. Stones Invest fer fram á 4 milljarða íslenskra króna í skaðabætur vegna hnekkja sem viðskiptavild félagsins hafi hlotið vegna viðskiptanna.

„Þeir eru búnir að reka þetta fyrirtæki í allnokkurn tíma og að koma núna og ætla að rifta kaupunum einhliða og bera við vanefndum okkar er algjörlega úr lausu lofti gripið. Steen Guud, eigandi Stones Invest, á fyrirtækið og verður að bera ábyrgð á því," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Landic Property.

Keops Development hefur verið áberandi í dönskum fjölmiðlum undanfarna daga. Iðnaðarmenn, sem ekki höfðu fengið launin sín, lögðu niður störf við verkefni á Sjálandi sem er á vegum Keops Development. Í tilkynningunni frá Stones segir að ein af vanefndum samningsins hafi verið að Landic hafi ekki staðið í skilum á ábyrgðum sem félagið gegndi, til dæmis á verkefninu á Sjálandi. Skarphéðinn segir þetta vera rangt. „Við héldum eftir fjárhagslegri ábyrgð á nokkrum verkefnum sem eru að klárast, þetta tiltekna verkefni er ekki eitt þeirra." Skarphéðinn segir að tilkynningin hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti þar sem starfsmenn Landic voru síðast í sambandi við Gude í gærmorgun. „Hann sendir út tilkynningu um leið og hann sendir okkur bréf. Þetta er algjörlega óskiljanlegt," segir Skarphéðinn.

- ghh

SKARPHÉÐINN BERG, FORSTJÓRI LANDIC PROPERTY „Fyrirtækið sem við seldum er vel rekstrarhæft. Ég man ekki eftir eins ítarlegri yfirferð eins og áreiðanleikakönnunin var fyrir þessi kaup," segir Skarphéðinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Félag antírasista:

Innflytjendur uggandi

INNFLYTJENDAMÁL „Innflytjendur eru uggandi vegna þessara hnífstungumála," segir Dane Magnússon, formaður Félags antírasista. Í byrjun þessa mánaðar var Chilebúi stunginn í bak, síðu og handlegg á gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis og í febrúar síðastliðnum hlaut marókkóskur maður alvarlega áverka eftir hnífárás í miðbæ Reykjavíkur. „Það hafa margir haft samband við okkur, nú er svo komið að margir útlendingar þora ekki í miðbæinn lengur."

Fjórðu styrktartónleikar félagsins verða haldnir á skemmtistaðnum Organ á morgun en þar munu skemmta erlendir tónlistarmenn og plötusnúðar. Félagið var stofnað árið 2006 og eru félagsmenn hátt í fimm hundruð talsins og fer ört fjölgandi að sögn Danes.

- jse

Framkvæmdastjóri Fjárfestingastofunnar:

REC hlítir líklega umhverfismati

ÞORLÁKSHÖFN Þórður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofunnar, telur líklegt að norska stórfyrirtækið REC Group, sem ætlar að stofnsetja sólarkísilverksmiðju við Þorlákshöfn eða Quebec í Kanada hlíti því að framkvæmdin fari í umhverfismat, alltaf hafi verið reiknað með því.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Skipulagsstofnun hefði úrskurðað að framkvæmdin þyrfti að fara í umhverfismat og að forstjóri REC Group, Eric Thorsen, hefði sagt á hluthafafundi að félagið þyrfti að ákveða staðsetningu hennar fyrir lok ágúst.

Þórður segir að ákvarðanataka hafi staðið til í lok ágúst eða september en hún hafi dregist af mörgum ástæðum, ekki síst vegna efnahagsástandsins í heiminum. „Það er minni asi á þeim við ákvarðanatöku en var," segir hann.

Ekki er hægt að segja til um hvort sé líklegra að verksmiðjan verði stofnsett á Íslandi eða í Kanada. Þórður segir kosti og galla við báða staði. Kanadamenn hafi vatnsaflsorku og geti boðið upp á tilbúið atvinnusvæði. Þar sé þegar búið að vinna umhverfismat fyrir iðnað af þessu tagi.

„Við bjóðum hinsvegar orkuna á samkeppnishæfu verði og höfum hæft og gott vinnuafl. Við erum vel staðsett gagnvart hráefni og flutningi og höfum hagstætt skattaumhverfi. En ég get ekki sagt hver niðurstaðan verður," segir hann.

- ghs

Á HITAFUNDI Í BORGARBYGGÐ Forsvarsmenn Borgarbyggðar auk sparisjóðsstjóra og stjórnarformanns SPM sátu fyrir svörum á hitafundi í Borgarbyggð í fyrrakvöld. Á sjötta hundrað sótti fundinn.
MYND/SKESSUHORN, MAGNÚS MAGNÚSSON

Króatía
í ágúst og september
frá kr. 49.990

***Frábært sértilboð á Diamant - góð gisting ***

Aðeins örfáar íbúðir í boði!

Heimsferðir bjóða einstakt tilboð til Króatíu í ágúst og september í 1 viku eða 2 vikur. Króatía hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Tryggðu þér sæti og góða gistingu á Diamant íbúðahótelinu með góðri aðstöðu, s.s. spa, líkamsræktarstöð, frábærum sundlaugargarði, íþróttaaðstöðu og veitingastöðum. Góð aðstaða er fyrir börnin svo sem skemmtidagskrá, barnaleiksvæði og barnaklúbbur.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 - 4 í íbúð á Diamant í viku, 24. ágúst. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Diamant í viku, í ágúst og september. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. **59.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Diamant í viku, í ágúst og september. Aukavika kr. 15.000.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000• Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Segja lendingu vera góða

Upplýst var um mikið tap Sparisjóðs Mýrasýslu (SpM) á fundi í Borgarbyggð. Ráðherra segir óeðlilegt að hið opinbera grípi fram í fyrir markaðsöflunum.

VIÐSKIPTI „Miðað við aðstæðurnar sem uppi voru held ég að við séum að ná mjög góðri lendingu," segir Gísli Kjartansson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu (SpM).

Upplýst var um mikið tap Sparisjóðs Mýrasýslu á fyrri helmingi þessa árs á íbúafundi um stöðu sjóðsins sem haldinn var í Borgarnesi í fyrradag. Fram kom að eiginfjárhlutfall sjóðsins hefði verið komið niður fyrir lögleg mörk. Leitað var til Kaupþings og Straumborgar um aukningu stofnfjár og verður skrifað undir samning þess efnis í dag.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Gísli segir að SPM hafi losað um eignir og á nú einungis eitt prósent í Kistu eignarhaldsfélagi sem heldur utan um eign sparisjóða í Exista. Hann segir jafnframt að sparisjóðurinn hafi selt hlut sinn í Icebank en haldi óbreyttum hlut í VBS fjárfestingabanka.

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti minnihlutans í Borgarbyggð, setti fram ákveðna gagnrýni um að rétt hefði verið að upplýsa opinberlega fyrr um stöðu mála. „Það var útilokað að upplýsa um stöðu mála fyrr því þá hefðu öll okkar mál verið í uppnámi. Það þurfti að fara varlega á meðan unnið var að málinu," segir Gísli.

Stjórn Borgarbyggðar fundaði með með Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra í gærmorgun þar sem farið var yfir stöðu mála. Björgvin telur ekki rétt að ríkið grípi fram fyrir hendur markaðsafla og eðlilegt að það ferli sem hafið er klárist.

Talið hefur verið að lækkanir á hlutabréfamörkuðum kunni að koma illa niður á fleiri sparisjóðum, svo sem Sparisjóðnum í Keflavík (SpK), sem er meðal þeirra sem átt hafa í Kistu, fjárfestingafélagi sjóðanna. „Við erum ágætlega fjármagnaðir," segir hins vegar Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri og bendir á að nánast hafi lokast fyrir alla fjármögnun til Íslands í lausafjárkreppunni. Því fagni hann framtaki ríkisstjórnarinnar um aðgengi að lausafé í gegnum Íbúðalánasjóð. Þar segir hann sjóðinn hafa fengið „ágætis upphæð".

Geirmundur segir hins vegar verulega mismunun í aðgengi að fjármögnun í íslensku fjármálakerfi og vísar til þess að að smærri fjármálafyrirtæki hafi ekki getað leitað til Seðlabankans eftir fjármögnun og veðsett íbúðalánavafninga líkt og stóru viðskiptabankarnir. Þar telur hann tilefni til rannsóknar Samkeppniseftirlits.

bjornthor@markadurinn.is

> Það var útilokað að upplýsa um stöðu mála fyrr því þá hefðu öll okkar mál verið í uppnámi.
>
> **SVEINBJÖRN EYJÓLFSSON**
> ODDVITI MINNIHLUTANS Í BORGARBYGGÐ

NÝ SUMARTILBOÐ

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	~~299.900~~ UPPSELT	**169.900**
180x200	309.900	**179.900**

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	**259.900**
180x200	299.900	**279.900**

Scape	Verð	Tilboð
160x200	479.900	**459.900**
180x200	499.900	**479.900**

Sofia rúmstæði með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af hlífðardýnum og lökum við dýnukaup

10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum

Glænýtt tilboð
COAST svefnsófi
Tilboð **46.080.-**
Verð áður 76.800.-

Visco-X með botni og fótum
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



COE leður-rúmstæði
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150 www.svefn.is
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

KIA GERIR G

SPORTAGE

2,0 EX dísil, beinskiptur, 140 hestöfl

3.490.000 kr.

Verð áður: 3.895.000 kr.

405.000 kr. afsláttur

7 ÁRA SPORTAGE ÁBYRGÐ

EINUNGIS ÞRETTÁN BÍLAR 13 EINUNGIS ÞRETTÁN BÍLAR

SORENTO

EINUNGIS NÍU BÍLAR 9 EINUNGIS NÍU BÍLAR

2,5 EX dísil, sjálfskiptur, 170 hestöfl

4.490.000 kr.

Verð áður: 4.930.000 kr.

440.000 kr. afsláttur

PRO_CEE'D

EINUNGIS ÞRÍR BÍLAR 3 EINUNGIS ÞRÍR BÍLAR

1,6 EX Pro_cee'd dísil, beinskiptur, 115 hestöfl

2.490.000 kr.

Verð áður: 2.880.000 kr.

390.000 kr. afsláttur

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ

Umboðsmenn KIA um land allt: Akranes - Bílás Bílasala Akranes • Akureyri - Höldur hf. • Ísafjörður - H.V. Umboðsverslun ehf. • Reykjanesbær - K. Steinarsson • Reyðarfjörður - HEKLA Austurland • Selfoss - Bílasala Selfoss

OTT BETUR

GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu og kynntu þér glæsilegt úrval bíla frá KIA og leyfðu okkur að koma þér skemmtilega á óvart. Nú býður KIA takmarkað magn bíla á sérstökum tilboðskjörum með möguleika á **80% fjármögnun að fullu í erlendri mynt.**

CEE'D

EINUNGIS SJÖ BÍLAR 7 EINUNGIS SJÖ BÍLAR

1,6 EX cee'd Sport bensín, sjálfskiptur, 122 hestöfl

2.620.000 kr.

Verð áður: 2.880.000 kr.

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ

260.000 kr. afsláttur

CEE'D SW

EINUNGIS FIMM BÍLAR 5 EINUNGIS FIMM BÍLAR

1,6 EX Sporty Wagon dísil, beinskiptur, 115 hestöfl

2.890.000 kr.

Verð áður: 3.070.000 kr.

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ

180.000 kr. afsláttur

K2900

2,9 King cab dísil, beinskiptur, 125 hestöfl

verð frá: **2.550.000 kr.**

KIA MOTORS

The Power to Surprise™

01 · 11829

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

VIÐ THE HIGH COURT OF JUSTICE
CHANCERY DIVISION
COMPANIES COURT

Nr. 6406 af 2008

Tilkynning samkvæmt lögum frá árinu 2000 um fjármálaþjónustu og –markaði varðandi
SCOTTISH MUTUAL ASSURANCE LIMITED
- og -
SCOTTISH PROVIDENT LIMITED
- og -
THE ROYAL LONDON MUTUAL INSURANCE SOCIETY LIMITED

Þann 7. ágúst 2008 lögðu Scottish Mutual Assurance Limited („**SMA**"), Scottish Provident Limited („**SPL**") og The Royal London Mutual Insurance Society Limited („**Royal London**") fram beiðni um úrskurð við High Court of Justice, Chancery Division, Companies Court í Lundúnum samkvæmt 107. kafla laga um fjármálaþjónustu og –markaði frá 2000 („**Lögin**"):

(i) samkvæmt 111. kafla laganna til heimildar áætlunar („**Áætlunin**") sem miðar að því að flytja tiltekna vátryggingarstarfsemi sem SMA og SPL hafa haft með höndum til Royal London; og

(ii) setja viðbótarákvæði í tengslum við áætlunina í samræmi við 112. og 112A. kafla laganna.

Hægt er að fá ókeypis afrit af skýrslu um skilmála áætlunarinnar gerðri af óháðum sérfræðingi í samræmi við 109. kafla laganna („**Skýrsla áætlunarinnar**"), bæklinga sem innhalda yfirlýsingu er varða skilmála áætlunarinnar og samantekt á skýrslu áætlunarinnar auk áætlunarskjalsins, með því að hafa samband við SMA, SPL eða Royal London (eins og við á hverju sinni) með því að nota viðeigandi símanúmer eða heimilisföng hér á eftir. Þessi skjöl og önnur tengd skjöl (þ.m.t. tryggingarfræðilegar skýrslur og afrit af upplýsingum til tryggingartaka) eru fáanleg á vefsíðum SMA og SPL, www.scottishprovident.com/transfer2008.html og á vefsíðu Royal London, www.royallondongroup.co.uk/AboutUs/ProposedTransfers.asp.

Öllum spurningum eða fyrirspurnum er varða áætlaðan flutning þennan, ætti að beina til SMA, SPL eða Royal London (eins og við á hverju sinni) með því að nota viðeigandi símanúmer eða heimilisföng hér á eftir:

Funds Merger Team
Scottish Mutual Assurance Limited and
Scottish Provident Limited
301 St. Vincent Street
GLASGOW
G2 5HN
Sími: 0845 607 0585, eða ef hringt er erlendis frá: +44 (0)141 272 6605

Fund Transfer Team
Customer Services
The Royal London Mutual Insurance Society Limited
Royal London House
Alderley Road
WILMSLOW
SK9 1PF
Sími: 0845 050 8000, eða ef hringt er erlendis frá: +44 (0)1625 604 299

Beiðnin verður tekin fyrir í Royal Courts of Justice, Strand, London WC2A 2LL þann 4. desember 2008. Allir þeir (þar með taldir allir starfsmenn SMA, SPL eða Royal London) sem telja að framkvæmd áætlunarinnar gæti skaðað þá geta verið viðstaddir réttarhöldin og tjáð skoðanir sínar, annaðhvort í eigin persónu eða í gegnum lögmann. Hver sem þess óskar er beðinn um að láta einhvern af málafærslumönnunum (eins og við á hverju sinni) hér að neðan vita sem fyrst, skriflega, að minnsta kosti fyrir 27. nóvember 2008 og setja fram forsendur andmæla sinna.

Hver svo sem andmælir áætluninni en ætlar sér ekki að mæta við réttarhöldin getur lagt fram mótmæli sín varðandi áætlunina með því að tilkynna SMA, SPL eða Royal London (eins og við á hverju sinni) eða einhverjum af málafærslumönnunum hér að neðan (eins og við á hverju sinni) skriflega mótmæli sín eins fljótt og auðið er og að minnsta kosti fyrir 27. nóvember 2008 og setja fram forsendur andmæla sinna.

Dagsett 15. ágúst 2008

Slaughter and May
One Bunhill Row
London EC1Y 8YY
Ref: OAW/DZK

Málafærslumenn SMA og SPL

Herbert Smith LLP
Exchange House
Primrose Street
London EC2A 2HS
Ref: 2067/3797

Málafærslumenn Royal London

VIÐ THE HIGH COURT OF JUSTICE
CHANCERY DIVISION
COMPANIES COURT

Nr. 6361 af 2008

Tilkynning samkvæmt lögum frá árinu 2000 um fjármálaþjónustu og –markaði varðandi
SCOTTISH MUTUAL ASSURANCE LIMITED
- og -
SCOTTISH PROVIDENT LIMITED
- og -
PHOENIX LIFE LIMITED

Þann 7. ágúst 2008 lögðu Scottish Mutual Assurance Limited („**SMA**"), Scottish Provident Limited („**SPL**") og Phoenix Life Limited („**Phoenix**") fram beiðni um úrskurð við High Court of Justice, Chancery Division, Companies Court í Lundúnum samkvæmt 107, kafla laga um fjármálaþjónustu og –markaði frá 2000 („**Lögin**"):

(i) samkvæmt 111. kafla laganna til heimildar áætlunar („**Áætlunin**") sem miðar að því að flytja hluta tryggingarstarfsemi sem SMA og SPL hafa haft með höndum til Phoenix; og

(ii) setja viðbótarákvæði í tengslum við áætlunina í samræmi við 112. og 112A. kafla laganna.

Hægt er að fá ókeypis afrit af skýrslu um skilmála áætlunarinnar gerðri af óháðum sérfræðingi í samræmi við 109. kafla laganna („**Skýrsla áætlunarinnar**"), bæklinga sem innhalda yfirlýsingu er varða skilmála áætlunarinnar og samantekt á skýrslu áætlunarinnar auk áætlunarskjalsins, með því að hafa samband við SMA, SPL eða Phoenix (eins og við á hverju sinni) með því að nota eftirfarandi símanúmer og heimilisföng. Þessi skjöl og önnur tengd skjöl (þ.m.t. tryggingarfræðilegar skýrslur og afrit af upplýsingum til tryggingartaka) eru fáanleg á vefsíðu SMA, www.scottishmutual.co.uk/simplify2008.html, hjá SPL, www.scotprov.co.uk/simplify2008.html eða www.scotprov.ie/simplify2008.html og á vefsíðu Phoenix, www.phoenixlifegroup.co.uk/simplify2008.shtml.

Öllum spurningum eða fyrirspurnum er varða áætlaðan flutning þennan, ætti að beina til SMA, SPL eða Phoenix (eins og við á hverju sinni) með því að nota eftirfarandi símanúmer og heimilisföng:

Phoenix Life Limited, Scottish Mutual Assurance Limited eða Scottish Provident Limited

Funds Merger Team
1 Wythall Green Way
Wythall
BIRMINGHAM
B47 6WG
Sími: 0845 938 0521, eða ef hringt er erlendis frá: +44 (0)1564 20 7057

Beiðnin verður tekin fyrir í Royal Courts of Justice, Strand, London WC2A 2LL þann 4. desember 2008. Allir þeir (þar með taldir allir starfsmenn SMA, SPL eða Phoenix) sem telja að framkvæmd áætlunarinnar gæti skaðað þá geta verið viðstaddir réttarhöldin og tjáð skoðanir sínar, annaðhvort í eigin persónu eða í gegnum lögmann. Hver sem þess óskar er beðinn um að láta málafærslumennina hér að neðan vita sem fyrst skriflega, að minnsta kosti fyrir 27. nóvember 2008 og setja fram forsendur andmæla sinna.

Hver svo sem andmælir áætluninni en ætlar sér ekki að mæta við réttarhöldin getur lagt fram mótmæli sín varðandi áætlunina með því að tilkynna SMA, SPL eða Phoenix (eins og við á hverju sinni) eða málafærslumönnunum hér að neðan skriflega mótmæli sín eins fljótt og auðið er og að minnsta kosti fyrir 27. nóvember 2008.

Dagsett 15. ágúst 2008

Slaughter and May
One Bunhill Row
London EC1Y 8YY
Ref: OAW/DZK

Málafærslumenn SMA, SPL og Phoenix

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.242 **+0,79%**

Fjöldi viðskipta: 247
Velta: 1.570 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATL. PETROLEUM	+8,0%
EXISTA	+6,17%
BAKKAVÖR	+1,55%

MESTA LÆKKUN

ATORKA	-0,91%
ATL. AIRWAYS	-0,49%
ALFESCA	-0,30%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,72 -0,30% ... Atorka 5,46 -0,91% ... Bakkavör 29,45 +1,55% ... Eimskipafélagið 14,15 +0,00% ... Exista 8,09 +6,17% ... Glitnir 15,25 +0,33% ... Icelandair Group 17,65 +0,00% ... Kaupþing 716,00 +0,85% ... Landsbankinn 23,15 +0,00% ... Marel 87,00 +0,35% ... SPRON 3,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,28 +0,11% ... Össur 88,20 +0,11%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

FRAMKVÆMDIR VIÐ TÓNLISTARHÚS Steinn Logi Björnsson, framkvæmdastjóri Húsasmiðjunnar, segir að júlí hafi verið metmánuður í sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sölumet slegið í miðri kreppu

Sala á steypu og steypustyrktarjárni eykst þrátt fyrir kreppu. Ástæðan er rakin til opinberra framkvæmda. Sölumet hjá Húsasmiðjunni og BM Vallá í júlí.

„Júlímánuður sló öll sölumet hjá okkur," segir Steinn Logi Björnsson, framkvæmdastjóri Húsasmiðjunnar.

Steinn segir að söluaukninguna megi að töluverðu leyti rekja til aukningar í sölu á steypustyrktarstáli þar sem aukningin hefur bæði verið í magni og veltu. Aukning er einnig í sölu á raflögnum og raflagnaefni.

Hann bendir þó á að ekki sé aukning í öllum vöruflokkum. Sem dæmi nefnir hann að samdráttur hafi verið í sölu á innréttingum, hurðum, gólfefni og öðrum smáhlutum í nýjar íbúðir.

Steinn bendir á að töluverð verðbólga hafi verið á tímabilinu sem auki heildarveltu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir verðbólgu þá er raunsala sú mesta í sögu Húsasmiðjunnar.

„Þetta er stærsti júlímánuður hjá okkur í sölu á steypu í Reykjavík," segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallá. Hann telur helstu ástæður söluaukningarinnar vera þá að margar stórar framkvæmdir séu um þessar mundir í Reykjavík sem hafi töluverð áhrif á sölu. Nefnir hann sem dæmi turninn við Smáralind og nýtt húsnæði Háskólans í Reykjavík.

Hann bendir auk þess á að salan hafi verið með ágætum, sérstaklega ef horft er framhjá sölu til íbúðabygginga.

Steinn Logi telur helstu ástæður þess að sölumet sé slegið nú að þrátt fyrir samdrátt í íbúðabyggingum séu aðrar framkvæmdir að koma mjög sterkt inn sem verki á móti samdrætti í íbúðabyggingum. Nefnir hann sem dæmi framkvæmdir við Tónlistarhús, Hellisheiðarvirkjun, Keflavíkurflugvöll, Helguvík og Héðinsfjarðargöng. „Auk þess njótum við góðs af því að vera sterkir á landsbyggðinni þar sem vöxturinn var ekki jafn mikill og í höfuðborginni og skellurinn því minni nú," segir Steinn. Hann bendir einnig á töluverðan uppgang á Austfjörðum og mörgum sjávarþorpum þar sem þau njóta góðs af gengisfalli krónunnar.

bjornthor@markadurinn.is

Stærstu hagkerfin dragast saman

Þrjú af stærstu hagkerfum Evrópu drógust saman á öðrum ársfjórðungi. Samkvæmt tölum sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) birti á fimmtudaginn skrapp hagkerfi sambandsins saman um 0,2 prósent á sama tíma. Samdrátturinn í Þýskalandi nam 0,5 prósentum, 0,3 prósentum í Frakklandi og samkvæmt tölum sem birtar voru í síðustu viku 0,3 prósentum í Ítalíu.

Hagkerfi Spánar og Englands uxu lítillega, en hagstofa Spánar birti á fimmtudag tölur sem sýndu 0,1 prósents hagvöxt á öðrum ársfjórðungi, og landsframleiðsla Englands óx um 0,2 prósent á sama tíma.

Eftirspurn eftir evrópskum útflutningi hefur dregist saman, en verðbólga hefur á sama tíma dregið úr einkaneyslu á heimamörkuðum. Verðbólga í Evrópu mælist nú 4,4 prósent. Samkvæmt mælingum hafa væntingar neytenda í Evrópu ekki verið verri síðan 1993.

Á miðvikudag birtu japönsk stjórnvöld tölur sem sýna að hagkerfi landsins dróst saman um 0,6 prósent á öðrum ársfjórðungi. **- msh**

BANKASTJÓRI ENGLANDSBANKA Mervyn King seðlabankastjóri segir að búast megi við „neikvæðum hagvexti" á næstu sex mánuðum. NORDICPHOTOS/AFP

Enn meiri **afsláttur**

habitat

Útihúsgögn
50 - 70% afsláttur.

10-70% AFSLÁTTUR

Útsala
10, 30, 50 og
70% afsláttur.

TE & KAFFI

» Frappuccino

» Cappuccino

0kr.

Fríir drykkir
Allir sem versla fyrir 3.000 kr. eða meira hjá Habitat, Eymundsson eða Stubbasmiðjunni fá frían kaffi- eða tedrykk hjá Te & Kaffi.

STUB BASM IÐJAN

Útsala
Allt að 50% afsláttur af húsgögnum
50% afsláttur af öllum Childhome vörum
50% afsláttur af Childwheels kerrum
10-30% afsláttur af meðgöngufatnaði
10% afsláttur af nýjum vörum
www.stubbasmidjan.is

50% AFSLÁTTUR

Eymundsson

10% AFSLÁTTUR

Útsala
10% afsláttur af öllum vörum.
Aðeins í Eymundsson Holtagörðum.

Tilboð með fyrirvara um prentvillur

Allt í Holtagörðum

– Ein frábær ferð

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI!

BÍLAO

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

Meira en 350 notaðir & nýir bílar á staðnum*

* Um er að ræða notaða bíla frá Bílalandi, nýja bíla frá B&L og IH, auk bíla frá bílaleigunni AVIS.

Býrðu utan höfuðborgarinnar?

Við viljum gera öllum kleift að gera góð kaup í BílaOutlet. Ef þú kaupir bíl hjá okkur og ert ekki búsettur á höfuðborgarsvæðinu munum við því endurgreiða flugmiðann (einn flugmiði á hvern bíl) og standa straum af eldsneytiskostnaði heimferðarinnar.

Þjónustusíminn: 575 12 30

Þjónustufulltrúar okkar eru tilbúnir að svara öllum spurningum um BílaOutlet. En viljirðu gera góð kaup skaltu drífa þig á staðinn sem allra fyrst!

700 þús. krónur í afslátt!

Frábærir lána-möguleikar!

Dæmi úr söluskrá:

HONDA ACCORD WAGON
Ek. 18 þús. Nýskr. 12/06. Ssk.
Verð áður: 2.790 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 2.090 þús. kr.

Bílarnir koma frá: bílaland · IH Ingvar Helgason · B&L · AVIS

Með fyrirvara um prentvillur.

OUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!!!

Rosalegt úrval!
Fáránlegt verð!

1.110 þús. kr. afsláttur!

TOYOTA LANDCRUISER 100 VX
Ek. 156 þús. Nýskr. 11/03. Ssk.
Verð áður: 5.550 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 4.440 þús. kr.

Í dag opnum við BílaOutlet á Völlunum í Hafnarfirði, það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Hjá okkur bjóðast betri kjör en nokkru sinni fyrr, verð sem er bara rugl, frábær lánakjör og betra úrval en þú finnur annars staðar. Við eigum notaða, nýja, stóra, litla, sparneytna, rúmgóða, kraftmikla, svarta...

Ford Focus C-MAX 2.0 Trend
Ek. 29 þús. Nýskr. 12/05. Ssk.
Verð áður: 2.090 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 1.570 þús. kr.

TOYOTA AVENSIS
Ek. 18 þús. Nýskr. 03/07. Ssk.
Verð áður: 3.290 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 2.490 þús. kr.

LEXUS RX 300
Ek. 82 þús. Nýskr. 10/02. Ssk.
Verð áður: 3.190 þús. kr.

OUTLETVERÐ: 2.390 þús. kr.

Opið alla helgina og til kl. 21 alla virka daga.

Tjarnarvöllum 3 | Hafnarfirði
Opið: mán-fös 12 - 21
lau 12 - 16, sun 13 - 16

BÍLAOUTLET

skoðun

greinar@frettabladid.is

Meirihlutaslit Sjálfstæðisflokksins.

Glundroðakenning gengur aftur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrir réttri viku var því spáð á þessum stað að fjórði meirihlutinn yrði myndaður í borgarstjórn fyrir lok kjörtímabilsins. Að spádómurinn skyldi ganga svo hratt eftir kemur hins vegar nokkuð á óvart.

Sjálfstæðismenn hafa ekki enn útskýrt hvað olli því að þeir ákváðu að slíta samstarfinu. Gleymum því ekki að það er aðeins rétt rúmlega vika liðin frá því að borgarfulltrúar flokksins stóðu þétt að baki borgarstjóra í því umdeilda máli að skipta út fulltrúa hans í skipulagsráði. Ekki varð þá betur heyrt af orðum oddvita Sjálfstæðisflokksins, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, en að allt léki í lyndi. Þeir sem fylgst hafa með borgarmálunum vissu betur. Það var aðeins tímaspursmál hvenær syði upp úr. Það verður fróðlegt að heyra hvað gerðist á þessari einu viku.

Nýr meirihluti í borgarstjórn er örugglega skásti kosturinn í stöðunni fyrir sjálfstæðismenn í borginni, nú þegar komið er á daginn að málefnasamningurinn var Ólafi mun meira virði en þeim. Það má líka reikna með að nýr meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks verði til þess að ró færist yfir borgarmálin. Það er ekki annað í boði fyrir þessa flokka en að vanda sig sérstaklega það sem eftir lifir kjörtímabils. Fall fyrri meirihluta þeirra var upphafið að farsanum sem borgarbúar hafa þurft að þola undanfarna ellefu mánuði, eða svo.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru greinilega fegnir að sjá á eftir Ólafi úr embætti borgarstjóra. Sama gildir örugglega um mikinn meirihluta borgarbúa.

Ólafur er staðfastur hugsjónarmaður og trúr sínum stefnumálum. Það er meira en sagt verður um flesta stjórnmálamenn. Ólafur var hins vegar ekki rétti maðurinn til að gegna starfi borgarstjóra eins og nánast allir aðrir en forystumenn Sjálfstæðisflokksins gerðu sér grein fyrir.

Að stofna til samstarfsins við Ólaf var alvarlegur skortur á pólitískri dómgreind. Í málefnasamningi flokkanna kom skýrt fram að sjálfstæðismenn höfðu ýtt til hliðar ýmsum af sínum helstu stefnumálum, enda sagði Ólafur réttilega að samningurinn byggði 70 prósent á stefnu F-lista.

En sjálfstæðismenn greiddu ekki aðeins fyrir sæti í meirihlutanum með því að fórna baráttumálum sínum. Hluti af kaupverði þeirra voru mörg hundruð milljón króna kaup á Laugavegi 4 og 6, húsum sem þeir höfðu áður samþykkt að yrðu rifin en Ólafur lagði höfðuáherslu á að fengju að standa áfram. Og sú upphæð var ekki greidd í Valhöll heldur var reikningurinn sendur íbúum Reykjavíkur.

Enginn efi er um að ábyrgðarleysið sem Sjálfstæðiflokkurinn hefur sýnt í borgarstjórn mun fylgja flokknum um langa tíð.

Glundroðakenningin svokallaða var lengi helsta áróðursvopn Sjálfstæðisflokksins gegn fjölflokkastjórn frá miðju til vinstri, hvort sem það var á landsvísu eða í borginni. Farsælt samstarf R-listans lagði þá kenningu í gröfina.

Nú er glundroðakenningin hins vegar risin upp frá dauðum og ofsækir skapara sinn. Hún nær algjörlega utan um hvað getur gerst þegar flokksaginn bilar í stórum flokki og menn hætta að ganga í takt. Glundroði er rétt lýsing á borgarpólitíkinni í boði Sjálfstæðisflokks. Það er ekkert sem segir að sama geti ekki gerst í landsmálunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aðhlátursefni
Flestum fannst það með nokkrum ólíkindum þegar annar borgarstjórnarmeirihlutinn á kjörtímabilinu var myndaður, haustið 2007. Enda fordæmalaust. Að sama skapi var það með miklum ólíkindum þegar þriðji meirihlutinn var myndaður í janúar á þessu ári. Í því ljósi væri eðlilegt að nota hástemmdari orð, nú þegar fjórði meirihlutinn verður til, en það er ekki gert. Enda alls óvíst hve lengi hann mun starfa og á hvaða forsendum hann er myndaður. Stjórnmálin í Reykjavík eru orðin aðhlátursefni. Allir borgarfulltrúarnir, núverandi og burtflognir, eiga sína sneið í þeirri köku.

Breyttir tímar
Sú var tíðin að reisn var yfir borgarpólitíkinni. Menn störfuðu í borgarstjórn af því að þeir höfðu áhuga á málefnum borgarinnar. Sú tíð er hins vegar liðin. Nú virðist fólk sækja í borgarstjórnina af því að það hefur áhuga á sjálfu sér.

Nýtt hugarfar, takk
Ef borgarbúar eiga að geta gert sér vonir um að þetta breytist aftur til fyrri vegar þurfa að verða gagngerar breytingar á hugarfari stjórnmálamannanna. Þeir þurfa að átta sig á því að þeir vinna í umboði borgarbúa og sýsla með almannafé í störfum sínum. En fyrst og fremst þurfa þeir að nálgast öll viðfangsefni sín af mikilli alúð og heilmikilli auðmýkt. Það getur ekki verið að Reykvíkingar eigi skilið þann fáránleika sem stjórnmálamennirnir hafa boðið upp á síðustu 26 mánuði.

bjorn@frettabladid.is

SPOTTIÐ

Vegur til sátta

UMRÆÐAN
Skúli Helgason skrifar um umhverfismál.

SKÚLI HELGASON

Ísland nýtur verðskuldaðrar athygli á alþjóðavettvangi fyrir gnótt endurnýjanlegrar orku og sérþekkingu á heimsmælikvarða á hagnýtingu grænnar orku. Hér liggur stærsta sóknarfæri Íslendinga á komandi árum en það getur hæglega breyst í andhverfu sína ef við förum ekki gætilega með fjöreggið. Vandi fylgir vegsemd hverri og ábyrgð okkar er mikil að vanda til verka þegar kemur að nýtingu hinnar grænu orku á heimavígstöðvunum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir er umhverfisráðherra sem stendur undir nafni og tekur alvarlega það hlutverk að standa vörð um þau verðmæti sem felast í náttúru landsins. Átökin um stóriðjuuppbyggingu eru líkt og hermálið á síðustu öld það pólitíska deiluefni sem valdið hefur djúpstæðari klofningi meðal þjóðarinnar en nokkur önnur á fyrsta áratug þessarar aldar. En með ákvörðun umhverfisráðherra um að virkjanir fyrir norðan og álver á Bakka skuli fara í sameiginlegt umhverfismat er stigið mikilvægt skref í átt til sátta milli sjónarmiða náttúruverndar og nýtingar orkuauðlinda. Þessi fullyrðing kann að koma þeim spánskt fyrir sjónir sem heyrt hafa stóryrtar yfirlýsingar stuðningsmanna álvers á Bakka, en þeir finna úrskurði umhverfisráðherra allt til foráttu og tala eins og himinn og jörð séu að farast.

En kjarni málsins er sá að það verður enginn friður um orkufrekan iðnað í landinu á næstu árum nema jafnvægis verði gætt milli sjónarmiða auðlindanýtingar og náttúruverndar og leitað leiða til að tryggja að framkvæmdir feli ekki í sér óafturkræfar fórnir á viðkvæmum náttúruperlum.

Ákvörðun umhverfisráðherra er besta leiðin til að gefa framkvæmdunum fyrir norðan eins konar gæðavottorð því ef niðurstaða umhverfismatsins verður jákvæð mun það koma framkvæmdaaðilunum betur þegar til lengri tíma er litið að fram hafi farið svo vandað umhverfismat.

Formælendur framkvæmdanna bera sig illa vegna þess að ákvörðun um sameiginlegt umhverfismat geti seinkað verkefninu. Hér er nauðsynlegt að gera greinarmun á umhverfismatsferlinu annars vegar og framkvæmdaferlinu hins vegar. Ljóst er að matsferlinu mun seinka um einhverja mánuði en ráðherra hefur lagt áherslu á að ferlinu sem er á höndum Skipulagsstofnunar verði þó hraðað sem kostur er. Lengra matsferli þýðir hins vegar ekki að töf verði á framkvæmdunum að matsferli loknu. Norðlendingar geta því andað rólega og eiga að nýta sér sóknarfærin sem felast í því að framkvæmdirnar verði undirbúnar af vandvirkni og í sátt við umhverfið.

Það er sú stefna sem við Íslendingar eigum að hafa í heiðri og vísar veginn frá þeirri blindu stóriðjustefnu sem fyrri ríkisstjórn fylgdi á sínum tólf ára ferli og fólst í skilyrðislausum forgangi stóriðju í íslensku atvinnulífi á kostnað annarrar atvinnustarfsemi. Samfylkingin í ríkisstjórn vinnur samkvæmt þeirri stefnu að jafnræði ríki milli atvinnugreina á Íslandi, með aukinni áherslu á nýsköpun og hátækni og vistvæna orkustefnu þar sem saman fer skynsamleg nýting náttúruauðlinda og virðing fyrir sjónarmiðum náttúruverndar. Það er vegurinn til sátta og leiðin úr því öngstræti að umræða um umhverfismál á Íslandi hverfist að mestu um afstöðu til tiltekinna álverksmiðja meðan risavaxin viðfangsefni eins og viðbrögð við loftslagsvá heima og á heimsvísu falla í skuggann. Umhverfisráðherra hefur gefið tóninn.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.

SVONA TILBOÐ FÆRÐU BARA Í BÍLAOUTLET!

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

HYUNDAI TUCSON 2.0
Ek. 8 þús. Nýskr. 12/06. Bsk.
Verð áður: 2.850 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.990 þús. kr.

MITSUBISHI PAJERO
Ek. 40 þús. Nýskr. 11/06. Ssk.
Verð áður: 5.190 þús. kr.
OUTLETVERÐ
4.680 þús. kr.

IVECO 50C
Ek. 74 þús. Nýskr. 05/05. Bsk.
Verð áður: 4.990 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.990 þús. kr.

KIA OPIRUS
Ek. 65 þús. Nýskr. 08/04. Ssk.
Verð áður: 2.490 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.490 þús. kr.

CITROËN C5
Ek. 84 þús. Nýskr. 07/05. Ssk.
Verð áður: 1.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ
950 þús. kr.

MAZDA 2
Ek. 5 þús. Nýskr. 05/08. Bsk.
Verð áður: 2.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.720 þús. kr.

MAZDA 6
Ek. 60 þús. Nýskr. 04/05. Ssk.
Verð áður: 1.920 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.440 þús. kr.

VOLVO S40
Ek. 54 þús. Nýskr. 07/04. Ssk.
Verð áður: 2.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.720 þús. kr.

KIA SORENTO
Ek. 120 þús. Nýskr. 06/03. Bsk.
Verð áður: 1.390 þús. kr.
OUTLETVERÐ
830 þús. kr.

FORD ESCAPE XLS 4X4
Ek. 87 þús. Nýskr. 12/04. Ssk.
Verð áður: 2.030 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.220 þús. kr.

FORD FOCUS
Ek. 98 þús. Nýskr. 07/03. Ssk.
Verð áður: 1.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
770 þús. kr.

Frábærir lána-möguleikar!

LEXUS RX300
Ek. 90 þús. Nýskr. 12/02. Ssk.
Verð áður: 2.950 þús. kr.
OUTLETVERÐ
2.220 þús. kr.

TOYOTA RAV4
Ek. 127 þús. Nýskr. 05/02. Ssk.
Verð áður: 1.590 þús kr.
OUTLETVERÐ
1.150 þús. kr.

MERCEDES BENZ CLK 200
Ek. 120 þús. Nýskr. 05/98. Ssk.
Verð áður: 1.540 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.080 þús. kr.

TOYOTA LAND CRUISER 100 VX
Ek. 156 þús. Nýskr. 11/03. Ssk.
Verð áður: 5.550 þús. kr.
OUTLETVERÐ
4.440 þús. kr.

MAZDA 3
Ek. 67 þús. Nýskr. 02/05. Bsk.
Verð áður: 1.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.290 þús. kr.

ISUZU TROOPER
Ek. 140 þús. Nýskr. 10/99. Bsk.
Verð áður: 1.150 þús. kr.
OUTLETVERÐ
690 þús. kr.

MITSUBISHI PAJERO GLS
Ek. 177 þús. Nýskr. 08/01. Ssk.
Verð áður: 2.640 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.720 þús. kr.

VW TOUAREG V10
Ek. 67 þús. Nýskr. 10/03. Ssk. Diesel.
Verð áður: 5.590 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.990 þús. kr.

HONDA ACCORD WAGON
Ek. 18 þús, Nýskr. 12/06. Ssk.
Verð áður: 2.790 þús. kr.
OUTLETVERÐ
2.090 þús. kr.

TOYOTA COROLLA 1.6 VTI
Ek. 78 þús. Nýskr. 07/03. Ssk.
Verð áður: 1.390 þús. kr.
OUTLETVERÐ
990 þús. kr.

TOYOTA AVENSIS 1.8
Ek. 40 þús. Nýskr. 02/06. Bsk.
Verð áður: 2.590 þús. kr.
OUTLETVERÐ
2.070 þús. kr.

MITSUBISHI PAJERO SPORT
Ek. 43 þús. Nýskr. 11/05. Bsk.
Verð áður: 2.870 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.870 þús. kr.

bílaland | IH NGVAR HELGASON | AVIS

Tjarnarvöllum 3 | Hafnarfirði | Opið: mán-fös 12-21, lau 12-16, sun 13-16

BÍLAOUTLET

*Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM36009

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðdís Guðmundsdóttir

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 6. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Reynir Sveinsson
Smári Sveinsson
Kristinn Sveinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðlaug Leifsdóttir
Bergdís Sigurðardóttir

†

Okkar ástkæra

Ágústa Skúladóttir
Vallholti 39, Selfossi,

sem lést mánudaginn 4. ágúst verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 16. ágúst klukkan 11.00.

Kjartan T. Ólafsson

Jökull Veigar Kjartansson
Ólafur Helgi Kjartansson
Skúli Kjartansson
Hjálmar Kjartansson
Bergdís Linda Kjartansdóttir

Elín Sigmarsdóttir
Þórdís Jónsdóttir
Nancy Barish
Guðný Anna Arnþórsdóttir
Þórður Kristjánsson

ömmu- og langömmubörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ragnar Vigfússon
síðast til heimilis að
Miklubraut 1, Reykjavík,

lést föstudaginn 8. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 20. ágúst kl. 13.30. Jarðsett verður í Vopnafjarðarkirkjugarði fimmtudaginn 21. ágúst.

Vigfús Már Ragnarsson
Sigþór Viðar Ragnarsson
Jóhannes Óli Ragnarsson
Ragnar Þór Ragnarsson
Andrias E. Vigfússon
Arndís E. Vigfúsdóttir
Alexander Máni Sigþórsson

Margith Eysturtún
Elsa Auður Sigfúsdóttir
Lena Rögnvaldsdóttir

†

Okkar ástkæra

Unnur Kristjánsdóttir
frá Þingvöllum,

andaðist á sjúkrahúsi Stykkishólms 11. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Aðstandendur.

†

Ástkær sambýlismaður minn og bróðir,

Svanur Jónsson
frá Höfnum, Njálsgötu 32B, Reykjavík,

lést sunnudaginn 3. ágúst á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Pranom Mankamnert
Ragna Bjarnadóttir (Lóa).

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

DEBRA MESSING LEIKKONA ER 40 ÁRA Í DAG

„Þegar ég var barn söng ég ávallt og dansaði fyrir móður mína, á milli þess sem ég horfði á þættina I love Lucy og The Carol Burnett Show.“

Debra Messing fæddist þennan dag í Brooklyn, New York. Hún er þekktust fyrir leik sinn í skemmtiþáttunum Will & Grace.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. ÁGÚST 1969

Rokkhátíð allra tíma

Á þessum degi árið 1969 hófst tónlistarhátíðin Woodstock. Hátíðin var haldin í Bethel í New York-ríki, sextíu og níu kílómetrum frá bænum Woodstock.

Woodstock-hátíðin einkenndi þau menningarskil sem áttu sér stað í bandarísku samfélagi. Ungt fólk þessa tíma vildi meira frelsi og reis upp gegn íhaldssömum gildum sjötta áratugarins og afturhaldslegri stjórnmálastefnu kalda stríðsins. Hippatímabilið blómstraði bæði í samfélaginu og á hátíðinni.

Talið er að rúmlega fjögur hundruð þúsund manns hafi komið saman til að hlýða á þá sem fram komu á hátíðinni. Meðal þeirra sem spiluðu voru: Jimi Hendrix, Joe Cocker, Creedence Clearwater Revival og Joni Mitchell.

Slagorð Woodstock voru; Þrír dagar af tónlist og frið og var hátíðin sú stærsta í heiminum á þessum tíma.

Tímaritið Rolling Stone valdi Woodstock-hátíðina á lista yfir fimmtíu stærstu atburði sem breytt hafa sögu rokksins.

ÖRN MAGNÚSSON, framkvæmdastjóri Berjadaga í Ólafsfirði, segir dagskrána í ár stórglæsilega að vanda. MYND/SINDRI SVAN ÓLAFSSON

TÓNLISTARHÁTIÐIN BERJADAGAR Í ÓLAFSFIRÐI: HALDIN Í TÍUNDA SINN

Árstíðirnar í fallegri náttúru

Í dag hefst tónlistarhátíðin Berjadagar í Ólafsfirði og stendur hátíðin fram á sunnudag. Þetta er í tíunda sinn sem hátíðin er haldin.

Örn Magnússon, listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir að ýmislegt verði gert til halda upp á þessi tímamót, en á hátíðinni er flutt aðgengileg kammertónlist auk annarra uppákomna.

Að sögn Arnar var löngu búið að ákveða að flytja Árstíðirnar fjórar eftir Vivaldi á tíu ára afmæli hátíðarinnar. „Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari leikur einleik í Árstíðunum og hefur hún fengið til liðs við sig gott fólk úr Sinfóníuhljómsveitinni, Bachsveitinni í Skálholti og úr öðrum sveitum. Guðmundur Ólafsson leikari mun svo lesa sonettur Árstíðanna,“ segir Örn.

Á laugardaginn verða tónleikar í gömlu kirkjunni á Kvíabekk þar sem flutt verður tónlist úr íslenskum handritum við undirleik gamalla hljóðfæra. „Notuð verða hljóðfæri sem sjást ekki á hverjum degi, eins og langspil, harpa og gígja. Það verður fjölskylduhljómsveitin Spilmenn Ríkínís sem flytur veraldleg lög, ástarljóð og kvæði úr handritinu Melódíu frá 1650,“ segir Örn. Enn fremur mun Eggert Pétursson myndlistarmaður opna sýningu á nýjum verkum í Listhúsi í Fjallabyggð.

Að sögn Arnar verður hátíðin í ár með hefðbundnu sniði. „Við höfum alltaf vandað okkur mjög með efnisskrána þannig að ég vil nú ekki segja að þessi hátíð verði glæsilegri en fyrri hátíðir. Þær hafa alltaf verið mjög vandaðar,“ segir Örn, en hann hefur verið framkvæmdastjóri hátíðarinnar nær öll árin. Einkunnarorð Berjadaga eru tónlist og náttúra og segir Örn hugmyndina þá að fólk geti notið fallegrar tónlistar í stórbrotinni náttúru Tröllaskagans.

Örn er sjálfur klassískt menntaður píanóleikari og hugsuðurinn á bak við hátíðina. „Ég var í tónlistarnámi erlendis og mig langaði að flytja tónlistina heim til Ólafsfjarðar, en ég er þaðan. Haustið er líka eftirlætistíminn minn. Þannig varð hugmyndin að hátíðinni til,“ segir Örn.

Á þeim tíu árum sem Berjadagar hafa verið haldnir hefur hróður hennar og orðspor farið vaxandi. „Hátíðinni hefur verið vel tekið og ljómandi vel sótt,“ segir Örn.

Þeir sem vilja kynna sér dagskrá hátíðarinnar er bent á heimasíðuna www.fjallabyggd.is. **klara@frettabladid.is**

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hörður Þórhallsson
húsasmiður, Brúnavegi 5, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 12. ágúst. Verður jarðsunginn föstudaginn 22. ágúst kl. 15.00 frá kirkju Óháða safnaðarins.

Halldóra K. Guðjónsdóttir

Elín Birna Harðardóttir
Katrín Úrsúla Harðardóttir
G. Svafa Harðardóttir
Þórhallur G. Harðarson

Ársæll Gunnsteinsson
Guðni B. Guðnason

Brynja Björk Rögnvaldsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín H. H. Magnúsdóttir

sem andaðist 1. ágúst sl., verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

Arndís R. Magnúsdóttir
Magnús Á. Magnússon
Sverrir S. Magnússon
Sævar Magnússon
Halla B. Magnúsdóttir

Gunnar G. Kristjánsson
Hrafnhildur Ingólfsdóttir
Svala H. Jónsdóttir
Halla Þ. Stephensen
Þorsteinn G. Ólason

barnabörn og barnabarnabörn.

Ódýrt og gott
í hádeginu

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Fylltar pönnukökur (crépes), samlokur, pizzur, súpubar, nýbökuð brauð og gómsætan salatbar. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur. Nýlega bættust svo belgískar vöfflur á matseðilinn (láttu það eftir þér – þær eru algerlega þess virði).

Við Perluna eru **næg ókeypis bílastæði**.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

4ra rétta tilboð
á veitingastað Perlunnar

Léttreyktur lax
með granateplum og wasabi-sósu
Rjómalöguð humarsúpa
með grilluðum humarhölum
Lambahryggur
með lambaskanka og rósmarínsósu
Banana- og súkkulaðifrauð
með vanillusósu

Verð: 6.490 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Sigurður eldaði humar með seljurót en rétturinn getur bæði verið for- og aðalréttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Pantar sér aldrei mat

Sigurður Frosti, matreiðslumaður á Humarhúsinu, gefur gómsæta uppskrift að humri með seljurót og hollandaise-sósu.

Sigurður Frosti Baldvinsson, matreiðslumaður á Humarhúsinu, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Blaðamaður náði tali af honum milli rétta og fékk uppskrift að einum af matseðlinum. „Rétturinn heitir Humar og seljurót og getur bæði verið forréttur eða aðalréttur," segir Sigurður en uppskriftin skiptist í þrennt; seljurótarmauk, hollandaisesósu og steiktan humar. „Byrjað er á því að afhýða seljurótina og skera hana í teninga. Þá er hún soðin í g-mjólk þar til hún er orðin meyr og fín, síðan sigtuð frá og maukuð í matvinnsluvél. Rjóma er bætt við maukið og saltað og piprað eftir smekk," segir Sigurður og lýsir svo hollandaisesósunni. „Þeytt er saman einni eggjarauðu og örlitlu ediki þar til blandan er orðin ljós og létt. 100 grömmum af bræddu smjöri er hellt út í í mjórri bunu og þeytt áfram þar til eggið og smjörið binst saman. Kryddað er til með salti, pipar og limesafa og söxuðum kóríander blandað saman við. Að lokum er humarinn snöggsteiktur á vel heitri pönnu og kryddaður með örlítilli hvítlauksolíu og salti. Seljurótarmaukið er sett í djúpan disk, humrinum raðað ofan á og örlítilli sósu hellt yfir."

Lesendur geta þreytt sig á þessari gómsætu uppskrift sem Sigurður segir að sé ekki svo flókin. Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvort eldamennskan sé jafn metnaðarfull þegar heim er komið, en Sigurður á tvö börn með konu sinni. „Ég elda bara eitthvað ofboðslega auðvelt, eitthvað sem fjölskyldan getur borðað. Ég panta mér þó aldrei mat." *mariathora@frettabladid.is*

Bakstur er skemmtileg fjölskylduskemmtun. Hvort sem bakaðar eru kökur, brauð eða eitthvað annað er það alltaf jafn gaman.

Út að borða í sveitinni

Skemmtilegur veitingastaður leynist stutt frá Bifröst en á matseðlinum má finna góða tilbreytingu frá skyndibitafæðunni sem ferðalangar neyta gjarnan.

Að sögn Jóhanns Harðarsonar, eiganda Hraunsnefs, eru erlendir ferðamenn mjög forvitnir um þjóðlegan mat. MYND/HÖG,SKESSUHORN

Veitingastaðurinn er staðsettur á sveitahótelinu Hraunsnefi. Matseðillinn er bæði fjölbreyttur og þjóðlegur og skemmtileg tilbreyting frá sjoppumatseðlum bensínstöðvanna. Veitingastaðurinn að Hraunsnefi liggur alveg við þjóðveginn, um þrjá og hálfan kílómetra frá Bifröst, rétt áður en beygt er að Brattabrekku.

Að sögn Jóhanns Harðarsonar, annars eigenda Hraunsnefs, er veitingastaðurinn opinn öllum, bæði hótelgestum og gangandi. „Yfir vetrartímann fáum við mikið af fólki bæði frá Bifröst og héðan úr sveitinni og á sumrin bætast ferðalangarnir við," segir Jóhann.

Matseðill staðarins er mjög fjölbreyttur. Hægt er að fá allt frá hamborgurum yfir í mjög þjóðlega rétti. „Við erum alltaf með plokkfisk á matseðlinum og grjónagraut fyrir krakkana og er grauturinn miklu vinsælli en hamborgararnir. Í sumar fórum við af stað með nýjan sjö rétta smakk-matseðil þar sem við buðum meðal annars upp á harðfisk, kjötsúpu, hangikjöt og súra punga. Þeir erlendu ferðamenn sem koma hingað eru mjög áhugasamir um íslenskan mat. Hugmyndin að þessum smakk-matseðli spratt af þessum áhuga," segir Jóhann.

Rauðsprettan er með karamelluperlulauk og kartöfluteningum og er einstaklega ljúffeng.

Mikið er af fiskréttum á matseðlinum og að sögn Jóhanns er áhuginn á fiskréttunum mikill. „Útlendingar hafa alltaf verið spenntir fyrir íslenskum fiski, og mér finnst áhugi Íslendinga vera að aukast líka," útskýrir hann.

Hraunsnef var opnað árið 2005 og varð fljótlega vinsæll staður. „Það tekur ákveðinn tíma að koma því inn hjá sveitungunum að það sé hægt að fara út að borða án þess að fara til Reykjavíkur. Núna eru margir farnir að koma til okkar reglulega og við erum mjög ánægð með það," segir Jóhann.

Yfir sumartímann er veitingastaðurinn opinn frá hádegi fram á kvöld, en frá og með fyrsta september verður opið frá fimm á daginn en lokað á mánudögum. „Það er okkar reynsla að fólk er lítið á ferðinni á mánudögum," segir Jóhann.

Þeir sem vilja kynna sér veitingastaðinn að Hraunsnefi betur er bent á heimasíðuna www.hraunsnef.is.

klara@frettabladid.is

Draugasetrið á Stokkseyri er skemmtilegur og fræðandi staður sem gaman er að heimsækja. Áhugaverður áningarstaður í sunnudagsbíltúrnum.

Komdu vinur í Kántrýbæ

Kántrýdagar á Skagaströnd verða haldnir um helgina.

Kántrýdagar eru haldnir á Skagaströnd eins og flestir vita og verða þeir haldnir um þessa helgi. Dagskráin verður einstaklega skemmtileg og fjölbreytt í ár. „Dagskráin er mjög fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það eru tónleikar, sýningar eða námskeið sem fólk er að leita eftir," segir Sigurður Sigurðarson, markaðsráðgjafi Sveitarfélagsins á Skagaströnd. „Til dæmis verður spákonan Sigríður Klingenberg með uppistand í Café Bjarmanesi, dansleikur verður með hljómsveitinni Janus í Kántrýbæ og myndlistarsýningar. Þetta er einungis brot af dagskránni, svo mikið er í boði."

Einn áhugaverður atburður er svokallað „busker"-námskeið. „Busk" er aldagömul listgrein og hluti af menningu margra stórborga. „Buskarar" koma fram á götum og torgum og eru með alls kyns uppistand, spila, syngja og margt fleira.

Aðalleiðbeinandinn á námskeiðinu verður tónlistarmaðurinn KK. Þátttakendum gefst kostur á að reyna sig við busk á Skagaströnd og jafnvel koma fram á sviði ásamt KK og fleiri buskurum á Kántrýdögunum. KK hefur fengið sér til halds og trausts einn þekktasta busker Evrópu, Leo Gillespie.

Það er líf og fjör á Kántrýdögum. MYND/ÁRNI GEIR INGVARSSON

Öllum er heimil þátttaka, skiptir ekki máli á hvaða hljóðfæri þátttakendur spila.

Námskeiðið hófst í gær og stendur til sunnudags en mögulegt er að vera með frá föstudegi til sunnudags. Skráning er hafin á vefnum skagastrond@gmail.com.

Á Kántrýdögum verða einnig haldnir Listadagar í fyrsta sinn. Þeir verða í gamla frystihúsinu við Einbúastíg. „Ég fékk þessa flugu í höfuðið fyrir um ári og fékk Maríu Markovic með mér í lið til að láta Listadagana verða að veruleika," segir Erla María Lárusdóttir, einn skipuleggjenda Listadaga. „Við erum með fólk á ýmsum aldri sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast Skagaströnd á einhvern hátt."

„Á Listadögum verða sýningar eftir ljósmyndara og málara. Sýndar verða teikningar og ljóð flutt og tónlist leikin. Á opnunarhátíðinni á laugardaginn verða síðan tónleikar þar sem fjölbreytt tónlist verður flutt."

Þátttakendur í Listadögum eru á öllum aldri. „Sá yngsti er að ég held 8 ára og sá elsti er á elliheimili," segir Erla María spennt. Ókeypis er inn á hátíðina og á tjaldsvæðin. Allar nánari upplýsingar má nálgast á www.skagastrond.is.

sigridurp@frettabladid.is

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Sölu-umboð í Reykjanesbæ sími 420 5000 HEKLA

CHEVROLET CORVETTE COUPE 02/'05 ek. 30þ. Hlaðinn aukabúnaði glæsilegt tryllitæki. Verð 6.590 þ. Athuga ýmis skipti t.d á 2 bílum. S. 868 5930.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 230
Reykjanesbæ
Sími: 420 5000
www.heklakef.is

TOYOTA SELFOSSI

Lexus RX300 EXE (112053) 2/2005, bensín, ssk., ekinn 64 þús. km, leður, rafmagn í öllu, dráttarkr, ofl... Ásett verð 4.590 þús. Áhvílandi 3.950 þús. FÆST Á YFIRTÖKU!

Toyota Yaris Luna (212315) 11/2000, bensín, 5 gíra bsk., ekinn 110 þús. km, fjarst samlæs, rafdr. rúður, ofl. Gott eintak. Ásett verð 670 þús.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

Bílaport

Mercedes Benz E 270 CDI árgerð 2003, ekinn 94 þ.km. Ásett verð kr. 3.990.000,- Nú kr. 3.390.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Mercedes Benz 200 W123 árgerð 1984, ekinn 149 þ.km. Nýinnfluttur frá Þýskalandi. Verð kr. 650.000,-

Harley Davidson VRSCR STREET ROD árgerð 2006, ekið 2 þ.m. Flott hjól á vetrarverði. Gríptu tækifærið núna !! Aðeins kr. 1.580.000,-

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

100bílar.is bílasala

Toyota LAND CRUISER 200 VX 35", 2008, ek.10þús.km, Sjálfsk, Leður, Topplúga, með öllum aukahlutum fáanlegum!!! Ásett Verð 13800 þús.kr

VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til sölu Wv Golf 2006. Ekinn 53. þús. Sumar/vetrardekk, topplúga ofl. Gott eintak. 1950 þús. lán getur fylgt. S. 861 1566.

M5. 500 þús. 2001 árg. 400 hö. 20" felgur, billinn er sem nýr. Ný smurður, ekinn 145 þús. Individual með öllu. Verð. 3,9 áhv. 3,1 500 þús. kall út og spaðalegasti M5 landsins er þinn. Simi 847 7663 (ath.svara ekki sms).

Audi A4 2.0 árg. '02 ssk. ek. 100 þ. leður og topplúga 4 nagladekk fylgja. Fæst gegn yfirtöku á láni + 200 þ útborgun. Verð annars 1700 þús. Upp í s: 8682508

Toyota Corolla Wagon'99 ek. 166 þ. s&v dekk. Geislasp. Verð 425 þ. Tilboð 370 þ. S. 694 5094.

Eigum við að ræða það?
Til sölu Volvo S60 2 L. Turbo árg. '02, ek. 82 þ.km. Ljóst leður, glertopplúga. Ásett verð 1960 þús. skoða öll tilboð. Uppl. í s. 616 1113.

M. Benz E240 m.öllu. ek. 150 þ. árg. '98. Nýsk., nýsprautaður. V. 1190 þ. Uppl. hjá Bílahöllinni s. 567 4949.

Yamaha Virago 700 árg. 1991 í góðu standi. Ásett verð 350 þús. Uppl. í s. 897 1768.

Mazda Speed 3 2007 ek 23þkm 2,3 turbo 262 HÖ. 100% lán s. 869 9264.

Suzuki GSX-R 750 K7 04.2008 ek 8þkm Ásett 1.350.000.- S:869-9264

Toyota Avensis '00, 1.8 mótor, ssk., ek. 230 þ.km. V. 399 þ. Og Toyota 4Runner '91, 3L mótor, ssk., 38" dekk, ek. 224 þ.km. V. 299 þ. Uppl. í s. 869 6701.

Turbo disel á 285 þ.
Musso árg. 98 2.9 TDi ek. 144 þ. Ssk., nýsk. '09, dráttarkrókur, góð heilsársdekk, CD, rafm. í rúðum ofl. Nýsmurður. Ásett v. 490 þ. TILBOÐ 285 þ. S. 841 8955.

Audi A8, '94, 4.2 mótor, 4x4, ek. 198 þ.km. Allt í rafm. V. 590 þ. Og Toyota Corolla, '02, 1.6 mótor, ek. 165 þ.km. Bsk., v. 650 þ. Uppl. í s. 869 6701.

Til sölu Polo árg. 01/'00 ek. 85þ., 1400 cc, 5d., grár. Vþ 380 þ. S. 692 7741.

Opel Astra árg. '95 ek. 78þ. Mjög góður bíll. Verð 150 þ. Uppl. í s. 696 5091.

Toyota Aygo diesel 14cc vél, árg. 02/'08 ek. 10þ. Mjög sparneytinn 4,2L/100. Frítt að leggja. S+ v dekk. Fast verð 1.5 milj. eða yfirtaka á láni. S. 868 5489.

Suzuki Baleno '99 Ek. 130 þús. sk. '08 Góður bíll í toppstandi. V. 450 þús. S. 865 6950.

Hyundai Santa Fe árg. '06 ek. 52þ. km. Fæst á 2300 þ. eða gegn yfirtöku bílaláns. S. 663 4061.

Óska eftir tilboðum í Iveco árg. '05 ek. 50þ. Tjón á rafmagni. S. 848 5280.

0-250 þús.

Sparibaukur! Nissa Almera 1997. Verðhugm. 150000 eða tilboð. Hafið samband við Magnús í s. 866 0788.

Toyota Corolla Sedan '93. Silfurgrá, ekinn 218 þ. Skoðuð '09. Á nýjum sumardekkjum og ný nagladekk fylgja. Er í góðu standi. Verð 200 þ. Uppl. í síma 869 4913.

250-499 þús.

vw polo til sölu.árg 2000 ek 80 þús,beinsk,sumardekk á álfelgum,vetrardekk á stál.Verð 480 þús.lán 350 þús. uppl í 8695835.

Bens 300E24V 1991 ek. 205þús., sjálfskiptur, leður, álfelgur og sumar/vetradekk. Uppl. í s. 867 8424.

Kia Carnival - Frábær fjölskyldubíll. Ekinn113þ. km. Litur D.grænn. Nýskráður 2003. 7 sæta, rafmagn í rúðum, mjög rúmgóður, krókur, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, rafmagn í rúðum, topplúga, rennihurðir á hliðum. 4 glæný heilsársdekk fylgja. Í góðu standi og nýyfirfarinn. VERÐ 400þ.kr. Hafið samband í Auði s. 899 7299.

Bens 250D '95 til sölu, ekinn 444 þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 420.000. Upplýsingar 431 2622 Eyðsla 8-9 l

Til sölu Opel Astra Station '00 ek. 170 þús. nýsk. V. 260 þús. S. 848 5280.

500-999 þús.

Til sölu VW Polo 2003 4 dyra, keyrður 85 þ. Rauður, snyrtilegur og sparneytinn. Verð 690 þús. Sími 855 5549.

990 ÞÚSUND Yamaha R1 árgerð 2007 nánast nýtt hjól. Ekið 3500 km, 180hö og 180kg, CUSTOM málað mattsvart. Listaverð í umboði 2millj. en er á mega-tilboði ef það fer strax verð 990 þúsund. Uppl. í s. 698 6926.

20 ÞÚSUND Á MÁNUÐI!!! í afb. Toyota Rav 4,2 WD árg. 2000 bsk. með krók. Ekinn 100 þús. Ný kúplíng + girkassi. Eiðsla 7.5L. Yfirtaka á láni 820 þús. S. 692 4828.

1-2 milljónir

Ford Transit '06. Ek. 45 þús. Traustur og góður vinnubíll. Diesel. Yfirtaka á láni. Uppl. í s. 699 4755.

Til sölu LexusIS 200 árg. '02 sk., ek. 110, bíll í toppstandi. Verðhugmynd 1650 þ. S. 867 1457.

Corolla '06 ek. 60 þ., ssk. Fæst gegn yfirtöku, afb. 31 þ./mán. Uppl. í s. 821 7837.

2 milljónir +

Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til sölu Saab '93 Vector Sport ek. 46 milur árg. '03. 210 hp. Tilboð. Upplýsingar í s. 899 4208.

BMW 545/'04 ek. 60þ., SMG, M5 19", shadowline ofl. Glæsilegur bíll. Engin skipti. Nýskoðaður hjá B&L. S. 858 6709.

Bílar óskast

Óska eftir góðri Toyota Corolla árg. 2000-2002 Sími: 864 0864 - e-mail: hannes@nams.is

Óska eftir bíl allt að 150 þús. Uppl. í s. 616 2029.

Námsmaður óskar eftir bíl, verðbil 0-100þ., má þarfnast lagf., skoða flest. S. 697 6556.

Óska eftir MMC L300 4x4, helst diesel. S. 868 1451.

Jeppar

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Til sölu mjög vel með farinn NISSAN PATROL GR, árg. 2000. Ekinn 145.000 km, diesel, sjálfskiptur og breyttur á 35". Uppl. í s. 896 5874.

NISSAN TERRANO '99 nýskoðaður og í fínu standi. Ekinn 232.000. Verð 490.000. Góður staðgreiðsluafsl. Upplýsingar í síma 869 4957.

Pallbílar

Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

FÖSTUDAGUR

15. ÁGÚST 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

ER BÚIN AÐ FÁ NÓG AF KLIPPIVINNU OG ÞREYTIR FRUMRAUN SÍNA SEM LEIKSTJÓRI

LAGERSALA
LAUGARVEGI 95
SÍÐUSTU DAGAR - GERÐU GÓÐ KAUP - EKKI MISSA AF

VERO MODA® VILA CLOTHES JACK & JONES® name it®

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Guðmundur Steingrímsson, rithöfundur og tónlistarmaður

„Ég ætla að fara í óvissuferð," segir Guðmundur Steingrímsson, rithöfundur og tónlistarmaður. „Við fjölskyldan gáfum pabba [Steingrími Hermannssyni, fyrrverandi forsætisráðherra] óvissuferð í áttræðisafmælisgjöf." Guðmundur vill skiljanlega ekki gefa mikið upp um ferðina en segir þó að stórfjölskyldan fari með „afmælisbarninu". „Það er kannski ekki hægt að tala um afmælisbarn í tilviki áttatíu ára manns. En svona er nú íslenskan skemmtileg."

„Föstudagskvöldið verður bara rólegt og gott með frænda, barni og kærustu. Við eldum góðan mat."

Mundi kynnir nýja vorlínu

Hinn ungi og efnilegi fatahönnuður, Mundi, eða Guðmundur Hallgrímsson, mun kynna nýja vorlínu sína á skemmtistaðnum Nasa í kvöld. „Tískusýningin verður frekar óvenjuleg í sniðinu, við viljum upplýstra sem minnstu þar sem hún á að koma áhorfendum á óvart. En ég lofa að þetta verður tryllt og lífleg sýning," segir Arna Sigrún Haraldsdóttir sýningarstjóri – en fyrri sýningar Munda hafa vakið mikla athygli fyrir frumlegar uppsetningar. „Við fáum hljómsveitir og plötusnúða til þess að spila undir og svo verður blásið til veislu í lok kvöldsins," segir Arna.

Mundi varð fyrst þekktur fyrir peysur sem hann hóf að hanna á meðan hann var við nám í grafískri hönnun í Listaháskólanum. Hann hætti að lokum námi vegna anna, þegar fatalína hans undir merkinu Mundi hafði stækkað ört. Fyrsta heila fatalína Munda var til að mynda sýnd á tískuvikunni í París og seldist strax til tíu búða um allan heim. Flíkur frá honum eru því fáanlegar í Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu. Umfjallanir um hönnun hans hafa þar að auki birst í tímaritum á borð við Surfacek, V-Magazine og Elle.

Mundi hefur getið sér gott orð sem fatahönnuður þrátt fyrir ungan aldur. MYND/ANTON

Tískumógúlar landsins geta því hugsað sér gott til glóðarinnar í kvöld. „Við sendum út boðskort. Þeir sem ekki hafa fengið slíkt geta reynt að koma sér í mjúkinn hjá dyravörðunum," segir Arna kímin.

fréttir

HUGLEIKUR SITUR VIÐ SKRIFTIR

Myndasagnahöfundurinn vinsæli Hugleikur Dagsson dvelur nú fyrir norðan, þar sem hann situr við skriftir. Hugleikur á ættir að rekja til Tjarnar í Svarfaðardal, en afi hans er Hjörtur, bróðir Kristjáns Eldjárns og rithöfundurinn og teiknarinn er því af forsetaættum. Hugleikur er nú að vinna að næsta bindi í „Okkur-seríunni". Það verður fimmta bindið í þeirri röð og jafnframt hið síðasta. Bókin kemur út samhliða því að Hugleikur heldur myndlistarsýningu um miðjan næsta mánuð.

Katla Hreiðarsdóttir í versluninni Volcano design

Götutíska Barcelona heillar

Ég legg mikið upp úr því að hanna föt sem eru klæðileg á konum, sama hvernig þær eru í vextinum," segir Katla Hreiðardóttir, sem rekur og á verslunina Volcano design á Skúlagötu 63 ásamt kærastanum sínum, Gunnari Páli Viðarssyni, en verslunin er einnig á netsíðunni volcanodesign.org.

„Ástæðan fyrir því að við ákváðum að opna búð var sú að það eru fá verkefni í innanhússhönnun þessa stundina, en ég er að læra innanhússarkitektúr í Barcelona. Gunnar hvatti mig áfram og þó svo að það sé ekki mikill peningur í þessu finnst mér gaman að prófa mig áfram í fatahönnuninni," segir Katla sem saumar og hannar sjálf fötin sem hún selur, en hún lauk stúdentsprófi af listnámsbraut frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ með sérsvið í textílhönnun og nam búðarhönnun og sölusálfræði í Danmörku áður en hún fór að læra innanhússarkitektúr.

„Fötin sem ég hanna eru undir miklum áhrifum götutískunnar í Barcelona, en ég hef líka alltaf verið voðalega hrifin af Japan og á von á stuttum kimono-jökkum," segir Katla sem selur einnig skart og töskur sem hún flytur inn frá Bandaríkjunum. „Það sem er vinsælast eru ermar sem er hægt að breyta með því að draga upp í vængi og svo hettur sem eru fóðraðar með flísefni og eru með vösum fyrir veski, síma og fleira," bætir hún við.

Aðspurð segist Katla halda aftur út til Barcelona á haustmánuðum, en þá mun versluninni á Skúlagötu verða lokað. „Við ætlum að loka í október svo við vonumst til að selja sem mest þangað til, en það verður áfram hægt að nálgast vörur í gegnum netverslunina og svo stefnum við á að opna aftur næsta sumar," segir Katla að lokum. *alma@frettabladid.is*

Í Volcano design fást bæði hettur, ermar, töskur og skart.

Katla Hreiðarsdóttir eigandi Volcano design í einni af hettunum vinsælu sem hún hannaði og saumaði sjálf.

Katla hannaði buxurnar meðal annars undir áhrifum götutískunnar í Barcelona.

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjórn Sunna Dís Másdóttir
sunna@frettabladid.is
Alma Guðmundsdóttir
alma@frettabladid.is
Marta María Jónasdóttir
martamaria@frettabladid.is
Forsíðumynd Gunnar V. Andrésson
Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

ÍVAR ÖRN SVERRISSON LEIKARI HELDUR OPNAR PRUFUR

Ráðið í hlutverk fyrir Óþelló

Við erum að leita að leikurum og lærðum sviðslistamönnum í öll hlutverk," segir Ívar Örn Sverrisson, leikari og leikstjóri sýningarinnar Óþelló eftir Shakespeare, sem verður frumsýnd 22. september næstkomandi, en sýningin er hugmynd og framleiðsluverkefni Ívars og Ólafs Þorvaldz leikara.

„Óþelló er farandsýning sem við munum æfa upp á fimm vikum og fara með í alla menntaskóla landsins. Útgangspunktur okkar í túlkuninni á Óþelló er ástin í átökum við höfuðsyndirnar sjö, en auk leikara leitum við að jaðarsportiðkendum svo sem BMX „flatlander", skeiturum og Parkour-iðkendum til að krydda sýninguna, gefa henni kraft og flæði," útskýrir Ívar, en Parkour er ákveðin stefna sem varð til í Frakklandi fyrir tíu árum og gengur út á að framkvæma samfellda hreyfingu og komast sem hraðast á milli staða án þess að láta nokkuð stoppa sig.

Opnar prufur fyrir hlutverk í Óþelló verða haldnar á morgun, laugardaginn 16. ágúst, en frekar upplýsingar má nálgast á heimasíðunni othelloparkour.blogspot.com.

Ívar Örn Sverrisson mun leikstýra Óþelló, en sýningin er hugmynd og framleiðsluverkefni Ívars og Ólafs Þorvaldz leikara.



adidas
At the point I lose myself,
I find myself.
Impossible is Nothing
adidas.com/women

fatastíllinn

Birna Dögg Guðmundsdóttir nemi

Geri alltaf góð kaup

Birna Dögg Guðmundsdóttir hætti störfum sem verslunarstjóri Topshop til þess að setjast aftur á skólabekk. Í haust hyggur hún á nám í útstillingum í Iðnskólanum í Hafnarfirði og segist hún hlakka mikið til námsins.

Hvernig mundir þú lýsa stílnum þínum? Stíllinn minn er svolítið „twisted“, svona eins og ég sjálf, enda fædd á mörkum tveggja stjörnumerkja. Hann rokkar frá því að vera fremur „casual“ í að vera elegant. Þar inn í spilar svo veðurfar og skap.

Hvaðan sækirðu þér innblástur þegar kemur að fatastílnum? Hér og þar, en líklegast í mínu nánasta umhverfi, auðvitað tekur maður alltaf smá mið af blöðunum. Ég reyni þó allaf að vera sjálfri mér trú og klæði mig í það sem mér finnst vera fallegt og fara mér vel.

Hvar verslarðu helst? Hér heima versla ég helst í Rokki og rósum og Topshop þar sem sterk bönd tengja mig við þá búð. Ég hætti þar sem verslunarstjóri fyrir stuttu til þess að setjast aftur á skólabekk. Einnig hef ég haft gaman af því að kíkja í Kronkron eftir mánaðamót.

Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð? Ég á mjög erfitt með að svara þessari spurningu. Oft er einhver ein lína alveg geggjuð hjá hönnuði og sú næsta alveg út í hött. En ég var hrifin af tveimur síðustu línum Luellu Bartley, stelpulegt með töffaralegum blæ.

Uppáhaldsfatamerki? Þar verð ég að nefna Opening Ceremony ásamt Acne Jeans.

Bestu kaupin? Mér finnst ég alltaf gera góð kaup þangað til að ég átta mig í raun á einhverju öðru. En ég held að ég verði að segja Opening Ceremony-peysan mín sem ég hef mikið notað, bæði við kjóla og gallabuxur.

Verstu kaupin? Úff, það slæðist allt af eitthvað misfallegt með heim, en nýjustu mistökin mín eru líklegast rauður kufl sem ég keypti í Marokkó fyrir stuttu þar sem götusölumaðurinn gat sannfært mig um að hann væri eitthvað sem ég þyrfti að eignast. Þegar upp á hótel var komið þá reyndist þetta vera ein hræðilegasta og verst sniðna flík sem ég hef séð í óratíma. Ég er hrædd um að hann verði ekki notaður í grímupartíi næstkomandi helgi eins og til stóð.

Fyrir hverju ertu veikust? Ég er í raun alltaf veik fyrir fallegum hlutum hvort sem það eru hælar eða sjarmerandi karlmenn. En já, flottir skór eru tiltölulega ný fíkn hjá mér ásamt því að ég er mjög veik fyrir fallegum nærfötum.

Uppáhaldsbúðin? Ég er mikill aðdáandi H&M sem mér finnst alltaf jafn gaman að fara í erlendis. Einnig er ég algjör sökker fyrir Boutique-línu Topshop, sem því miður er ekki enn seld hér á landi. Ég reyni alltaf að kippa einu stykki eða svo með mér heim þegar ég fer til útlanda.

Nauðsynlegt í fataskápinn? Aukahlutir eins og skart og klútar, þeir geta haft gríðarleg áhrif á heildarlúkkið.

Hvað dreymir þig um að eignast núna? Eins og svo oft áður eru það nokkrir hlutir sem ég er að velta fyrir mér að fjárfesta í. Þar á meðal er skyrtukjóll frá Marjan Pejoski sem fæst í Kronkron, klútur frá Kb sem fæst í Belleville, jazz-skór frá Topshop, loðfeldur frá Rokki og rósum og listinn heldur áfram …

Hvernig er heimadressið þitt? Þegar ég kem heim á kvöldin þá er ég vön að skella mér beint í náttbuxur og hafa það náðugt.

1 Peysan er Topshop Boutique. Skórnir og nælan eru einnig úr Topshop. **2** Skór frá merkinu Hazel, keyptir á Malaga. **3** Karrígula peysan frá Opening Ceremony sem ég keypti í Kronkron er uppáhaldspeysan mín. **4** Verstu kaupin mín er þessi rauði kufl sem mátast eins og brandari. **5** Gráir rúskinnsskór með dúsk, þessa elskur fékk ég í Topshop, Kringlunni. **6** Þessar nælur bjó ég til úr postulíni og er ég mjög ánægð með afraksturinn og hef ég mikið notað þær á jakka og hettupeysur. **7** Kímónó frá verslininni Rokk og rósir.

ETANÓL ELDSTÆÐI
safretti
NÝ SENDING KOMIN Í HÚS
Eingöngu fáanleg í
YLUR fyrir heimilið
Bæjarlind 2 - 201 Kópavogur - S: 564 5700 - YLUR.IS

UNGLINGUM FYLGIR ÁBYRGÐ
SKEMMTUM OKKUR VEL Í SUMAR!
ÁN ÁFENGIS
HVER BER ÁBYRGÐ?
LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

Hún er dauðvona og efst á óskalista hennar er að sofa hjá áður en hún deyr
„Falleg frásögn um líf og ótta, grimmd og fegurð.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið
„Sumarbókin í ár! Lætur engan ósnortinn … tárin láku niður í stríðum straumi.“
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson
„Falleg saga um ungt fólk.“
Gerður Kristný / Mannamál
Þessari bók gleymirðu aldrei
2. prentun KOMIN
áður en ég dey
JENNY DOWNHAM
1. SÆTI
METS.LISTI EYMUNDSSON skáldv/vasabrot 12.08.2008
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

Útsala

Útsala

ÚTSALA

ÚTSALA

ÚTSALA

Útsala

ÚTSALA

Útsala

Útsala

Útsala

Útsala

10 - 70%
AFSLÁTTUR
af ÖLLUM vörum

Svefnsófar, stólar, sófaborð, fatahengi, leðursófar, borðstofuborð, skápar, hillur, hornsófar, skrifborð, sjónvarpsskápar, púðar, skenkar, eldhúsborð, rúmteppi ...

LÍNAN

Línan | Bæjarlind 6 | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16 | www.linan.is

Valdís Óskarsdóttir *hefur getið sér gott orð sem klippari á heimsvísu, en færri vita að hún á að baki mjög fjölbreyttan starfsferil sem ljósmyndari, rithöfundur, starfsmaður í frystihúsi og kokkur á trollbát. Alma Guðmundsdóttir hitti þessa kjarnakonu sem hefur nú bætt enn einni rós í hnappagatið sem handritshöfundur og leikstjóri, en fyrsta kvikmynd hennar, Sveitabrúðkaup, verður frumsýnd 28. ágúst næstkomandi.*

Fékk nóg af klippivinnu

Valdís Óskarsdóttir þreytir frumraun sína sem leikstjóri í íslensku kvikmyndinni Sveitabrúðkaupi.

Valdís hefur verið gífurlega afkastamikil á starfsferli sínum. Auk þess að hafa unnið að tæplega 50 kvikmyndum, hefur hún starfað við fjölda sjónvarps- og útvarpsþátta, skrifað smásögur, myndskreytt bækur og tekið fjöldann allan af ljósmyndum. Sköpunarkrafturinn virðist vera óþrjótandi, en ætli þessi frjóa hugsun hafi fylgt henni frá blautu barnsbeini?

„Mamma átti það til að segja okkur sögur og ævintýri og skapa þannig alveg sérstakan heim. Það var alveg sama hvað hún var að gera, við systurnar hengum við hliðina á henni og hún sagði okkur sögur á meðan hún saumaði eða sinnti öðrum heimilisstörfum. Hún hafði einstakt lag á að persónugera hlutina, sem ég held að hafi haft gífurleg áhrif á minn sköpunarkraft," segir Valdís sem fór ung að æfa samkvæmisdansa hjá Hermanni Ragnarssyni, spilaði á gítar og það leið ekki á löngu þar til ljósmyndaáhuginn lét á sér kræla.

„Pabbi gaf mér myndavél þegar ég var ellefu ára gömul. Þá tók ég myndir af öllu mögulegu og fór reglulega í Hans Petersen til að kaupa útrunnar filmur á hálfvirði. Ég átti það gjarnan til að fá systur mínar tvær og vinkonur til að klæða sig upp í alls kyns búninga, stilla þeim upp og taka svo myndir. Í kringum myndirnar bjó ég yfirleitt til sætt ævintýri um prins og prinsessu, þar sem enginn vondur karl eða stjúpa komu til sögunnar. Systur mínar tóku fullan þátt í leiknum, þó svo að ég sé ekki viss um að þeim hafi fundist þetta neitt sérstaklega skemmtilegt, en þar sem ég var stóra systir fékk ég að ráða," segir Valdís og hlær við.

Kokkur á trollbát

Ljósmyndaáhuginn fylgdi Valdísi, en eftir framhaldsskóla og eitt ár í Verzlunarskólanum langaði hana til að verða blaðamaður. Hana dreymdi um að skrifa greinar og taka eigin myndir samhliða þeim og hóf að starfa sem safnvörður hjá dagblaðinu Tímanum í von um að geta unnið sig upp. Þar kynntist hún Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara sem kenndi henni að framkalla filmur og stækka myndir og ekki leið á löngu þar til hún hafði komið smásögum sínum, viðtölum og þýddum greinum til Jóns Helgasonar, ritstjóra Sunnudagsblaðs Tímans.

„Þegar ég sá fram á að ég myndi aldrei vinna mig upp úr safnvarðastarfinu, hætti ég á Tímanum og fékk vinnu í myrkrarkompu Morgunblaðsins við að framkalla og stækka myndir. Þá fór ég oft út með Kristni Ben ljósmyndara þegar hann fór út að taka stemningsmyndir og hann kenndi mér gríðarlega margt. Ég rölti á eftir honum með minn Pentax sem ég hafði fjárfest í og tók mínar stemningsmyndir sem ég seldi Jóni Helgasyni á Tímanum," segir Valdís og brosir. Hún var síðar fengin til að mynda fyrir Morgunblaðið, en sagði upp þegar hún sá fram á að hún yrði seint eða aldrei fastráðin sem ljósmyndari blaðsins og myrkrarkompan ekki alveg draumadjobbið.

„Ég byrjaði að vinna „freelance", tók myndir og skrifaði greinar en það gekk illa þar sem ég var lengi að skrifa og launin lítil. Orðin skítblönk ákvað ég að fara til Vestmannaeyja, á fyrstu vertíð eftir gos. Fékk vinnu í frystihúsinu og það var hörkupuð en prælgaman. Það sem kom mest á óvart var að sjá Shady Owens söngkonu vinna við að hreinsa fisk. Ég hitti Sigurgeir og Guðmund á ljósmyndastofunni Ímynd þarna úti í Eyjum og þeir buðu mér vinnu hjá sér sem ég þáði. Það var fínt að vinna hjá strákunum og ég lærði heilan helling en að lokum fékk ég nóg af myrkrarkompunni, fór aftur í „freelance" vinnu og endaði skítblönk. Leitaði uppi verkstjórann minn í Vestmannaeyjum sem var kominn í frystihúsið á Stokkseyri og fékk vinnu hjá honum. Ekkert akkorð þar og ég rétt skrimti. Datt þá í hug að athuga hvort ég kæmist ekki á sjóinn og talaði við Sigga verkstjóra sem sagði: „Valdís, þú getur ekki verið kokkur. Þú ert allt of lítil og svo verðurðu örugglega sjóveik." Ég afsannaði það stuttu síðar þegar kokkur veiktist á einum trollbátnum og ég fór í þriggja daga reynsluferð. Ég var auðvitað bullandi sjóveik en ég hafði sagt Sigga verkstjóra að ég væri ekki sjóveik svo ég hélt öllu niðri," segir Valdís sem sjóaðist fljótt og lét það ekki aftra sér að vera eina konan um borð. „Mér leið mjög vel á sjónum. Um leið og maður er kominn út á haf er enginn heimur fyrir utan bátinn, sjóinn, himininn, fuglana í loftinu og fiskinn í sjónum," segir Valdís.

Við klippiborðið

Aðspurð hvenær kvikmyndaáhuginn hafi komið til sögunnar segist hún snemma hafa fundið löngun til að vinna við kvikmyndir. „Ég fór ofsalega mikið í bíó og fannst gaman að dragast inn í annan heim, upplifa eitthvað annað en gráan

tíu til tuttugu tíma á dag. „Á meðan ég er að klippa kvikmynd stjórnar hún lífi mínu. Það er því ágætt að vinna í útlöndum því þá er ég ekki að vanrækja neinn nema sjálfa mig á meðan," segir Valdís.

Sveitabrúðkaup

Síðastliðin tvö ár hefur Valdís unnið að nýrri íslenskri kvikmynd sem verður frumsýnd 28. ágúst næstkomandi, en þar er hún í nýju hlutverki sem leikstjóri og handritshöfundur. Myndin er gamandrama og segir sögu pars sem ákveður að gifta sig í kirkju úti á landi. Keyrsla að kirkjunni ætti að taka eina klukkustund en hlutirnir fara ekki eftir áætlun.

„Ég sat í ömurlegu klippiverkefni í London og einn daginn ákvað að nú væri þetta orðið gott. Dustaði rykið af hugmyndinni að Sveitabrúðkaupi og hafði samband við Gísla Örn hjá Vesturporti til að athuga hvort leikhópurinn vildi vera með og þau voru til í tuskið. Framleiðendurnir; Davíð, Árni, Hreinn og Guðrún Edda, tóku myndina upp á sína arma og svo var keyrt af stað," útskýrir Valdís. „Ég vildi ekki skrifa handrit heldur vinna myndina með leikurunum út frá söguþræðinum, láta þá skapa sínar persónur og þannig unnum við sem hópur frá því í byrjun ársins 2007," segir Valdís, en auk leikaranna í Vesturporti koma margir góðkunnir leikarar að myndinni.

„Sveitabrúðkaup er tilkomið vegna þess að ég fékk nóg af klippivinnunni. Síðustu tvær myndir sem ég klippti reyndust alger sóun á tíma og skapandi hugsun þegar upp var staðið. Í kjölfarið ákvað ég að fara í frí frá klippingu um óákveðinn tíma, en ég sat nú samt uppi með að klippa Sveitabrúðkaup sjálf," segir Valdís og brosir.

En með klippivinnuna út af borðinu leikur forvitni á að vita hvað tekur við hjá Valdísi á næstunni?

„Fyrst langar mig í mjög langt sumarfrí, helst þangað til í mars á næsta ári. Svo gæti ég vel hugsað mér að vinna að öðru verkefni með hópnum sem stóð að Sveitabrúðkaupi," segir Valdís að lokum.

Í HNOTSKURN

Stjörnumerki: Naut.
Uppáhaldsmatur: Íslensk kjötsúpa.
Besti tími dagsins: Frá klukkan 23 á kvöldin til þrjú, fjögur á næturnar.
Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara: Ég er algjör bókafíkill svo ég myndi minnka bókakaupin.
Draumafrí: Í sól og sumri á Íslandi, langt fjarri mannabyggðum.
Uppáhaldsdrykkur: Íslenskt vatn.
Skemmtilegast: Að sitja úti undir beru lofti á Malarrifi. Horfa á Jökulinn eða út yfir hafið millli þess sem ég glugga í bók.
Leiðinlegast: Öll heimilisverk eins og þau leggja sig.
Mesta freistingin: Að láta mig hverfa.

hversdagsleikann. Ég hafði og hef enn þann kæk að færa augnaráðið í takt við tónlist, horfa á einhvern punkt eða hreyfingu í umhverfinu og klippa með því að loka augunum og opna þau aftur á nýjum punkti. Einhvern tímann hlýtur einhver að hafa sagt mér að til væru klipparar þó ég muni það ekki en ég man að ég ætlaði mér alltaf að klippa bíómyndir," segir Valdís sem komst inn á 16 mm kúrs í Dramatiska institutet í Svíþjóð í janúar 1984. „Við vorum látin gera allt sjálf, skrifuðum handrit, lékum, settum tónlist við myndina og klipptum," segir Valdís og minnist þess hvernig klippivinnan heillaði hana.

„Þegar ég settist við klippiborðið var ég fallin og það komst ekkert annað að hjá mér," bætir hún við, en eftir að hún lauk náminu og fór að athuga með vinnu við kvikmyndir hérlendis voru engin verkefni að fá. „Þeir sem ég talaði við sögðust bara klippa þetta sjálfir. Ég réð mig því í vinnu sem ljósmyndari, en viku eftir að ég byrjaði fékk ég símtal frá Þráni Bertelssyni sem bauð mér vinnu í Löggulífi. Það var mitt örlagasímtal," segir Valdís.

Að loknu námi við danska kvikmyndaskólann tóku hjólin að snúast. Valdís fór að vinna við hverja myndina á fætur annarri og í dag hefur hún hlotið fjölda viðurkenninga fyrir vinnu sína, en þar á meðal eru hin virtu Bafta-verðlaun bresku kvikmyndaakademíunnar fyrir klippingu á myndinni Eternal sunshine of the spotless mind.

Ein sena í einu

Að klippa kvikmynd er gríðarleg þolinmæðisvinna eins og gefur að skilja. En fallast þér aldrei hendur þegar þú byrjar að vinna að nýrri mynd og sérð allt efnið sem bíður úrvinnslu inni í tölvunni? „Þegar ég byrjaði að klippa kvikmyndir fékk ég hálfgert tilfelli þegar ég sá alla vinnuna sem beið mín. Það tók mig nokkrar myndir að venja mig á að hugsa aldrei lengra en sem nemur þeirri senu sem ég er að klippa þá stundina," útskýrir Valdís, en vinna við kvikmynd í fullri lengd tekur hana um sex til níu mánuði og þá vinnur hún gjarnan

Útlit

smáatriðin skipta öllu máli

SPENNANDI HERRALÍNA

Ný herralína frá Issey Miyake hefur litið dagsins ljós. Línan ber nafnið Intense og er ilmurinn bæði ástríðufullur, kraftmikill, dulur og mjög karlmannlegur. Ásamt ilminum er fáanleg Intense sturtusápa, after shave-rakakrem og svitalyktareyðir.

fataefni

Hannaðu
þín eigin föt

Fönður og fjaðravara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568-6500 www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, Laugardaga 11-16

Onion snið


Efamol
Efalex
Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósarolíu sem eflir og styrkir:
- *Hugsun*
- *Einbeitingu*
- *Sjón*
- *Hormónajafnvægi*

Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.

Hentar fólki á öllum aldri.

Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.

heilsa –hafðu það gott

Vertu skarpari!
Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.

Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



Áhrif úr öllum áttum einkenna hárið í haust

Heitustu haustklippingarnar

Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir á 101 Hárhönnun

„Þau áhrif sem við sjáum í dag eru alls staðar að, úr öllum tímabilum, og það er svolítið verið að blanda saman svolitlu af hverju. Það er búið að vera mikið um sítt hár og svo mjög stutt, en núna er millisíddin að koma meira inn, bæði með afgerandi og mjúkum línum. Topparnir halda áfram að vera miklir, en það er að færast meiri mýkt yfir þá," segir Þórhildur.

Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir segist vera mikið fyrir hippalegra lúkk með kæruleysislegu yfirbragði þessa dagana.

Þessa dagana er ég persónulega að fíla hippalegra lúkk með kæruleysislegu yfirbragði, með síðum, léttum toppum sem ná nánast ofan í augu í stað þessara sveru stílhreinu toppa. Hefðbundnar strípur eru nánast dottnar út og með haustinu verða litirnir dýpri og meira afgerandi. Ég ekki sammála því að það séu bara annaðhvort heitir eða kaldir litir allsráðandi hverju sinni, en litirnir eru að dökkna og það eru að koma þessir djúpu, súkkulaðibrúnu, ginger og svolítið orange-litir sem eru áreynslulausir og í kaldari kantinum," segir Þórhildur að lokum.

Skjöldur Eyfjörð á Hár og tískuhúsinu 101 Skjöldur

„Allar klippingar og litir munu þyngjast með haustinu og þá dekkir fólk yfirleitt hárlitinn meira. Við eigum eftir að sjá meiri mínimalisma, einfalda, fallega og stílhreina hluti. Svo verða öfgarnir í hina áttina með mun meira „freaky" hári," segir Skjöldur.

„Það munu koma inn tæknilegar klippingar og fólk er farið að fíla meira að vera með öfgakenndari klippingar og minni lit. Sem betur fer erum við komin í þannig tísku að fólk er farið að velja sjálft hvað það vill og mér finnst konur vera orðnar djarfari við að fá sér einhverjar geggjaðar klippingar í staðinn fyrir síða ljósa hárið. Ég held að svona muskutónar verði inn í vetur, sambland af köldu og heitu. Það verður lítið um fíngerðar strípur og meira um stóra litaða fleti inni í hárinu, jafnvel alveg á skjön við hárlitinn sjálfan," segir Skjöldur að lokum.

Skjöldur Eyfjörð segir konur vera orðnar djarfari að fá sér einhverjar geggjaðar klippingar.

Ásgeir Hjartarsson á Supernova

„Síðir toppar með skyggingu verða áberandi inn í haustið. Það verða miklar styttur í öllu hárinu og mismunandi síddir í gangi, en mér finnst hárið vera að styttast," segir Ásgeir.

Ásgeir Hjartarson segir klippingu fyrst og fremst eiga að undirstrika lífsstíl og sjálfstæði hvers og eins.

Klipping og litir vinna mikið saman hvað varðar heildarútlitið og hárið á fyrst og fremst að undirstrika lífsstíl og sjálfstæði hvers og eins." Klassík, „street style" og „glamour" eru þrjú lúkk sem verða áberandi í haust. Klassísk er annaðhvort dökkt eða ljóst hár, smokey og brúnir tónar. „Street style" eru litir í ljósum hreinum tónum með miklum andstæðum og hreyfingu, en það sem einkennir glamúr er rúbínrautt, tígrisauga, súkkulaði, karamella, minkur og refur. Hvað varðar greiðslur finnst mér glamúr og 70's tískan vera svolítið áfram. Greiðslurnar eiga að vera hreinar, fágaðar og fallegar, en ekki úfnar eða með áberandi túperingar," segir Ásgeir að lokum, en hann er um það bil að öðlast TIGI Bed head-kennararéttindi og mun miðla þekkingu sinni hérlendis á komandi mánuðum.

1. „Agyness Dean klippingin hefur verið dúndur í sumar og heldur eflaust áfram inn í haustið. Þetta er ekta klipping fyrir fólk með sjálfstraust og fer fólki með frekar hjartalaga andlit," segir Ásgeir Hjartarson á Supernova. **2. Blake Lively** úr Gossip Girl með síðan topp tekinn til hliðar, en toppar með ýmsu móti verða áfram vinsælir í haust og hefðbundnar strípur víkja fyrir meira afgerandi og djúpum litum. **3. Rihanna** hefur heldur betur vakið athygli fyrir klippingu sína og er í miklu uppáhaldi hjá Skildi Eyfjörð.

LANCÔME
PARIS

24 stunda ferskleiki

Allar húðgerðir
Stöðug rakagjöf
Rakafyllt húð, geislandi af hreysti
> AQUA FUSION
***Verð kr.: 5.180.-**
***Verðmæti kr.: 7.416.-**

Styrkur & vörn

Allar húðgerðir
Daglegur skammtur vítamína og næringarefna. SPF 15
BEINFAIT MULTI-VITAL
***Verð kr.: 6.030.-**
***Verðmæti kr.: 9.372.-**

Fullkomlega rakafyllt húð geislar af fegurð

**Algengasta verð. Ath. getur verið að verslanir bjóði önnur verð.*

Nærandi og uppbyggjandi

Þurr og mjög þurr húð
Þurr húð verður þétt og mjúk
Miklir viðgerðareiginleikar með Royal Jelly Complex
NUTRIX ROYAL
***Verð kr.: 6.100.-**
***Verðmæti kr.: 7.645.-**

NÝTT

Róandi og rakagefandi

Allar húðgerðir, jafnvel allra viðkvæmasta
Stöðug rakagjöf
Miklir róandi eiginleikar
HYDRA ZEN NEUROCALM™
***Verð kr.: 5.980.-**
***Verðmæti kr.: 9.460.-**

SÉRSNIÐIN RAKAGJÖF

vegna þess að þarfir okkar eru misjafnar

Láttu húðina þína njóta þess besta

því nú eru rakakremin frá LANCÔME fáanleg í tilboðspakkningum:
Hverju kremi fylgja þrjár vörur í lúxusstærðum.

tíska

ferskleiki dagsins í dag

HAUSTLEGT NAGLALAKK Með haustinu verða litirnir bæði dekkri og dramatískari. Því er kjörið að fjárfesta í dökkfjólublárri, svörtu eða rauðu naglalakki frá Bourjois.

Gallabuxnafár

1. Dökkbláar útvíðar gallabuxur úr Topshop, sem ná upp í mitti. **2.** Útvíðar og mittisháar buxur í fallegum ljósum lit úr Vero Moda. **3.** „Baggy“ buxur í skemmtilegu sniði, rykktar innan á skálmunum með rennilás. Fást einnig í Vero Moda. **4.** Sígildar dökkbláar gallabuxur úr All Saints, tiltölulega niðurmjóar með skemmtilegri krumpuáferð á skálmunum. **5.** Svartar niðurmjóar buxur, með vaxkenndri áferð og rennilás innan á skálmunum. Fást einnig í All Saints. **6.** Beinar gallabuxur með stroffi og lágu mitti úr Vero Moda. **7.** Mjög ljósar, niðurmjóar og ökklasíðar buxur úr Topshop. **8.** Katie Holmes í svokölluðum „boyfriend jeans“ sem hún hefur sést í reglulega að undanförnu. **9.** Kate Bosworth sést reglulega í niðurmjóum buxum og sandölum við. **10.** Naomi Campbell í útvíðum buxum.

Ófáum féllust hendur þegar svokallaðar skinny jeans hertóku hverja verslunina á fætur annarri fyrir tæplega tveimur árum. Niðurmjóar buxur voru samt komnar til að vera og hafa sést í ótal útfærslum. Fyrst þótti flottast að hafa þær svo síðar að þær krumpuðust við ökklann, en nú eru þær ökklasíðar. Við bættust útfærslur með rennilás og í sumar hafa fengist niðurmjóar buxur í öllum regnbogans litum. Mörgum var létt þegar útvíðar gallabuxur fóru loks að sjást aftur á stórstjörnum í sjónvarpi og tímaritum. Hátt mitti varð líka meira áberandi og nú fást bæði niðurmjóar og útvíðar buxur með háu mitti. Svokallaðar „boyfriend jeans“ virðast líka vera að ryðja sér til rúms, en Katie Holmes hefur ítrekað sést í buxum sem sagðar eru vera af Tom Cruise og tískusérfræðingar telja vera nýjasta trendið. Buxurnar eru víðar, en síddin er falin með uppábroti sem verður líklega áberandi á komandi mánuðum. Það er óhætt að fullyrða að fram undan eru góðir tímar í gallabuxnatískunni og með meiri fjölbreytileika ættu allir að geta fundið gallabuxur við sitt hæfi.

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

Hera Björk Þórhallsdóttir er ein þeirra söngvara sem hafa numið og kennt söng eftir complete vocal-tækninni.

TÓNLEIKAR Í IÐNÓ

Tíu söngvarar munu koma fram ásamt hljómsveit Kjartans Valdimarssonar á tónleikum í Iðnó næstkomandi sunnudag. Allir söngvararnir eru að ljúka eins árs diplómanámi frá Complete institute í Kaupmannahöfn, en tæknin sem þau hafa tileinkað sér kallast „complete vocal technique“ og byggist á tuttugu ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngs og nær til allra stíltegunda allt frá klassískum söng til þungarokks.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

ÞEKKT ANDLIT Á FLÓAMARKAÐI

Flóamarkaðurinn í Vesturbænum hefur víða vakið athygli, en hann er haldinn við KR heimilið á laugardaginn. Ýmislegt verður á boðstólnum, allt frá grænmeti til dýrgripa, en hver sem er getur komið með hvað sem er og selt á markaðnum. Meðal þeirra sem boðað hafa komu sína eru Felix Bergson leikari, Ragna Sara Jónsdóttir, Natalie G. Gunnarsdóttir plötusnúður með meiru, Oddný Sturludóttir rithöfundur og Óttar M. Norðfjörð, nýhilskáld. Einnig má búast við að sjá Dóra DNA og Gísla Örn Garðarsson skjótast á milli bása. Það er því aldrei að vita hvað verður í boði og hverjir troða upp á þessum skemmtilega markaði.

Búast má við því að sjá Oddnýju Sturludóttur skjótast á milli bása á flóamarkaðnum í Vesturbænum á morgun.

Skólatilboð - Gerðu góð kaup Í Office1

Takmarkað magn!

5000 kr innleignanóta í Office1 fylgir hverri seldri vél

Toshiba Satellite A300D-11T Vörunúmer: TTWTA300D-11T

79.999 kr

3.193,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

AMD Dual Core X2 TK57 örgjörvi / 15.4" TruBrite WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / ATI Radeon X1250 / 831MB skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 250GB harður diskur / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Bluetooth / Harmon Kardon hátalarar / Innbyggður kortalesari / Aðeins 2.7kg / Windows Vista Premium / 2gja ára alþjóðleg ábyrgð

Skiptu gömlu bókunum upp í fartölvu

Búinn í skóla? Fáðu pening fyrir gömlu skólabækurnar og notaðu upp í nýja fartölvu hjá Office1.

3.572,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

HP Pavilion G6061 Vörunúmer: OKKH953EA

89.999 kr

AMD Dual Core X2 TK57 örgjörvi / 15.4" BrightView WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / NVIDIA® GeForceT 7000M skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 120GB harður diskur / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Windows Vista Premium / 2gja ára ábyrgð

4.709,- á mánuði
mv 36 mánaða raðgreiðslu
0% lántökugjald

HP Pavilion DV6820 Vörunúmer: OKKW103EA

119.999 kr

AMD Dual Core X2 TL60 örgjörvi / 15.4" BrightView WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / NVIDIA® GeForceT 8400M skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 250GB harður diskur / Fjarstýring - HDMI tengi / Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi / Innbyggt þráðlaust net / Innbyggður kortalesari / Windows Vista Premium / 2gja ára ábyrgð

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110 , Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

Arkitekt - Byggingarfræðingur

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins óskar eftir að ráða arkitekt eða byggingarfræðing til kennslu í tækniteiknun.

Kennslugreinar eru gerð aðaluppdrátta, innréttingateikninga og þrívíddarteikninga.
Góð þekking á Autocat teikniforritinu og Autodesk þrívíddarforritum nauðsynleg.

Upplýsingar gefur Jón Eiríkur Guðmundsson skólastjóri Byggingartækniskólans í s. 699 4396.

Byggingartækniskólinn
Tækniskólinn

www.tskoli.is

FÖSTU DAGUR

5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYM-ANLEGAN

Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður

Þessar ábendingar miðast við tíðarfar og kreppu, svo fyrsta ráðið er að hjóla í Elliðaárdalinn og baða sig í ánum.

Hjólaðu í Nauthólsvík og baðaðu þig með sjósundshópnum.

Hjólaðu til Hveragerðis, labbaðu upp í Reykjadal og baðaðu þig í ánni.



Hjólaðu til Hveravalla og baðaðu þig í lauginni.

Hjólaðu til Laugavalla og farðu í náttúrulega heita sturtu. Gæti tekið nokkurn tíma að komast þangað - en það er þess virði.

SIGRÍÐUR KLINGENBERG *spáir fyrir Erni Arnarsyni*

Mun ná góðum árangri

Örn Arnarson er fæddur 31.08.1981. Séu þær tölur lagðar saman kemur út lífstalan 4. Einkunnarorð tölunnar 4 eru staðfesta, dugnaður og styrkur, og lýsa þau Erni afar vel. Menn með töluna 4 eru yfirleitt mikil karlmenni sem eru lítið fyrir væmni, og kunna illa orðagjálfri sem engu máli skiptir.

Til að finna út árstölu hvers og eins leggjum við saman fæðingardag og mánuð viðkomandi og bætum við 2008. Örn er á lífstölunni 4, sem er mjög erfitt ár. Árið mun reyna á á öllum sviðum, en mun breyta lífi Arnar til hins betra. Erni mun ganga vel í vinnu og áhugamálum á þessu tímabili, og hann mun eflast mikið til framtíðar. En hann þarf líka að horfast mikið í augu við sjálfan sig, og tilfinningalífið gæti orðið mjög sveiflukennt á árinu. Í íþróttum blasa mjög góð ár við Erni og hann hefur alls ekki sagt sitt síðasta í þeim efnum.

Árið 2009 er mjög efnilegt ár fyrir Örn og á hann eftir að tengjast útlöndum mikið. Ekki er ólíklegt að honum verði boðin staða erlendis, sem hugsanlega tengist sundíþróttinni á einhvern hátt. Örn á eftir að eflast með hverju árinu. Því er best að fylgjast vel með Erni, því hann mun ná þeim árangri sem þjóðin býst við af honum.

www.klingenberg.is

Sendibílar



Til sölu M. Benz Atego 1228 árg. 2000 ekinn 325.000. Uppl. í síma 892 3060.

Til Sölu VW LT35. Ekinn 236 þ. Óskoðaður. Verð 350.000. Upplýsingar í síma 898 3705.

Hópferðabílar

Fyrir skólaaksturinn. Hópbifreið til sölu

Mercedes-Benz 412 Sprinter árgerð 1998 14 sæta hallanleg. Driflæsing, ekinn 525 þús. Stórar fram og hliðarrúður. Ofnahiti. Nýupptekin vél. Verð kr. 2.200.000 Nánari upplýsingar: Sigurður s: 520 5201. Guðmundur Jónasson hf. Borgartúni 34 105 Reykjavík

Fyrir skólaaksturinn. Hópbifreið til sölu

Mercedes-Benz O 814 Vario árgerð 1995 26 sæta hallanleg. Driflæsing, ekinn 595 þús. Nýupptekin vél. Íslensk yfirbygging. Webasto miðstöð, ofnahiti. Verð kr. 2.800.000 Nánari upplýsingar: Sigurður s. 520 5201. Guðmundur Jónasson hf. Borgartúni 34 105 Reykjavík

49 þús. evrur

Einstaklega lipur og ljúfur, lítið ekinn MAN - Clubstar til sölu. Mikið Lestarpláss, 37 sæta. Verð aðeins 49 þús evrur. S. 847 9787.

29 þús. evrur

Til sölu 19 manna Benz Vario. Ekinn 130 þús.km. Uppl. í s. 847 9787.

Húsbílar

Ford 350 + Sunlite 865 WS pallhýsi Árgerð 2005. Ekinn 30.095 km Verð 5.300.000 Tilboð: 4.900.000 Opnunartími: Mán-fös 10-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www.hobbyhusid.is

Mótorhjól

150 þús út og yfirtaka. Gas Gas Fse 450 01.08 hvít nr. nýtt hjól. 17 þús. á mán. Skipti ath. Uppl. í s. 898 8228.

KXF 450 árg. '08 ek. ca. 20 tíma. Verð 690 þ. Uppl. í s. 866 0532.

Yamaha Virago 250 cc ek. 9 þ. km. árg. '94. Vel með farið. S. 824 5257.

HONDA CRF450R '07 650 þús!!!! Ný keðja+tannhjól. S. 770 8287 á sama stað, OPC '07 2,7m.

Vespur

Glæsileg glæný Baotian til sölu. Rauð og svartgrá á lit. Ek. 3km búið að götuskr. hana. Stgr. tilboðsverð aðeins 169.900 kr. Fyrstur kemur fyrstur fær. Kjartan í s. 866 3084.

Fjórhjól

Suzuki King Quad 700 til sölu. '06 spil. hlífðarplötur, stærri dekk. Verð 930.000. S. 8967301

Honda árg '07 450 TRX 2WD lítið ek. í toppstandi. Fæst á yfirtöku 800 þ. S. 892 6993.

Til sölu polaris fjórhjól 800 árg. '07 4x4. Utanvegaskráð, litur; camo, ek. 5 tíma. Verð 1320 lán 540 ath skifti á 2 manna götuskráðu fjórhjóli. S. 868 2352..

Hjólhýsi

Dethleffs beduin árg. 05 með útvarpi, sjónvarpi, sólarsellu og er á loftpúðum heitt og kalt vatn truma miðstöð. Það eru 2 rúm með náttborði á milli í öðrum endanum og sófi í hinum endanum. Lítið tjónað á hægri hlið nánari. Verð 1.500 þús. S. 892 1817

540 Ufe Excellent 07 Verð: 3.290.000 Tilboð: 2.550.000. Opnunartími: Mán-fös 10-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www.hobbyhusid.is

Til sölu Tabbert Da Vinci 540 hjólhýsi, árg.'08. Verð 3.390 þ. Skoða skipti. S. 860 1998.

HOBBY 495UK KOJUHÚS...LÆKKAÐ VERÐ... Árg. 2005 vel með farið og skemmtilegt fjölskylduhús sem er létt og þægilegt viðureignar...VERÐ 1850Þ. KR....ÁHV.1450Þ.KR. UPPL. Í S. 699 6580.

Fellihýsi

Sunlite Skyhawk pallhýsi árgerð 2007 Passar á japanska pallbíla Verð: 1.200.000 Tilboð: 1.070.000 Opnunartími: Mán-fös 10-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www.hobbyhusid.is

Til sölu Palomino Colt árg. '00. Fortjald, sólarsella, 2 gask., WC og ný dekk. S. 848 4113.

Palomino Colt 2005. Vel með farinn með fortjaldi ásamt dúk, svefntjöldum, sólarsella, loftnet, ísskáp, 2 gaskútum, rafgeymi, tengi í 220 V, lágvær miðstöð. Geymt inni á veturna. Verð 1050. Uppl. i s. 698 9650.

Pallhýsi

Vinnuvélar

Til sölu Mercedes Benz Actros 2650. Árg. '06. Ek. 67 þ.km. Ssk., olíumiðstöð, retarder, glussakerfi ofl. Uppl. í s. 897 7007.

Bátar

Til sölu nýr BAYLINER 175 með 130 hp 3.0 Mercruiser vél. Uppl. í s. 894 0632.

Yfirbyggður sportbátur MV Marin 5.4m 9o hp Suzuky utanb. mótor og vagn. Árg 2006. Uppl. s. 8926252

Bílaþjónusta

Eldsneytis Sparari!

Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

Varahlutir

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Imprezu '97. Vinstra framljós á BMW X3 '03-'06. Uppl. í s. 896 8568.

Er með varahluti fyri Scout og Willis. Uppl. í s. 694 4658.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Vy-þrif ehf.

Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

Garðyrkja

Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og alhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

HELLUBORG DÓRA
Heildarlausn fyrir lóð og garð
Látið fagmenn vinna verkið!
Upplýsingar í síma 616 9714

Halldór Ólafsson

www.helluborg.is

Haustklippingar runna

Garðsláttur, alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

Felli tré, þeki, hellulegg, slæ, snyrti runna, útvega mold og fleiri garðverk. Halldór Garðyrkjumaður - Sími 698 1215.

HAUSTKLIPPINGAR. Klippum runna og fellum tré. Hofsvík ehf. S. 699 8509.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

AtoZ

Viðskiptaáætlanir (business plans), fjármálaráðgjöf, rekstrarráðgjöf, áætlanagerð, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s.661-7000

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Búslóðaflutningar !

Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og & aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.



ÞJÓNUSTA

Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistarar, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Fossháls 25, 110 RVK
S. 517 0117 & 661 0117

Steinsögun, kjarnaborun, múrbrot.

Upplýsingar í síma 692 3237.

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira.
Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma 899 2420
Steingæði ehf.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Húsaviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðgerðir
Byggingafélag getur bætt við sig verkefnum, úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 663 3383.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Trésmíði
Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

Ryð og lekavarnir á þökum
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

Alhliða endurbætur og viðhald húsa, viðgerðir og viðbætur. Vönduð vinna. Tilboð eða tímavinna, uppl. í s. 894 2523.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Ódýr tölvuhjálp! Tökum að okkur alla tölvu vinnu. Ekkert gjald ef lausn finnst ekki. Gunnlaugur, s. 698 8886.

Nudd

Aðeins Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla virka daga frá hádegi.

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987.

Visa/Euro
Ef þig vantar hlustanda eða ráðgjöf, andleg leiðsögn, fyrirbænir, tarot. Fullur trúnaður. Er við alla virka daga frá hádegi til 01 & um helgar frá kl. 12-03.
Visa/Euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Veisluþjónusta

Stórar sem smáar veislur
Tökum að okkur stórar sem smáar veislur, allt frá 10-200 manns. Þjónum mikið í heimahús. Veisluþjónustan LB Baldurshagi. Nánari upplýsingar í síma 567 2025 & 848 0185.

Trésmíði

Sólpallar
Viltu flottan sólpall? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

TIL SÖLU

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is
FLESHLIGHT.IS

RAFLIST
Löggildir rafverktakar
„Við vorum að reyna að spila fótbolta og sýndum oft á tíðum ágætan sóknarleik. Þessi leikur fer náttúrulega í reynslubankann hjá yngri leikmönnum liðsins og við vorum til að mynda með einn átján ára gamlan, Björn Daníel Sverrisson, sem að mínu mati var yfirburðarmaður í FH liðinu ásamt kannski Dennis Siim," sagði Heimir.

Heimir er vitanlega ekki bjartsýnn á möguleika FH liðsins að komast áfram en er hvergi banginn fyrir seinni leik liðanna á Villa Park.

„Þeir eiga örugglega eftir að hvíla einhverja leikmenn og líta á þetta sem létta æfingu þannig að ég á ekki von á einhverri rasskellingu. Við mætum bara á Villa Park og blásum til blússandi sóknar og stöndum og föllum með því," sagði Heimir vongóður.

Martin O'Neill, knattspyrnustjóra Aston Villa, var létt í leikslok.

„Ég var búinn að segja við strákana að ég væri áhyggjufullur fyrir leikinn og það var því mikill léttir að ná að skora tvö mörk svona snemma. Byrjunin lagði grunninn að þægilegum sigri og ég er mjög ánægður með það," sagði O'Neill.

O'Neill hrósaði FH-ingum fyrir hugarfarið sem þeir sýndu í leiknum. „Þeir náðu að valda okkur þó nokkrum erfiðleikum á köflum og náðu að skora gott mark. Mér fannst líka hugarfarið og löngunin sem þeir sýndu til þess að spila sóknarbolta í stað þess að liggja í vörn vera aðdáunarverð," sagði O'Neill.

Spurður út í framtíð Gareth Barry hjá Aston Villa kvaðst O'Neill óviss. „Ég veit ekki hvað gerist en ég er alla vega ánægður með að hann hafi verið með. Hann svildi sjálfur ólmur spila leikinn," sagði O'Neill að lokum.

EINA LEIÐIN? Hraði sumra leikmanna Villa var slíkur að þetta virtist stundum eina leiðin fyrir Höskuld Eiríksson til að stöðva þá, með peysutogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikmenn FH og Villa tjá sig:

Vinnum seinni leikinn 4-0

FÓTBOLTI Tryggvi Guðmundsson, framherji FH, var svekktur með úrslit leiksins miðað við hvernig leikurinn spilaðist.

„Mér fannst þetta nú bara frekar jafn leikur og er hundfúll með að tapa 1-4. Leiðinda forgjöf sem við gefum þeim þarna í byrjun og mörkin tvö voru algjör skítamörk. En úti á vellinum fannst mér við bara vera að gera fína hluti. Við vorum að halda boltanum innan liðsins ágætlega og við skorum gott mark og áttum að skora alveg tvö í viðbót. Við hefðum líka getað nýtt það betur þegar þeir voru komnir á skokkið," sagði Tryggvi sem er þó bjartsýnn fyrir seinni leikinn.

„Við förum út og spilum okkar bolta og vinnum sjálfsagt bara 4-0 og förum áfram," sagði Tryggvi á léttum nótum.

Stiliyan Petrov, miðjumaður Aston Villa, var ákaflega ánægður með sigurinn í leikslok.

„Sigurinn setur okkur í frábæra stöðu fyrir seinni leikinn og það var mikilvægt. Við horfðum á leik FH gegn KR og komum því tilbúnir til leiks og kláruðum dæmið ," sagði Petrov. - óþ

Góð barátta FH-inga í 80 mínútur

Sofandaháttur í byrjun leiks kostaði FH tvö mörk og um leið einhverja spennu í viðureign þeirra við Aston Villa. Hetjuleg barátta skilaði þó marki í 4-1 tapi fyrir sterku liði Villa sem spilaði lengst af í hægagangi.

FÓTBOLTI FH-ingar börðust dyggilega í um 80 mínútur í gær þegar þeir töpuðu 1-4 fyrir enska úrvalsdeildarliðinu Aston Villa.

Það var grátlegt að sjá FH-inga mæta sofandi til leiks. Þeir léku líklega sínar verstu mínútur í sumar í byrjun leiksins og fengu á sig tvö mörk. Fyrst skoraði Gareth Barry eftir að FH mistókst að hreinsa frá hornspyrnu áður en Ashley Young bætti við. Hann lét Höskuld Eiríksson líta illa út og þrumaði boltanum í stöngina og inn.

„Þeir spila í eins búningum og Derby County og spila eins og þeir," heyrðist í einum stuðningsmanni Villa en FH leit illa út fyrstu mínúturnar. Jafn illa og lélegast lið ensku deildarinnar í fyrra. Leikmenn Villa léku í hægagangi það sem eftir var hálfleiksins.

Það nýttu FH-ingar sér og náðu nokkrum álitlegum sóknum, leikur liðsins hresstist verulega eftir lélega byrjun. Matthías Guðmundsson og nafni hans Vilhjálmsson voru nálægt því að skora áður en Gabriel Agbonlahor steig á bensíngjöfina, spændi framhjá Höskuldi og Tommy Nielsen og setti boltann í markið. Staðan 0-3 fyrir Villa.

GÓÐ BYRJUN Barry fagnar fyrsta marki leiksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MARKIÐ Matthías Guðmundsson skorar hér mark FH í leiknum með skalla af stuttu færi eftir fyrirgjöf Tryggva.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Matthías Guðmundssson skoraði á lokamínútu fyrri hálfleiks með skalla eftir að Tryggvi Guðmundsson negldi boltanum fyrir og glæddi lífi í Laugardalsvöllinn. Gott mark hjá FH og staðan í hálfleik 1-3.

Tryggvi skaut svo yfir úr góðu færi í upphafi síðari hálfleiks en mark hefði hleypt spennu í leikinn. Þess í stað stangaði Martin Laursen hornspyrnu frá Young inn eftir um klukkutíma leik og afgreiddu leikinn.

Eftir það gerðist lítið, FH reyndi að sækja og átti nokkrar sæmilegar tilraunir en leikmenn Villa lækkuðu sig um enn einn gír. Það hefur enda leik í úrvalsdeildinni á sunnudag og mun komast áfram í einvíginu. Seinni leikurinn fer fram á Englandi eftir tvær vikur.

FH barðist vel gegn sterku liði gestanna og getur vel við unað. Betur fór en á horfðist eftir nokkurra mínútna leik en leikurinn var búinn áður en hann byrjaði.

„Sóknarlega vorum við að spila mjög vel en það vantaði talsvert upp á vörnina. Þeir áttu frekar að gefa okkur forskot en við þeim og byrjunin var erfið á móti svona liði. Fyrstu þrjú mörkin eigum við að geta komið í veg fyrir þannig að þetta var smá aulaskapur hjá okkur, hreint út sagt," sagði Gunnar Sigurðsson eftir leik. - hþh/ óþ

SAMRÝND Bergur Ingi Pétursson og Ásdís Hjálmsdóttir í Ólympíuþorpinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásdís Hjálmsdóttir:

Meidd á olnboga

PEKING 2008 Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir varð fyrir því óláni að meiðast á olnboga skömmu áður en hún fór í æfingabúðir í Japan fyrir Ólympíuleikana. Hún mun því tæplega geta kallað fram sitt besta í spjótkastskeppninni á sunnudag.

„Ég fékk í olnbogann en ekki á sama stað og áður. Það er verið að vinna í því að ná meiðslunum úr mér og ég hef meðal annars verið að fá bólgueyðandi sprautur. Það er mikill sársauki þegar ég kasta og meiðslin eru á versta stað fyrir spjótkastara," sagði Ásdís og vonbrigðin að hafa meiðst þetta skömmu fyrir leika leyndu sér ekki.

„Það verður bara að koma í ljós hvernig ég verð síðan á keppnisdag. Það hefur eðlilega skemmt talsvert undirbúninginn að geta ekki kastað og ég veit ekkert hvar ég stend í dag. Ég var í góðu formi fyrir mótið og væntingarnar miklar, ég ætlaði svo sannarlega að bæta mig. Þetta er mjög svekkjandi," sagði Ásdís. **- hbg**

Bergur Ingi Pétursson:

Ánægður með matartjaldið

PEKING 2008 Matartjaldið í ólympíuþorpinu vekur ávallt lukku hjá keppendum enda hægt að borða lúxusmat frá öllum heimshornum og tæki eflaust margar vikur að komast yfir allt sem þar er í boði. Ekki skemmir síðan fyrir að opið er þar allan sólarhringinn.

„Beggi [Bergur Ingi sleggjukastari] ljómaði allur þegar hann frétti af opnunartímanum. Ætlar að fara að fá sér að borða klukkan tvö um nóttina," sagði spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir í stríðnistóni.

„Því er ekki að neita að ég gladdist yfir þeim tíðindum. Hef reyndar ekkert nýtt mér það að borða á nóttinni enn sem komið er en það mun gerast. Maður verður að prófa það að minnsta kosti einu sinni," sagði Bergur og brosti blítt. **– hbg**



GOTT SUND Hjörtur á fleygiferð í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjörtur Már Reynisson:

Bætti sitt persónulega met

PEKING 2008 KR-ingurinn Hjörtur Már Reynisson stóð sig vel í 100 metra flugsundi í gær. Kom í mark á 54,17 sekúndum sem er hans besti tími frá upphafi. Tíminn dugði þó ekki til að slá Íslandsmet Arnar Arnarsonar. Hjörtur hafnaði í 52. sæti af 65 keppendum.

„Ég verð að vera sáttur við þetta þar sem þetta er minn besti tími frá upphafi. Ég er samt keppnismaður og vil synda hraðar. Ég vildi gera betur og hélt ég myndi synda hraðar en átti ekki meira inni," sagði Hjörtur Már frekar léttur eftir sundið.

Hann hætti eftir síðustu leika, hvað gerir hann núna? „Ég er í það minnsta farinn í sumarfrí. Á meðan ég næ ekki því sem ég tel mig geta gert er ég hungraður í meira. Ég er enn hungraður. Við sjáum til hvað ég geri." - hbg

SVEKKTUR Landsliðsþjálfarinn grípur um höfuð sér í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Guðmundsson:

Alveg grátlegt og sorglegt

PEKING 2008 „Þetta var alveg grátlegt og sorglegt að sjá ekki síðustu skotin fara í markið. Sportið er grimmt og lokasekúndurnar endurspegla lánleysi okkar í dauðafærunum," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari svekktur en hann grét glötuð tækifæri líkt og lærisveinar hans.

„Varnarleikurinn var frábær í þessum leik. Við vorum búnir að stúdera þá vel og vorum með svörin til þess að mæta þeim. Markvarslan kom í kjölfarið og þessi varnarleikur og markvarsla á að duga til sigurs. Það sem skilur á milli eru dauðafærin sem við förum með. Því fór sem fór." - hbg

Árni Már setti Íslandsmet í 50 metra skriðsundi:

Mjög stoltur og átta mig seinna

PEKING 2008 Árni Már Árnason varð fyrstur íslensku sundmannanna í Peking til þess að ná markmiðum sínum þegar hann setti glæsilegt Íslandsmet í 50 metra skriðsundi í gær. Árni kom í mark á 22,81 sekúndu og sló þar með met Arnar Arnarsonar sem var 23,02. Besti tími Árna í greininni fyrir sundið í gær var 23,13 og því talsverð bæting hjá Árna.

„Ég er mjög sáttur og átti í raun inni ekki von á þessu. Ég vissi að ég væri nálægt þessu meti en átti ekki endilega von á því að slá það," sagði Árni Már skælbrosandi þegar hann var nýstiginn upp úr lauginni. Tími Árna skilaði honum í 44. sæti af 97 keppendum.

„Ég er búinn að vera að bæta mig mikið. Biðin eftir þessu sundi hefur verið löng og erfið. Uppskeran er því verulega ánægjuleg. Ég er mjög stoltur af þessu og mun átta mig betur á þessu seinna," sagði Árni Már sem er aðeins tvítugur að aldri og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

„Ég fer til Bandaríkjanna þar sem ég ætla að halda áfram að bæta mig en ég tel mig eiga mikið inni. Ég á eftir að byggja upp mikinn vöðvamassa miðað við strákana í stuttu greinunum. Nú er að byrja að taka fleiri af þessum metum sem Örn á en það átti ekki að vera hægt að slá þau," sagði Árni Már borubrattur og hafði vel efni á því. - hbg

METINU FAGNAÐ Árni Már fagnaði þegar hann sá að hann hafði bætt Íslandsmetið í Peking í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓL Í PEKING

Handbolti:

Ísland - Suður-Kórea 21-22(9-10)
Mörk Íslands (skot): Logi Geirsson 5 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (7), Alexander Petersson 4 (11), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Arnór Atlason 2 (3), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Ólafur Stefánsson 1 (4), Snorri Steinn Guðjónsson 1/1 (5/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson (1), Róbert Gunnarsson (3).
Varin skot: Björgvin Gústavsson 17/1 (39/4, 44%)
Hraðaupphlaup: 4 (Guðjón Valur 2, Alexander 1 og Ingimundur 1).
Fiskuð víti: 2 (Róbert og Arnór).
Utan vallar: mínútur.
Mörk Suður-Kóreu: Yoo 6, S. Jung 3, J. Lee 3, C. Cho 3/2, J. Park 3, K. Ko 2, W. Paek 2,
Utan vallar: 2 mínútur

Staðan í B-riðli eftir þrjá leiki:

1. Ísland	4 stig (markatala +5)
2. Þýskaland	4 stig (2)
3. Suður-Kórea	4 stig (-2)
4. Danmörk	3 stig (0)
5. Rússland	2 stig (-2)
6. Egyptaland	1 stig (-3)

Leikur hinna glötuðu tækifæra

Strákarnir okkar voru algjörir klaufar að leggja ekki Suður-Kóreu í Peking í gær. Þeir gerðu í raun allt rétt í leiknum nema nýta dauðafærin. Það reyndist eðlilega dýrkeypt.

PEKING 2008 Það var grátlegt að horfa upp á tap íslenska handboltalandsliðsins gegn Suður-Kóreu í gær. Strákarnir fóru illa með fjölmörg dauðafæri og það síðasta á lokasekúndum leiksins. Það hafnaði í slánni og Kóreubúar fögnuðu eins marks sigri, 21-22.

Leikurinn fór mjög rólega af stað og ljóst að fyrstu tveir leikirnir höfðu tekið sinn toll hjá báðum liðum. Hinir pólsku dómarar leiksins virkuðu einnig þreyttir og byrjuðu fljótlega að dæma á hina furðulegustu hluti.

Íslenska vörnin var í standi strax frá upphafi og hæðarmunurinn á liðunum sýndi sig er íslenska hávörnin tók hvert skotið á fætur öðru. Fyrir aftan þessa sterku vörn stóð Björgvin Páll og varði eins og berserkur. Sóknarleikurinn var aftur á móti dapur og það var í raun aðeins Logi Geirsson sem ógnaði af einhverju viti í sókninni þegar hann skoraði þrjú mörk í röð.

EKKERT SVEKKELSI Sigfús hughreystir Ásgeir Örn eftir að lokaskot hans geigaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hálfleikstölur voru í takti við gönguboltann sem boðið var upp á, 9-10 fyrir Kóreu. Síðari hálfleikur byrjaði ekki vel. Kórea skoraði fimm af fyrstu sjö mörkunum og komst í þægilega stöðu. Á þessum tíma gekk hvorki né rak í sóknarleiknum og Björgvin Páll hélt Íslandi á floti með stórbrotinni markvörslu.

Strákunum gekk ekkert að brjóta sér leið framhjá frábærri vörn Kóreubúa. Þeir voru geysilega hreyfanlegir og í íslensku leikmönnunum án þess að snerta þá mikið. Fyrir vikið fengu íslensku strákarnir dæmda á sig fjölda ruðninga en vörnin hjá Kóreumönnum var það vel útfærð að þeir misstu mann aðeins einu sinni af velli og það var rangur dómur eins og svo margir hjá pólska parinu.

Ísland vann sig smám saman inn í leikinn og fékk tækifæri til þess að jafna nokkrum sekúndum fyrir leikslok en Ásgeir Örn var mjög óheppinn því vippa hans fór í slána og út. Hrikalegt.

Þrátt fyrir tapið er hægt að taka margt jákvætt úr leiknum. Vörnin var enn og aftur frábær með Ingimund í aðalhlutverki á ný. Fyrir aftan hann var svo Björgvin í fantaformi allan leikinn og athyglisvert að nýliðarnir séu að skara fram úr. Undirritaður man annars ekki eftir því hvenær íslenskur landsliðsmarkvörður lék síðast vel í 60 mínútur. Það er sorglegt að vinna ekki leiki þegar þessir hlutir eru í lagi.

Strákarnir geta annars engum um kennt nema sjálfum sér. Þeir voru að skjóta ákaflega illa allan leikinn og voru klaufar oft á tíðum. Sóknarleikurinn var rysjóttur en miklu meira framlag vantaði frá Ólafi Stefánssyni og Snorri náði ekki alveg að fylgja eftir fyrstu leikjunum sínum en Kóreubúarnir pressuðu hann nánast út á miðju. Eina alvöru ógnunin í sókninni kom frá Loga Geirssyni. Alexander var líka duglegur að reyna en hlutirnir voru ekki að detta fyrir hann. Guðjón Valur skilaði síðan sínu vel líkt og venjulega.

ÞVERSLÁIN Ásgeir Örn vippar yfir markmanninn á lokasekúndu leiksins en því miður small boltinn í þverslánni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GÓÐUR Björgvin varði vel í leiknum gegn Kóreu en það dugði ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Ingimundur Ingimundarson fer á kostum í Peking:

Kem í landsliðið á þriggja ára fresti

PEKING 2008 „Þetta er hrikalega svekkjandi eins og alltaf eftir tap. Við fengum tækifæri en nýttum það ekki. Annars veit ég ekki hvað ég á að segja. Er hálfdofinn eftir þennan leik," sagði varnartröllið Ingimundur Ingimundarson eftir sárt tap Íslands fyrir Suður-Kóreu í gær.

Ingimundur átti enn einn stórleikinn í vörn íslenska liðsins í gær en hann hefur stokkið nánast fullskapaður inn í íslensku vörnina sem er að spila betur með hann innanborðs en hún hefur lengi gert.

„Ég reyni að nýta tækifærin sem ég fæ. Ég, Sverre og Fúsi vinnum mikið saman. Við Sverre erum að smella saman núna. Við erum ekki hávaxnir, þurfum því að vera grimmir og fara út í mennina," sagði Ingimundur sem hefur verið inn og út úr landsliðinu síðustu ár.

„Ég kem bara í landsliðið á þriggja ára fresti. Við Guðjón Valur spiluðum okkar fyrsta landsleik saman á sínum tíma og hann á orðið nokkra leiki á mig," sagði Ingimundur léttur. - hbg

Björgvin varði afar vel:

Er með mikið sjálfstraust

PEKING 2008 Björgvin Páll Gústavsson heldur áfram að stimpla sig rækilega inn í íslenska landsliðið en hann varði 22 skot í leiknum gegn Kóreu. Fór hreinlega hamförum og hélt íslenska liðinu inni í leiknum á köflum en það dugði því miður ekki til.

„Ég hitti á ágætis leik í dag en það er samt hægt að leggja dæmið upp þannig að ég hafi varið tveim skotum of lítið," sagði Björgvin Páll hógværðin uppmáluð í leikslok.

„Ég er með mikið sjálfstraust og maður reynir að njóta þess að vera hérna. Við stöndum allir saman í þessu og það er gott að finna traustið frá vörninni og öllum öðrum," sagði Björgvin Páll. – hbg

erum og verðum

ALLT AF ÓDÝRARI

ACER ASPIRE 5920G-5A

- 1.83GHz Intel Core2 Duo
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD3470
- 15.4" WideScreen skjár
- Windows Vista Home Premium

119.950

TURNUPPFÆRSLA 2

- AMD Athlon 64 X2 4600+
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- GB LAN og 7.1 hljóðkort

Birt með fyrirvara um hugsanlegar innsláttarvillur og myndabrengl

39.950

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home Premium

109.950

ACER EXTENSA 5220Z-20

- 2.0GHz Intel Celeron M
- 2GB DDR2 667MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- 128MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

64.950

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

12.750

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E7200 - 45nm
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce NX9600GSO
- 22" Acer skjár, 5ms DVI

139.950

15.4" HLIÐARTASKA

15,4" Manhattan Empire lipur og nett svort hliðartaska fyrir fartölvur

MANHATTAN **3.950**

15" BAKPOKI

Rúmgóður bakpoki fyrir 15" fartölvur frá Manhattan

MANHATTAN **3.950**

ACER ASPIRE 7520G-40



- 1.9Ghz AMD Turion64
- 3GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB Geforce 8400
- 17" WideScreen skjár

117.950

500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

12.750

160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

10.950

LOGITECH NX50 MÚS

Logitech NX50 Notebook Laser Mouse Plus frábær fartölvumús, USB

2.450

SENNHEISER HD 201

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.450

4GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

1.950

640GB HARÐUR DISKUR

640GB Western Digital SE16 - SATA II harður diskur, WD640AAKS, 300MB/s, með 16MB buffer, 7.200rpm

9.750

ACER ASPIRE 5930G-73

- 2.0GHz Intel Core2 Duo Penryn
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 512MB Geforce Go 9600GT
- 15.4" WideScreen skjár

167.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

TILE

OPIÐ ALLA HELGINA • F

16BLS

2 GLÆSILEGIR BÆKLINGAR STÚTFULLIR AF TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, myndbrengl og villur

BOÐ

RÁBÆR TILBOÐ Í GANGI

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

Opið alla helgina 16-17 ágúst

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

Þú mætir bara og velur þér fartölvu
TIL AFGREIÐSLU
STRAX
ENGIN BIÐTÍMI
Eitt mesta úrval landsins af fartölvum

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
10:00 - 18:30
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

dagskrá

> America Ferrera

„Sambönd kvenna einkennast oft af samkeppni og öfund. Ég held að ef við gerðum meira af því að styðja hvor aðra í stað þess að rífa niður gætum við afrekað svo miklu meira.“ Ferrera leikur í þættinum Ljóta Betty sem sýndur er í sjónvarpinu í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HORFIR EKKI Á GÖMUL TÍÐINDI

Steinrunnar sjónvarpsfréttir sökka

Síðustu sólarhringa hefur komið skýrt í ljós hvaða umbreyting er orðin á fjölmiðlaumhverfi hér á landi. Allur þorri manna gat fylgst með þróun mála í uppnámsástandi borgarstjórnar Reykjavíkur á vefmiðlum. Þar var á hverju augnabliki hægt að átta sig á stöðunni. Á útvarpsstöðvum var sama upp á teningnum, biðin á göngum ráðhúss Reykjavíkur var í beinni, þótt á endanum sýndu atkvæðamestu fulltrúar Reykvíkinga almenningi þá ókurteisi að sniglast í bíla í kjallara hússins og bruna út, þá löngu búnir að gleyma að þeir sátu í umboði okkar sem kusum í sveitarfélaginu síðast.

Báðar sjónvarpsstöðvarnar voru langt á eftir og dagblöðin gátu ekki tekið púlsinn fyrr en um svipað leyti og seinni fréttir voru hjá Ríkisútvarpinu kl. 22. Hér hefði stöð eins og NFS komið sér vel og máttu menn þá minnast

þess að sú viðskiptahugmynd var góð, NFS var merkilegur lýðræðislegur hreyfill, gallinn var bara sá að menn gleymdu viðskiptahliðinni í dæminu sem hefur þó ekki orðið þeim til trafala á öðrum vettvangi.

Sjónvarpsfréttir í hálftíma eru tímaskekkja. Eins ríka áherslu og eigendur og stjórnendur sjónvarpsstöðva leggja á fréttapartinn og fréttaútlitið, dugar það format frétta ekki lengur og dagskrárstjórn verður að taka upp miklu sveigjanlegra kerfi ef sjónvarpsfréttir eiga ekki að verða steinrunnið fyrirbæri í okkar samfélagi. Vefurinn er sneggstur allra. Þar má bakka ef vill, útvarpið kemur næst, blöð og sjónvarp eiga í vök að verjast, blöðin munu fljóta en sjónvarpið sekkur að óbreyttu.

EKKI MISSA AF

▶ **18.10 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.00 Fallen. The Journey** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.00 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.05 Wet Hot American Summer** STÖÐ 2

▶ **21.50 The Eleventh Hour** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

07.30 ÓL í Peking Samantekt (19:45)
08.15 ÓL í Peking Fimleikar, fjölþraut kvenna, úrslit
10.00 ÓL í Peking Júdó, undanúrslit og úrslit
10.30 ÓL í Peking Sund, undankeppni
10.55 ÓL í Peking Júdó +100 kg
11.30 ÓL í Peking Badminton, úrslit
13.00 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir
15.30 ÓL í Peking Badminton, tvíliðaleikur kvenna úrslit
16.15 ÓL í Peking Samantekt (20:45)
17.00 ÓL í Peking Samantekt (21:45)
18.00 Táknmálsfréttir
▶**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (15:23)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ísknattleiksmótið (D2: The Mighty Ducks)
21.55 Ólympíukvöld (7:16)
22.15 Wallander - Afríkumaðurinn (Wallander: Afrikanen) Sænsk sakamálamynd. Kurt, rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni, glímir við erfitt sakamál.
23.45 Pörupiltar II (Bad Boys II) Bandarísk bíómynd frá 2003 um tvær fíkniefnalöggur sem eiga í baráttu við alsælusölumenn í Flórída. (e)
02.05 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir, stangarstökk undankeppni
04.30 ÓL í Peking Sund, úrslit
05.50 ÓL í Peking Handbolti karla, Frakkland-Spánn

BÍÓ

08.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny
10.00 Eight Below
12.00 Saved!
14.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny
16.00 Eight Below
18.00 Saved!
▶**20.00 Fallen. The Journey**
22.00 Jackass Number Two
00.00 Blow Out
02.00 The Locals
04.00 Jackass Number Two
06.00 La vie aprés l'amour

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.35 La Fea Más Bella (127:300)
10.20 Sisters (11:24)
11.20 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (19:114)
13.55 Forboðin fegurð (20:114)
14.50 How I Met Your Mother (10:22)
15.25 Bestu Strákarnir (3:50)
15.55 Galdrastelpurnar (21:26)
16.18 Bratz
16.43 Nornafélagið
17.03 Smá skrítnir foreldrar
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (9:25) Áttunda þáttaröðin um Simpsonfjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika þeirra.
19.55 Beauty and The Geek (4:13)
20.40 Freaky (4:8) Hér er á ferðinni hópur ungra Breta sem sýna nýja hlið á sjónhverfingum. Þú munt ekki sjá töfrabrögð og sjónhverfingar í sama ljósi eftir að hafa séð þessa nýju þáttaröð.
▶**21.05 Wet Hot American Summer** Gamanmynd um sumarbúðarforingjann Beth sem á í vandræðum með að halda reglu í búðunum. Aðalhlutverk: David Hyde Piers og Janeane Garofalo.
22.40 Nochnoy Dozor Magnaður framtíðartryllir um vætti ljóss og myrkurs sem gerðu samning í byrjun tímans um að hinir illu skyldu ráða yfir nóttinni og að dagurinn tilheyrði þeim góðu.
00.30 xXx The Next Level Darius Stone er nýr XXX fulltrúi og nú er komið að honum að bjarga heiminum frá hættulegum hryðjuverkamönnums em svífast einskis.
02.10 Die Hard With a Vengeance
04.15 Scary Movie 4
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 UEFA Cup FH - Aston Villa
14.55 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
15.25 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
15.50 UEFA Cup FH - Aston Villa
17.30 Sumarmótin 2008 Sýnt frá Pæjumótinu á Siglufirði.
18.15 Kraftasport 2008 Sýnt frá Uppsveitarvíkingnum þar sem margir af sterkustu mönnum landsins mættu til leiks.
18.50 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
19.50 Fittneshelgin 2008 Sýnt frá Fitnesshelginni þar hraustasta fólk landsins var samankomið.
20.45 2006 Ryder Cup Official Film Ryder Cup árið 2006 er gert upp.
22.00 World Series of Poker 2007 Snjöllustu pókerspilarar heimsins setjast að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
22.50 World Series of Poker 2007
23.40 World Supercross GP World Supercross GP gert upp í frábærum þætti. Öll mót ársins skoðuð í bak og fyrir.

SPORT 2 *enski boltinn*

18.15 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
19.10 Bestu leikirnir Man. Utd. - Chelsea.
20.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
21.20 English Premier League 2008/09 Enska úrvalsdeildin skoðuð í bak og fyrir.
21.50 PL Classic Matches Arsenal - Newcastle, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 01/02.
22.50 English Premier League 2008/09.
23.20 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
00.15 Bestu leikirnir Man. Utd. - Liverpool.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil
18.30 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Kimora. life in the fab line (e)
19.45 Hey Paula (e)
20.10 Life is Wild (9:13) Katie, Oliver, Emily og Tumelo læra saman fyrir próf en Jesse er í vondum málum og biður Katie að hjálpa sér með lærdóminn. Gestir á gistiheimilinu eru ekki ánægðir með þjónustuna og Danny og Art reyna að verja ljón frá veiðimönnum.
21.00 The Biggest Loser (9:13) Nú breytist leikurinn því héðan í frá verður einstaklingskeppni og allir verða að standa á eigin fótum. Keppendunum er einnig komið á óvart áður en þeir eru sendir í myndatöku. Í keppninni þarf einn keppandinn að yfirvinna stærsta ótta sinn.
▶**21.50 The Eleventh Hour** (3:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.
22.40 Sexual Healing (e)
23.30 Law & Order. Criminal Intent
00.20 The IT Crowd (e)
00.45 High School Reunion (e)
01.35 Our America (e)
03.10 Da Vinci's Inquest (e)
04.00 Jay Leno (e)
04.50 Jay Leno (e)
05.40 Vörutorg
06.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12:15 daginn eftir.
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.55

Beauty and the Geek

Fjórði hópurinn af nördum og fegurðardísum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hvort undir yfirborðinu leynist töffari eða samkvæmisljón hjá gáfnaljósunum. Og hvort fegurðardísirnar eigi auðvelt með að nota heilann í stað þokkans sér til framdráttar.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Ísknattleiksmótið (D2: The Mighty Ducks)

Sjónvarpið kl. 20.10

Bandarísk fjölskyldumynd frá 1994. Myndin segir frá íshokkíþjálfara sem fer með liðið „The Ducks" á vináttuleika ungmenna í Los Angeles. Hann er nokkuð sigurviss þangað til þau þurfa að spila á móti íslenska liðinu sem er bæði grimmt og illviðráðanlegt. Það er íslenska leikkonan María Ellingsen sem leikur þjálfara íslenska liðsins en í öðrum hlutverkum eru Emilio Estevez, Kathryn Erbe og Michael Tucker.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sumarást
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
13.15 Á sumarvegi
14.03 Táslur og tjull
15.03 Útvarpssagan: Barnið og tíminn
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
19.40 Tónlist úr þularstofu
20.00 Leynifélagið
20.30 Mánafjöll
21.10 Brjóstdropar
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Viltu syngja minn söng?
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Ally McBeal (8:23)
17.45 Skins (7:9)
18.30 The Class (19:19)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
▶ **20.00 Ally McBeal** (8:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
20.45 Skins (7:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
21.30 The Class (19:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
22.00 Las Vegas (6:19) Við fylgjumst með störfum öryggisvarða í Montecitospilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
22.45 The Kill Point (3:8) Félagar úr hernum ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán.
23.30 ReGenesis (10:13) Önnur sería spennandi þáttaraðar um ógnvænlega framtíð þarf sem mannkynið er farið að leika hlutverk skaparans.
00.20 Twenty Four 3 (12:24) Nina hefur vírusinn undir höndum og CTU ræðst til atlögu. Sherry reynir með öllum ráðum að bjarga Palmer úr klemmu. Kim kemst að leyndarmáli Chloe.
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
21.00 Kötturinn í sekknum Umsjón: Lilja Þórisdóttir.
21.30 Íslands Safari Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama. Gestur: Hildur Dungal forstjóri Útlendingastofnunar.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

15.25 Nyheder på tegnsprog **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** 16 Blocks **21.55** Black Knight **23.30** Slutspil **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NRK 1

10.00 Sommer-OL i Beijing. Fotball kvartfinaler, kvinner **12.00** Sommer-OL i Beijing. Sandvolleyball **13.50** Sommer-OL i Beijing. Fotball kvartfinaler, kvinner **15.00** Sommer-OL i Beijing. Seiling **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Hytte-Stina **16.05** Gubben og Katten **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **19.30** 20 spørsmål **19.55** Den mistenkte **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den mistenkte **21.45** Kriseteamet **22.35** Bo Kaspers Orkester - live fra Vega i København **23.35** En vill sommer ved Svartehavet

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Sune **17.00** Det femte väderstrecket **17.05** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den inre fienden **20.55** Rapport **21.05** Sommar-OS i Peking **00.55** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking

Nýtt í Hagkaupum

Viltu bæta hlaupatímann þinn án meira álags?



Smart Motion hlaupastíls aðferðin leiðbeinir þér að hlaupa með minna álagi á fætur, liði og mjóbjak á léttari og skynsamari máta.

Smart motion

Smart Motion hlaupastíllinn er kominn á DVD í Hagkaup!

HAGKAUP
Ein fers betra vers

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég hlusta vanalega á youtube lög, bara svona eitthvað sem mér finnst skemmtilegt. Til dæmis The Smiths, Fionu Apple, Sigur Rós og Coco Rosie. Stundum hlusta ég á Fóstbræðra-sketsa. Það er ótrúlega fínt. Ef ég er í skapi fyrir eitthvað hallærislegt hlusta ég á Aha eða ABBA.

Sigrún Huld Skúladóttir, leikkona og verkefnastýra hjá Öðru veldi ehf.

Segir enn brotið á vörumerkjarétti

„Auglýsingarnar eru enn uppi, þrátt fyrir ábendingarnar," segir Gunnar Hansson, umboðsmaður Vespu á Íslandi. Fréttablaðið fjallaði á dögunum um svokallaðan „Vespuleik" 10-11, þar sem létt bifhjól, úr sama flokki og Vespa, er í vinning, en þó er það ekki Vespa sem um ræður, heldur bifhjól af gerðinni Kymco.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11, segir aðspurður hvers vegna 10-11 haldi áfram að brjóta á vörumerkjarétti, þrátt fyrir ábendingar umboðsaðila, að þeir hafi talið að annað samheiti yfir flokkinn væri ekki að finna í íslensku máli. Lögfræðingar 10-11 telji að hefð sé komin á notkun orðsins með þessum hætti. „Við teljum því ekki að verið sé að brjóta nein lög með þessu framferði," segir Sigurður.

Vespa hefur verið skrásett vörumerki frá árinu 1998. Í fyrstu hafnaði Einkaleyfastofa skráningarbeiðninni, á þeim forsendum að orðið hefði misst aðgreiningareiginleika sinn, og hefð væri fyrir notkun orðsins líkt og Sigurður nefnir. Áfrýjunarnefnd vörumerkja og einkaleyfamála sneri úrskurðinum hins vegar við og taldi að orðið byggi enn yfir aðgreiningareiginleika sínum.

Í leik 10-11 er Kymco að auki sagt mest selda hjólið í þessum flokki á Ítalíu. Samkvæmt opinberum sölutölum sem Fréttablaðið hefur undir höndum mun svo ekki vera. „Sú staðhæfing kom frá innflytjanda vespunnar, VDO, og taldi ég ekki ástæðu til að rengja það. Ég hef kallað eftir gögnum frá þeim varðandi þetta. Annars er leikurinn senn á enda en ljóst er að farið verður betur í saumana á þessu fyrir næsta sumar," segir Sigurður. **- shs**

GUNNAR HANSSON Segir að 10-11 brjóti enn á vörumerkjarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

HULDA ÁMUNDADÓTTIR, RAGNHEIÐUR ÁSTA KARLSDÓTTIR OG SVANHILDUR SIF HALLDÓRSDÓTTIR Hættar við að fara í Loftbelg til Reading enda vart annað í stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAGNHEIÐUR ÁSTA: SÁRT AÐ KOMAST EKKI Á READING-HÁTÍÐINA

Loftbelgurinn brotlenti

„Þetta er afskaplega hvimleiður misskilningur," segir Ólafur Páll Gunnarsson á Rás 2.

Hópferð í Loftbelgnum, samstarfsverkefni Icelandair og Rásar 2, á Reading-tónlistarhátíðina, sem hefst eftir viku, er í uppnámi. Að sögn Óla Palla varð misskilningur milli manns sem starfar á vegum Icelandair í Englandi við að útvega miða og Icelandair, með þeim afleiðingum að ferðahópurinn hefur aðeins miða á hátíðina á laugardegi og sunnudegi, en ekki þriggja daga passa og leyfi til að tjalda á svæðinu eins og um var talað.

Leiðangursmenn, 24 að tölu, eru að vonum vonsviknir. Í tölvupóstssamskiptum innan hópsins láta menn í ljósi mikla vanþóknun á vinnubrögðunum. Ragnheiður Ásta Karlsdóttir segir þetta mikil vonbrigði. Hún er hætt við að fara – segir engan annan kost í stöðunni. Það eina sem Icelandair hafi boðið sé endurgreiðsla eða taka því að fljúga út og eiga aðeins miða á tvo daga af þremur. „Þegar aðgöngumiðinn inn á hátíðina fyrsta daginn fór þá fauk í raun gistingin því þá misstum við tjaldstæðið. Fátækir námsmenn kaupa ekki hótelherbergi enda ekki úr miklu að moða þegar hátíð af þessari stærðargráðu er annars vegar. Uppselt var á þessa hátíð strax í mars."

Ragnheiður furðar sig á því að Icelandair skuli ekki geta komið til móts við hópinn. Sölustjórn Icelandair tjáði henni að verið væri að vinna í málinu hvað gistingu varðar en svo fékk Ragnheiður tölvupóst sem innihélt link á gistimöguleika í Reading. „Ég gúgglaði „camping in Reading" og þá var þetta annar möguleikinn sem kom upp. Það var nú öll hjálpin," segir Ragnheiður. Icelandair tjáði henni að þar sem þetta væru mistök þriðja aðila væri ekkert hægt að gera. „Þeir eru þá ekki í samstarfi við mjög trausta þriðju aðila. Þetta eru gríðarleg vonbrigði. Ég var búin að skipuleggja sumarfríið í tengslum við þessa ferð og fá frí frá vinnu. Gríðarleg tilhlökkun en þetta er 20 ára afmælishátíð Reading og ekki miklir möguleikar á að sjá sumar þeirra hljómsveita sem koma þarna fram við önnur tækifæri," segir Ragnheiður.

Ólafur Páll segir þetta ferlega fúlt klúður en samstarfið við Icelandair hafi gengið vel hingað til. Fyrir dyrum stendur að fara í Loftbelg Rásar 2 og Icelandair á R.E.M. í Manchester, Queen og Paul Rodgers í London og Madonnu í París.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Snæbjörn Arngrímsson, sem kom á fót hugsjónabókaforlaginu Bjarti, hefur nú að mestu látið sig hverfa af vettvangi innlendrar bókaútgáfu og seldi nýverið **Pétri Má Ólafssyni** hjá forlaginu Veröld hlut sinn í Bjarti. En þeir voru þá þegar orðnir félagar með jöfn skipti í útgáfunni. Snæbjörn hyggst einbeita sér að bókaforlaginu Ferdinant sem hann á og rekur í Danmörku.

Annars bendir allt til þess að þetta verði sannkölluð kanónubókajól því margir okkar bestu rithöfunda munu berjast um hylli lesenda: **Auður Jónsdóttir, Einar Kárason, Ólafur Gunnarsson, Hallgrímur Helgason** og líklega **Bragi Ólafsson** verða öll með bækur. **Stefán Máni** hefur að nokkru skipað sér á bekk með krimmahöfundum sem verða öflugir að vanda. Stefán verður með bók sem og **Arnaldur Indriðason, Árni Þórarinsson, Viktor Arnar Ingólfsson** og **Ævar Örn Jósepsson** svo einhverjir séu nefndir.

Femínistar og þau í kynjafræðinni fagna varla nýjum fréttastjóra á DV því ekki verður hann til að leiðrétta sláandi kynjahalla hvað varðar yfirmannastöður á fjölmiðlum. Þeir eru til sem telja fjölmiðla halda konum niðri í þjóðfélaginu með því að hleypa þeim ekki að – hvorki í stöður né á síður blaðanna. Nýr fréttastjóri DV er **Þórarinn Þórarinsson** sem jafnframt mun halda áfram að ritstýra dv.is. Helstu yfirmenn DV eru þannig feðgarnir **Reynir Traustason** og **Jón Trausti Reynisson, Þórarinn** og **Brynjólfur Þór Guðmundsson** – allt karlmenn síðast þegar að var gáð. **- jbg**



LÁRÉTT
2. æsa, **6.** hvort, **8.** bók, **9.** rekkja, **11.** tveir eins, **12.** hökutoppur, **14.** yfirstéttar, **16.** bor, **17.** klæði, **18.** háð, **20.** gríska bókstafur, **21.** harla.

LÓÐRÉTT
1. erindi, **3.** tveir eins, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** sýklalyf, **10.** samhliða, **13.** útdeildi, **15.** bás, **16.** siða, **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ösna, **6.** ef, **8.** rit, **9.** rúm, **11.** tt, **12.** skegg, **14.** aðals, **16.** al, **17.** fat, **18.** gys, **20.** pí, **21.** afar.
LÓÐRÉTT: 1. vers, **3.** rr, **4.** viðgiop, **5.** att, **7.** fúkalyf, **10.** með, **13.** gaf, **15.** stía, **16.** aga, **19.** sa.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Þormóður Árni Jónsson.
2. Renewable Energy Corporation.
3. Við golfvöllinn á Ísafirði.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
STÓR HUMAR, LÚÐA
TÚNFISKUR
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Káta maskína Þorsteins Joð

„Já, ég var að semja við Þórhall [Gunnarsson dagskrárstjóra RÚV] um nýjan menningarþátt sem verður á dagskrá í vetur og allt öðru vísi en þátturinn sem við vorum með í fyrra," segir sjónvarpsmaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Þáttur Þorsteins ber vinnutitilinn Káta maskínan og mun fjalla um menningu í víðum skilningi. Hann verður frábrugðinn 0708, þætti sem Þorsteinn stjórnaði í fyrra, þar sem sjónum var einkum beint að leikhúsi og kvikmyndum. „Myndlist og tónlist kemur inn líka. Þetta verður þáttur í ætt við South Bank Show sem margir þekkja, í umsjá Melvins Bragg, portrett af listamönnum. Í kringum frumsýningar eru fjölmiðlarnir, sjónvarp, blöð og útvarp, oft að nálgast þær frá sömu sjónarhornum: Þetta eru mikið til sömu viðtölin," segir Þorsteinn og boðar aðra nálgun.

Andrea Róberts var með Þorsteini á skjánum í menningarþættinum í fyrra en hún verður ekki með núna heldur verður Þorsteinn einn auk þess sem hann framleiðir og tekur mikið af efni þáttarins. „Ég stend einn að þessu en fæ til dæmis Bjarna Felix Bjarnason tökumann með mér og fleira fólk í samsetningu og slíkt. En ég tek mikið sjálfur og klippi."

Nafnið á þáttinn fær Þorsteinn að láni hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu en það hafði legið þar í skúffu um hríð. „Sverrir hjá Hvíta húsinu var svo góður að lána mér það. Frábært nafn. Káta maskínan gæti verið flott pæling í kringum þetta rekkverk sem listin er líka," segir Þorsteinn Joð. **- jbg**

ÞORSTEINN JOÐ Nýr þáttur hans í anda South Bank Show verður á dagskrá RÚV í vetur.

sjo

faldur lukkudagur

Sjöfaldir Vildarpunktar
þegar verslað er hjá Olís í dag

Sjöfaldur í Lottó
potturinn stefnir í 65 milljónir
og þú færð miðann hjá Olís

Á morgun er dregið í Lottó og að þessu sinni er fyrsti vinningur **SJÖFALDUR** og stefnir í 65 milljónir! Af því tilefni er sjöfaldur lukkudagur hjá Olís – við bjóðum viðskiptavinum **SJÖFALDA VILDARPUNKTA** í dag og mælum með því að þeir kaupi sér Lottó í leiðinni!

OLÍS – við höldum með þér!

Lottó

ÍCELANDAIR Vildarklúbbur

Athugið að tilboð gildir aðeins föstudaginn 15. ágúst.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Silfur Egils

Ólíkt því sem margir halda er íslenska útrásin ekki ný af nálinni. Löngu fyrir daga Björgólfs- og Bónusfeðga höfðu kappar eins og Egill Skallagrímsson lagt sitt af mörkum til útrásarinnar og komið heim með fulla vasa fjár. Góss á borð við Hamleys og Magasin du Nord hreinlega blikna í samanburði við silfursjóðinn sem Egill fékk frá Englandskonungi og enginn veit hvar er falinn. Það var nú maður sem kunni að fara með fé. Gróf bara draslið í jörðu og mörgum öldum síðar eru menn enn að leita.

GRÆDDUR er geymdur eyrir segir einhvers staðar og það var speki sem Egill skildi. Meira að segja ég, sem þó er slugsari í fjármálafræðum, skil þennan málshátt mæta vel því þegar ég var lítil átti ég dýrindis sparibauk. Hann var eins og vörubíll í laginu og ég fór reglulega með hann í sparisjóðinn minn (sem nú er búið að kaupa og selja) og lét tæma hann.

ALLIR þessir geymdu aurar kæmu sér vel núna þegar kreppudraugurinn vofir yfir. Nú þarf að seilast í varasjóðina, segja menn og virðast hafa gleymt því að það eru engir varasjóðir til. Íslendingar hafa aldrei kunnað að spara og fæstir liggja á feitum sjóðum eins og Egill. Sparibaukar, eins nytsamlegir og þeir eru, sjást aðeins í barnaherbergjum. Þeir fullorðnu taka bara yfirdrátt sem virðist ætla að koma þeim í koll núna.

Í Egilssögu er sagt frá því að þegar Egill var orðinn gamall maður og blindur hafi hann beðið Grím mág sinn að ríða með sér til þings. Egil langaði að stríða lýðnum aðeins með því að dreifa silfrinu sínu yfir vellina og kasta því yfir mannfjöldann. Síðan ætlaði hann að sitja hjá og skemmta sér við að hlusta á lætin þegar gráðugir bændurnir bitust um auðinn og köstuðu sér á peningana. Ekki varð af þessu en eflaust hefði Egill glott við tönn rúmum 1000 árum síðar hefði hann fylgst með íslensku þjóðfélagi upp úr aldamótunum 2000 þar sem menn hreinlega veltust um vellina og hrifsuðu til sín góðærisbitana.

OG nú þegar allt er farið fjandans til og allir silfursjóðir tæmdir eru fornleifafræðingar komnir á kaf í rústir Egils í Mosfellsdal. Mikið væri nú gott ef þeir fyndu silfrið því ef ég man rétt var um háa upphæð að ræða sem verðbólgan hefur engin áhrif haft á. Slíkur varasjóður kæmi sér aldeilis vel fyrir þjóðarbúið á þessum síðustu og verstu tímum.

HVERNIG ætli gengið á þessu sé annars núna?

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 15. ágúst, 228. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.20	13.32	21.42
Akureyri	4.53	13.17	21.38

Heimild: Almanak Háskólans